

**8**
Benedikt Árnason nýr ráðuneytisstjóri í ANR

**24–25**



Affallsvatn í Elliðaárdal nýtt til tilraunaræktunar

**45**



Hasla sér völl með radísum og grænu góðgæti

# Bændablaðið

15. tölublað 2021 ● Fimmtudagur 12. ágúst ● Blað nr. 592 ● 27. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



Hjónin Birna Berndsen og Páll Benediktsson opnuðu nýlega kaffihús í innigarði kúluhússins Auðkúlu við Hellu en þar er að finna sannkallaðan ævintýraheim. Húsið og jörðina í kring keyptu þau hjónin af Gerði Jónasdóttur fyrir rúmu ári síðan, en óhætt er að segja að lífsstarf Gerðar sé um margt merkilegt. Hún hófst handa, á sjötugsaldri, við að byggja kúluhúsið og planta nokkuð hundruð tegundum af trjám og runnum í kringum húsið sem hún ræktaði meira og minna sjálf upp af fræjum. Mynd / ehg

## Skýrsla um afkomu nautakjötsframleiðenda 2017–2019:

# Verð til neytenda hefur hækkað en lækkað til bænda

**Nýleg skýrsla Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins sýnir að rekstur og afkoma í nautaeldi stóðu ekki undir framleiðslukostnaði á árunum 2017 til 2019.**

Margrét Gísladóttir, tengiliður kúabænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að skýrslan sýni að á árunum 2017 til 2019 hafi staðan hjá nautakjötsframleiðendum verið orðin slæm. „Í framhaldi af því árið 2020 koma svo í tvígang töluverðar lækkanir á afurðaverði til bænda frá afurðastöðum. Helstu skýringarnar á þeim lækkunum samkvæmt upplýsingum frá afurðastöðvunum eru aukinn innflutningur á nautakjöti á lægra verði og mikil birgðastaða á hakki.“

*Vísitala nautakjöts hækkað*

Á sama tíma hafi aðföng, svo sem olía og kjarnfóður, hækkað í verði. „Auk þess sem almennar launahækkanir hafi haft áhrif. Laun hafa hækkað hjá afurðastöðvunum eins og öðrum undanfarin ár og það hafði meðal annars áhrif til lækkunar á verði til bænda. Lægra verð til bænda hefur þó ekki skilað sér til neytenda heldur þvert á móti hefur vísitala nautakjöts hækkað um tæp 4% frá ársbyrjun 2020. Verð á nautakjöti hefur því farið hækkandi til neytenda á sama tíma og bændur eru að fá lægra verð fyrir afurðirnar.“

*Afleiðingar tollasamningsins við ESB*

Margrét minnir á að forsvarsmenn bænda hafi ítrekað bent á alvarleg áhrif tollasamningsins við ESB á íslenska nautakjöts- og landbúnaðarframleiðslu, enda fól samningurinn í sér tæplega sjöföldun á tollkvótum fyrir innflutt nautakjöt. Aukningin var hröð og lokaskrefið var svo tekið um síðustu áramót.



Niðurstaða verkefnisins er í takt við það sem nautgripabændur hafa rætt sín á milli undanfarin misseri. Afurðatekjur af nautaeldi ná ekki einar og sér að standa undir framleiðslukostnaði.

*Aukinn innflutningur*

Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður Landssambands kúabænda, segir í grein í Bændablaðinu í dag að fyrir „10 árum voru 96% alls nautakjöts sem við borðum íslenskt og 4% innflutt en á síðasta ári var það íslenska komið í 80% og innflutta í 20%. Þessi þróun fer augljóslega ekki saman við stefnu um aukið hlutfall innlendrar framleiðslu af neyslu landsmanna.“

Hún segir einnig að vart þurfi að „skýra að með auknum innflutningi erum við ekki að draga úr flutningi með matvæli heimshorna á milli eða kolefnislosun. Til viðbótar ber að nefna að nýlega var sýnt fram á að íslenskt nautakjöt hefur allt að helmingi lægra kolefnisspor en erlent.“

*Íslenskt gæðanaut*

Í framhaldi af skýrslunni hafa Landssamband kúabænda og Bændasamtök Íslands unnið að greiningu hennar og verkefnum sem tengjast því að auka sölu á íslensku nautakjöti. Sambandið hefur frá því um mitt ár lagt þunga áherslu á aukna gagnaöflun og stöðugreiningar á nautakjötsmarkaðnum ásamt beinum átaksverkefnum. Meðal þess er nýja vörumerkið Íslenskt gæðanaut, sem leit dagsins ljós fyrr í sumar og er ætlað að auka sýnileika íslensks uppruna kjötsins.

Verkefnið var unnið veturinn 2020–2021 á grunni gagna frá 20 búum. /VH

*Sjá nánar á blaðsíðum 2 og 39.*

FRÉTTIR



Íslandspóstur ber fyrir sig aukinn kostnað við dreifingu í sveitir landsins og hækkar burðargjöld Bændablaðsins um 90%.

Íslandspóstur breytir verðskrá og skilmálum:

# Kostnaður við dreifingu Bændablaðsins á lögbýli eykst um 90%

**Íslandspóstur hefur einhliða tilkynnt útgefanda Bændablaðsins verð- og skilmálabreytingar sem taka gildi næstu mánaðamót.**

Þær fela í sér hækkun á dreifingarkostnaði Bændablaðsins á lögbýli um tæplega 90%. Útgefandi blaðsins hefur mótmælt breytingunum og fundað með forráðamönnum Íslandspósts. Fyrirtækið þvertekur fyrir að draga áform um hækkanir til baka. Bændur hafa óskað eftir fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sem fer með málefni póstdreifingar í landinu.

*5 milljóna króna hækkun á ári*

Bændablaðið hefur frá stofnun þess verið borið út til allra bænda landsins og hefur Íslandspóstur annast það verk. Um er að ræða svokallaða fjöldreifingu á lögbýli þar sem pósturinn fer ómerktur til bænda. Í sumarbyrjun var útgefanda greint frá því að frá og með 31. ágúst yrði viðskiptaskilmálum breytt og allir afslættir á fjölpósti felldir niður.

Um er að ræða dreifingu á um 5.400 eintökum Bændablaðsins en þjónusta Íslandspósts hefur hingað til kostað um 220 þúsund krónur fyrir hvert tölublað. Eftir verðbreytingar mun áætlaður kostnaður nema 415 þúsund krónum í hvert skipti sem blaðið kemur út. Tímariti Bændablaðsins er dreift með sama hætti og hækkar sömuleiðis dreifingarkostnaður þess umtalsvert. Alls koma út 24 tölublöð af Bændablaðinu á ári. Samtals þýðir skilmála- og verðbreyting Íslandspósts um 5 milljóna króna hækkun á dreifingarkostnaði Bændablaðsins á ársgrundvelli.

*Íslandspóstur situr fast við sinn keip*

Bændasamtökin, sem útgefandi Bændablaðsins, báðu strax um fund með Íslandspósti þar sem farið var yfir málin og óskað eftir því að ákvörðunin yrði endurskoðuð. Fundurinn var haldinn um miðjan júní en í júlíbyrjun barst skriflegt svar frá forstöðumanni söludeildar Íslandspósts þar sem sagði að ákvörðun um nýja verðskrá yrði ekki breytt og hún tæki gildi 1. september. Í rökstuðningi Íslandspósts fyrir hækkuninni segir að hún sé til komin vegna „aukins kostnaðar og fækkunar dreifingardaga".

*Óskað eftir fundi með ráðherra*

Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir að samtökin hafi í júlí óskað eftir fundi með Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sem fer með málefni póstdreifingar í landinu. Sá fundur stóð yfir þegar blaðið fór í prentun.

„Við viljum fá frekari skýringar á þessari gríðarlegu hækkun og vonumst til þess að málið leysist farsællega svo lesendur verði ekki fyrir skertri þjónustu hjá þessu mest lesna blaði í landsbyggðinni," segir Vigdís Häsler. /TB

Covid:

# Bændafundum frestað

Fyrirhuguðum bændafundum stjórnar og starfsmanna Bændasamtaka Íslands sem auglýstir voru dagana 23.–27. ágúst næstkomandi hefur verið frestað um óákveðinn tíma vegna Covid-ástandsins í þjóðfélaginu.

Nýjar dagsetningar verða auglýstar síðar. /ehg




Bændahöllin:

# Viðræður halda áfram

**Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að viðræður um sölu Bændahallarinnar séu enn í gangi.**

„Eftir að einkaviðræðum við aðila sem tengjast Hótel Óðinsvé hættu hafa fleiri aðilar bæst við og þar á meðal eru viðræður við Háskóla Íslands hafnar að nýju."

Að sögn Gunnars eru tveir nýir aðilar komnir að borðinu auk Háskólans og þeirra sem tengjast rekstri Hótel Óðinsvé.

„Háskólinn lét verkfræðistofu gera úttekt á ástandi hússins í síðustu viku, það er von á skýrslunni fljótlega og ég geri ráð fyrir að viðræður við Háskólann haldi áfram eftir það."


Bændahöllin. / Mynd HKr.

*Vel staðsett eign*

Gunnar segir að það sem standi út af í viðræðunum sé mat á eigninni sem slíkrar. „Bændahöllin er mjög vel staðsett eign og verðmæt sem slík þrátt fyrir að það verði að fara í ýmsar endurbætur á húsinu.

Skuldastaða Bændahallarinnar er óbreytt frá því að reksturinn fór í greiðsluskjól og Arion banki er vel upplýstur um gang viðræðnanna og þau samtöl sem eiga sér stað við fjárfestanna sem hafa áhuga á að kaupa húsið.

Hluti af skuldum Bændahallarinnar eru skuldir við Reykjavíkurborg vegna opinberra gjalda en líkt og með bankann reynum við að halda borginni upplýstri um stöðu máli hverju sinni."

*Covid og endurbætur*

Áður en Covid-19 faraldurinn skall á hafði verið farið í ýmsar kostnaðarsamar endurbætur á Hótel Sögu sem leiddu til mikils rekstrarvanda. Hótel Saga er undir ákvæði laga um fjárhagslega endurskipulagningu og hótelrekstri var lokað um óákveðinn tíma frá og með 1. nóvember 2020.

Fram að því höfðu verið 236 herbergi í rekstri auk annarrar starfsemi í þessu 20 þúsund fermetra húsi, þar á meðal skrifstofur Bændasamtaka Íslands. /VH

Skýrsla um afkomu nautakjötsframleiðenda 2017–2019:

# Afurðatekjur standa ekki undir framleiðslukostnaði

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur sent frá sér skýrsla um rekstur og afkomu í nautaeldi fyrir árin 2017–2019.**

Verkefnið var unnið veturinn 2020–2021 á grunni gagna frá 20 búum. Samkvæmt skýrslunni ná afurðatekjur af nautaeldi ekki að standa undir framleiðslukostnaði.

Sumarið 2020 vaknaði sú hugmynd að rýna í afkomu nautakjötsframleiðenda enda hafði þá afurðaverð til þeirra lækkað og biðlistar í slátrun voru farnir að myndast. Þá var í gangi verkefni sem tengdist rekstri á kúabúum auk verkefnis tengt afkomuvöktun á sauðfjárbúum og því eðlilegt og nauðsynlegt að skoða einnig stöðu nautakjötsframleiðenda.

*Aðföng hafa hækkað*

Margrét Gísladóttir, tengiliður kúabænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að skýrslan sýni að á árunum 2017 til 2019 hafi staðan hjá nautakjötsframleiðendum verið orðin slæm. „Í framhaldi af því árið 2020 koma svo í tvígang töluverðar lækkanir á afurðaverði til bænda frá afurðastöðvum. Helstu skýringarnar á þeim lækkunum samkvæmt upplýsingum frá afurðastöðvunum eru aukinn innflutningur á nautakjöti á lægra verði og mikil birgðastaða á hakki." Margrét segir að á sama tíma hafi aðföng, svo sem olía og kjarnfóður, hækkað í verði. „Auk þess sem almennar launahækkanir hafi haft áhrif. Laun hafa hækkað hjá afurðastöðvunum eins og öðrum undanfarin ár og það hafði m.a. áhrif til lækkunar á verði til bænda. Lægra verð til bænda hefur þó ekki skilað sér til neytenda heldur þvert á móti hefur vísitala nautakjöts hækkað um tæp 4% frá ársbyrjun 2020. Verð á nautakjöti hefur því farið hækkandi til neytenda á sama tíma og bændur eru að fá lægra verð fyrir afurðirnar."

Í framhaldi af skýrslunni hafa


Margrét Gísladóttir, tengiliður kúabænda hjá BÍ.

Landssamband kúabænda og Bændasamtök Íslands unnið að greiningu hennar og verkefnum sem tengjast því að auka sölu á íslensku nautakjöti. Sambandið hefur frá því um mitt ár lagt þunga áherslu á aukna gagnaöflun og stöðugreiningar á nautakjötsmarkaðnum ásamt beinum átaksverkefnum. Meðal þess er nýja vörumerkið Íslenskt gæðanaut, sem leit dagsins ljós fyrr í sumar og er ætlað að auka sýnileika íslensks uppruna kjötsins.

Margrét segir að sláturálag fyrir gripi sem slátrað var árið 2020 og náðu ákveðnum gæðum hafi verið hækkað um 30% til að viðhalda framleiðsluhvata bænda til að ala úrvalsgripi þrátt fyrir niðursveiflu afurðaverðs. Auk þess komu 243 milljónir til nautgripabænda frá ríkinu til að mæta áhrifum Covid á íslenskan landbúnað á árinu 2020.

„Forsvarsmenn bænda hafa einnig ítrekað bent á alvarleg áhrif tollasamningsins við ESB á íslenska nautakjöts- og landbúnaðarframleiðslu, enda fól samningurinn í sér tæplega sjöföldun á tollkvótum fyrir innflutt nautakjöt. Aukningin var hröð og lokaskrefið var svo tekið um síðustu áramót. Þar að auki hefur útganga Bretlands úr ESB haft þau áhrif að tollkvótar þaðan koma sem hrein viðbót ofan á nú þegar mjög mikla kvóta. Að mati deildar kúabænda er auk þess mikilvægt að sláturleyfishafar fái það svigrúm sem þarf til að hagræða betur innan sinna raða, enda erum við í beinni samkeppni við margfalt stærri einingar erlendis þar sem slátur- og vinnslukostnaður er mun lægri en hérlendis."

*Gögn frá 20 búum*

Verkefnið var unnið veturinn 2020 til 2021 á grunni gagna frá 20 búum. Ellefu búanna voru á Norðurlandi og níu á Suður- og Vesturlandi og breytileg að samsetningu. Sum í mjólkurframleiðslu, sauðfjárrækt, ferðaþjónustu eða vélaverktöku samhliða nautaeldi. Ellefu búanna selja afurðir sínar að einhverju eða miklu leyti beint til neytenda, önnur leggja allt sitt inn í afurðastöð.

Greiningarvinnan var unnin út frá skýrsluhaldsupplýsingum og bókhaldi þátttökubúa. Lagt var upp með að þátttökubúin gætu borið saman rekstrarafkomu sína við önnur bú sem tóku þátt í verkefninu með eins skýrum hætti og gagnasafnið bauð upp á.

*Afurðaverðslækkanir og aðfangahækkanir*

Niðurstaða verkefnisins er í takt við það sem nautgripabændur hafa rætt sín á milli undanfarin misseri. Afurðatekjur af nautaeldi ná ekki einar og sér að standa undir framleiðslukostnaði. Afurðaverðslækkanir og aðfangahækkanir hafa komið mjög illa við búgreinina á sama tíma og bændur eru að ná auknum árangri í framleiðslu gæðagripa.

Jafnframt sýnir verkefnið að það er mjög mikilvægt að halda úti raunvöktun á afkomu nautgripabænda og stefnan er að vinna að því áfram og fá fleiri bændur að borðinu til að renna styrkari stoðum undir það. /VH



ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR
MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI
Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.
Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

FRÉTTIR

## 6. ágúst 2021:

# Markaðssjóður sauðfjárafurða, fyrri úthlutun 2021

**Markaðssjóður sauðfjárafurða sem er vistaður hjá Markaðsráði kindakjöts hefur nú ákvarðað um umsóknir vegna fyrri úthlutunar ársins.**

11 umsóknir frá 10 umsækjendum bárust að þessu sinni, sem er mun meiri eftirspurn en í í úthlutunum nýliðinna ára. Í þessum hópi var fjöldi áhugaverðra umsókna og stjórn sjóðsins þurfti að taka erfiðar ákvarðanir um val á umsóknum sem hlutu styrki að þessu sinni.

Heildarupphæð umsókna voru rúmar 15 milljónir kr. en sjóðurinn úthlutar 7.440.00 kr. að þessu sinni. Útgreiðsla styrkja er ávallt háð fullum skilum á þeim verkefnum sem sótt er til. Seinni úthlutun ársins verður auglýst á haustdögum, en frestur til skila er til 1. október nk.




Eftirtaldir umsækjendur hljóta styrk í fyrri úthlutun ársins 2021:



- Bone & Marrow. Þróun á ristuðu lambabeinaseyði og lambabeinaseyðisúpu.
- Brúnastaðir í Fljótum. Sauðamjólk, vöruþróun og markaðssetning afurða.
- Guðfinna Lára Hávarðardóttir, Eldsnöggt, þróun fljóteldaðra kindakjötsrétta.
- Sigurður Þór Guðmundsson í Holti, Grásteinn góðgæti, þróun hamborgara úr ærkjöti.
- Breiðdalsbiti ehf. Bíll smáframleiðenda á Austurlandi.
- Vörusmiðjan BioPol. Smáframleiðendur á ferðinni.



Innvigtun mjólkur fyrstu sex mánuði þessa árs var 77,9 milljónir lítrar.

## SAM:

# Hálfs árs innvigtun komin í 77,9 milljónir

**Samkvæmt nýju yfirliti Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), sem nær yfir tímabilið frá byrjun júlí í fyrra til lok júní í ár, var innvigtun mjólkur fyrstu sex mánuði þessa árs 77,9 milljónir lítra en á sama tíma í fyrra nam innvigtunin 80,3 milljónum lítra.**

Munurinn nemur alls 2,4 milljónum lítra sem er 3% minna í ár en í fyrra.

Í yfirlitinu kemur einnig fram að sala á bæði fitu- og próteingrunni er farin að taka við sér en sala á fitugrunni hefur aukist um 1,3% frá fyrra ári þegar litið er til síðustu 3 mánaða og 8,2% ef litið er til júnímánaðar. Sala á próteingrunni hefur aukist um 2% á síðustu 3 mánuðum og 8,12% í júnímánuði. Alls nam fitusalan 143 milljónum lítra sem er samdráttur á 12 mánaða tímabili um 1%. Sala á próteingrunni nam 122,2 milljónum lítra sem er samdráttur um 2,5% á 12 mánaða tímabili.

Í júní sl. var innvigtunin heldur meiri en í sama mánuði í fyrra. Alls nam innvigtunin 13,4 milljónum lítra en í fyrra var hún 14,0 milljónir lítra í sama mánuði og munar þar um 4,6%. Enn sem komið er er marsmánuður eini mánuður ársins þar sem innvigtun hefur verið meiri en árið áður. Innvigtun síðustu 12 mánuði er nú í 148,8 milljónum lítra, sem er samdráttur um 3,7%. /ehg






Mynd / smh

## Breytingar á reglugerðum um velferð nautgripa:

# Allir nautgripir komist á beit á grónu landi í tiltekinn tíma

**Unnið er að breytingum á reglugerð um velferð nautgripa. Niðurstöður eru í vinnslu úr samráðsgátt vegna fyrstu breytinga sem fyrirhugað er að gera. Breytingarnar gera annars vegar ráð fyrir bættri aðstöðu fyrir nautgripi og hins vegar skýrara orðalagi ákvæða reglugerðarinnar.**

Það var Matvælastofnun sem óskaði eftir breytingunum á reglugerðinni og tillögurnar byggðar á reynslu af framkvæmd eftirlits Matvælastofnunar og bænda sem starfa á grundvelli reglugerðarinnar.

### *Skylt að hafa burðarstíur í lausagöngufjósum*

Með breytingunum verður felld brott sú skylda að í fjósum sem byggð eru fyrir gildistöku reglugerðarinnar árið 2014 skuli vera burðarstía. Matvælastofnun metur það sem svo að ekki sé þörf á að í slíkum fjósum sem ekki séu lausagöngufjós sé burðarstía þar sem kýrnar beri á básunum, sé þess gætt að nægilegt rými sé fyrir þær. Hins vegar leggur stofnunin til að skylt verði að hafa burðarstíur í lausagöngufjósum.

„Það er lagt til í því skyni að skýra nánar hvaða fjós eru undanskilin frá þeirri skyldu að hafa burðarstíu. Í fyrri reglugerð frá árinu 2002 var krafa um burðarstíu í lausagöngufjósum. Matvælastofnun mat það svo að ekki væri ásættanlegt að lausagöngufjós byggð fyrir gildistöku þeirrar reglugerðar hafi ekki burðarstíu. Því er lagt til að öll lausagöngufjós sem byggð eru fyrir gildistöku reglugerðarinnar hafi frest til ársloka 2034 til að uppfylla skilyrði um legubása. Þetta er hugsað sem aðlögunartími fyrir eldri lausagöngufjós,“ segir í greinargerð með málinu í samráðsgátt.

### *Allir nautgripir ábeit á grónu landi*

Þá er lagt til að allir nautgripir skuli komast á beit á grónu landi í átta vikur að lágmarki á tímabilinu 15. maí til 15. október ár hvert. Undanskildir eru kálfar fæddir á viðkomandi ári svo og graðnaut. Aðgangur að útigerði uppfyllir ekki kröfur um útivist á grónu landi. Í umsögnum Bændasamtaka Íslands (BÍ) og Landssambandi kúabænda (LK) um þetta atriði kemur fram að þau telja slíkt fyrirkomulag almennt jákvætt en lýsa áhyggjum af aldri kálfa þegar þeir eru settir í hagabeit þar sem fyrstu tólf mánuðir kálfanna séu þeir viðkvæmustu.

Loks er í breytingum gert ráð fyrir útiskjóli fyrir gripi sem hafi að minnsta kosti þrjá veggi og þak. Telja BÍ og LK að kröfur um slík mannvirki gætu orðið of kostnaðarsamar fyrir bændur.

Leggja BÍ til að horft verði til reglugerðar um velferð hrossa um slík atriði þar sem tekið sé tillit til þess að fullnægjandi náttúrulegt skjól geti verið til reiðu og „þar sem það er ekki fyrir hendi skuli bjóða upp á aðgang að manngerðum skjólveggjum, sem veita skjól frá veðri úr helstu áttum. Líta þarf til rannsókna þegar lágmarkskröfur eru skilgreindar í reglugerðum en horfa þarf til fóðrunar, kyns og aðstæðna frekar en tegundar skjóls eingöngu,“ segir í umsögn BÍ.

Bændasamtökin gera athugasemd við að ekki hafi verið haft samráð við samtök bænda við gerð tillagna að breytingunum sem liggja fyrir. /smh

# SV hækkar afurðaverð um 5,9 prósent

**Sláturfélag Vopnfirðinga (SV) hefur gefið út verðskrá yfir afurðaverð fyrir komandi sauðfjárslátrun en þetta er þriðja verðskráin sem gefin hefur verið út í hópi sláturleyfishafa fyrir komandi sláturtíð. Samkvæmt gögnum frá Unnsteini Snorra Snorrasyni, sem tekur saman upplýsingar frá sláturleyfishöfum fyrir Bændasamtök Íslands, er hækkunin 5,9 prósent á reiknuðu afurðaverði dilka SV frá síðustu sláturtíð, að meðaltali í vikum númer 34 til 45.**

Í sameiginlegri verðskrá frá Norðlenska og SAH afurðum er hækkunin 5,7 prósent að meðaltali fyrir dilka miðað við reiknað afurðaverð Norðlenska í síðustu sláturtíð, en 5,3 prósent miðað við SAH afurðir.

Hjá Sláturfélagi Suðurlands er hækkunin 3,6 prósent. /smh

**Reiknað afurðaverð í krónum fyrir hvert kíló**

| | Dilkar | | | | Fullorðið | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sláturleyfishafi | 2019 | 2020 | Breyting milli ára | 2021 | 2019 | 2020 | Breyting milli ára | 2021 |
| Fjallalamb | 456 | 483 | | 483 | 121 | 111 | | 111 |
| Kaupfélag Skagfirðinga | 480 | 508 | | 508 | 138 | 138 | | 138 |
| Norðlenska | 461 | 501 | +5,7% | 530 | 111 | 111 | +3,9% | 115 |
| SAH afurðir | 462 | 503 | +5,3% | 530 | 114 | 114 | +1,1% | 115 |
| Sláturfélag Suðurlands | 465 | 505 | +3,6% | 523 | 123 | 121 | +4,2% | 126 |
| Sláturfélag Vopnfirðinga | 467 | 507 | +5,9% | 537 | 117 | 117 | +1,1% | 118 |
| Sláturhús KVH | 480 | 508 | | 508 | 138 | 138 | | 138 |
| **Landsmeðaltal** | **469** | **504** | **+2,5%** | **516** | **125** | **124** | **+0,5%** | **124** |

*Heimild: Bændasamtök Íslands*

*Útreikningar birtir með fyrirvara um villur. Komi í ljós innsláttarvillur, misfellur eða önnur augljós mistök áskilja Bændasamtök Íslands sér rétt til að leiðrétta og uppfæra útreikninga til samræmis við þær leiðréttingar hverju sinni.*

# LOKSINS · LOKSINS · LOKSINS

## Vorsendingin okkar er loksins komin í hús

Nú eigum við öll garðhúsin okkar og minni gestahúsin til á lager - Takmarkað magn

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR - EKKI MISSA AF ÞESSU

www.volundarhus.is



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

VH/21-02

50% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GESTAHÚS og GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

völundarhús.is

*Vel valið fyrir húsið þitt*

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslulán · VISA Lán



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is



# HEYSÝNATAKA, EFNAMÆLINGAR OG FÓÐURRÁÐGJÖF

## Í BOÐI BÚSTÓLPA

Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á fría þjónustu við heysýnatöku, efnamælingar á sýnum og fóðurráðgjöf. Fóðursérfræðingur Bústólpa mun annast verkefnið.

Pantanir berist fyrir 31. ágúst á netfangið **asdis@bustolpi.is**

Bústólpi

VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

Bústólpi ehf - fóður og áburður • Oddeyrartanga • 600 Akureyri
bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Erla Hjördís Gunnarsdóttir (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 − **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** − **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Ágústa Kristín Bjarnadóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

# Líður að kosningum



**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is

**Nú þegar líður að seinni hluta sumars eru bændur víðast hvar langt komnir með sumarverkin. Enn eru fjölmörg verk óunnin, einn sláttur til, kornuppskera, kartöflur, ásamt því sem líður að göngum og réttum.**

Nú fer einnig að draga til tíðinda í stjórnmálunum og langflest framboðin stefna á snarpa kosningabaráttu en kosningar eru þann 25. september næstkomandi. Næstu vikurnar munum við því sjá hvaða stefnu stjórnmálaflokkarnir bera á borð fyrir landsmenn. Fyrir landbúnaðinn mun næsta kjörtímabil skipta miklu.

### *Fyrirsjáanleiki við gerð samninga*

Núgildandi búvörusamningar verða endurskoðaðir á árinu 2023 og væntanlega verður samningagerð fyrir nýja búvörusamninga sem taka við af þeim sem nú gilda frá 1. janúar 2027. Þingmenn sem kosnir verða á þing í haust verða þeir sem munu leggja línurnar í þeirri samningagerð. Engum blöðum er um það að fletta að þeir samningar verða mikilvægir. Á þeim sex árum sem liðin eru frá því að núgildandi samningar voru undirritaðir og staðfestir á Alþingi hefur margt breyst en sumt lítið. Umræða um loftslagsmál og landbúnað hefur farið vaxandi. Bændur hafa sett sér metnaðarfulla umhverfisstefnu sem meðal annars miðar að því að ná kolefnishlutleysi fyrir greinina. Afkoma í sauðfjárrækt hrundi árin 2016-2017 og þó hún hafi batnað síðan þá er hún enn þá óásættanleg.

Viðskiptasamningur við Evrópusambandið hefur gjörbreytt viðskiptakjörum íslensks landbúnaðar, með þeim afleiðingum að afurðaverð á nauta- og svínakjöti hefur lækkað til bænda. Á sama tíma fer lítið fyrir verðlækkunum til neytenda. Frjáls verslun undir þessum formerkjum virðist þýða það að íslenskir bændur eigi að bera minna úr býtum fyrir sig og fjölskyldur sínar. Þennan samning verður að endurskoða með þeim hætti að innlendir hagsmunir sé ekki fórnað fyrir skammtímaávinning fárra.

### *Fæðuöryggi er þjóðaröryggismál*

Heimsfaraldur kórónaveiru hefur sett umræðu um fæðuöryggi í algjörlega nýjan búning. Þó að matvælakeðjan hafi haldið komu í hana brestir víða um lönd og hér á landi hrikti í stoðunum. Þjóðir heims keppast um að greina hvernig hægt sé að auka fæðuöryggi sitt – enda er það einfaldlega þjóðaröryggismál.

Það er eitt og hálft ár síðan fólk hamstraði matvæli við upphaf kórónaveirufaraldursins á Íslandi. Í skýrslu Landbúnaðarháskólans kom fram að fæðuöryggi er minnst í kornvöru á Íslandi. Þó er það ljóst að hægt er að framleiða talsverðan hluta af því fóðurkorni sem þörf er á í landinu hérlendis. En til þess þarf fjármagnaða aðgerðaráætlun til þess að efla innlenda kornrækt. Sama gildir um grænmetisframleiðslu, þar hafa fyrstu skref þegar verið stigin með nýjum samningi um garðyrkju. En eitt af markmiðum þess samnings er að auka framleiðslu á grænmeti um fjórðung á næstu árum. Betur má ef duga skal.

### *Bændur treysta á innviði*

Til þess að sveitir landsins geti dafnað á næstu árum og áratugum þarf að treysta flutningskerfi raforku, samgöngur og fjarskipti. Efla þarf nýsköpun þannig að sveitirnar geti skapað verðmæti úr þeim miklu auðlindum sem þar eru. Bæði í formi lands en ekki síst í þeirri staðbundnu þekkingu og kunnáttu sem í fólkinu býr. En fólkið í dreifbýlinu er stærsta auðlindin. Því þarf að tryggja nýliðun í landbúnaði – sem verður best tryggð með því að afkoma í landbúnaði sé góð.

Fjórða iðnbyltingin er löngu hafin í landbúnaði. Umræða um sjálfkeyrandi bíla skýtur upp kollinum annað slagið. En GPS stýring á dráttarvélar hefur verið við lýði í tuttugu ár í landbúnaði og verður sífellt betri. Síritar geta skráð uppskeru af túnum niður á fermetra og þær upplýsingar nýttar til þess að haga áburðargjöf með sem hagkvæmustum hætti. Til þess að íslenskir bændur geti innleitt þessa tækni og dregið úr kostnaði við framleiðslu þarf Landbúnaðarháskólinn og aðrar menntastofnanir að efla möguleika til endurmenntunar.

### *Þarf allt að koma beint frá Brussel?*

Á sama tíma og þrengt er að íslenskum landbúnaði með því að opna á tollfrjálsan innflutning aukast kröfur frá löggjafanum sífellt. Þessar kröfur koma á færibandi, hvort sem um er að ræða íslensk hugverk eða innflutt í gegnum EES-samninginn. Þessar kröfur eiga það flestar sameiginlegt að auka framleiðslukostnað. Lítil ástæða er að ætla til þess að það færiband tæmist í bráð. En sé vilji til þess að landbúnaðurinn sem heild verði kolefnishlutlaus verður eitthvað að láta undan, því það verkefni mun kosta fjármuni. Peningum verður ekki varið bæði í það að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og byggja dýrari hús.

Munu framboðendur standa með landbúnaði? Þrátt fyrir þær mörgu áskoranir sem landbúnaðurinn hefur tekist á við síðustu ár er hljóðið í bændum gott. Það er bjartsýni í búskapnum eftir ágætt sumar víðast hvar. Vorhreingerning í félagsmálum hefur skilað sterkari samtökum með auknum möguleikum á sérhæfingu og þannig öflugri hagsmunagæslu. Búvörumerkið sem verið er að vinna að mun gera neytendum það einfalt að velja íslenska búvöru. Nóg er um blekkjandi merkingar sem eru til þess að nota traust neytenda á íslenskum bændum til þess að geta selt innflutta vöru á hærra verði.

Næstu vikur þurfa bændur að rukka stjórnmálamenn sem ætla að veiða atkvæði í sveitunum um afstöðu til þeirra mála sem ég hef rakið hér og fleiri. Ætla þeir að standa með innlendum landbúnaði með gjörðum? Nóg er komið af fögrum orðum þegar það hentar.

# Fögnum fjölbreytileikanum

Það er virkilega upplífgandi og hvetjandi að verða vitni að þeim fjölbreytileika sem einkennir sveitir landsins. Óháett er að segja að sveitin blómstri, í orðsins fyllstu merkingu, sé litið til kúabænda og blómafjóssins að Flugumýrarhvammi í Skagafirði. Á hverjum bæ eru athafnamiklir bændur sem margir hverjir láta sér ekki nægja að sinna bústörfunum einum saman heldur dunda sér við ýmislegt annað þegar næði gefst til. Sköpunarkrafturinn dafnar í sveitinni og á sér engin takmörk, hvort sem bændur eru að skapa og framleiða fyrir heimilisfólkið eða til að fara út og sigra hinn stóra heim með hugvit sitt og framleiðslu.

Einnig er áhugavert að sjá alla þá hliðarorku sem sprettur út frá hefðbundnum búskap, þegar bændur fara nýjar leiðir og skapa aukið virði fyrir bú sín, hvort sem er við framleiðslu á nýjum vörum, í ferðaþjónustu eða með uppákomum og ferðum sem boðið er upp á. Þá er mikilvægt að almenningur og ferðamenn gefi sér tíma til að staldra við og njóta þess fjölbreytileika sem er á boðstólum. Það eru þó ekki eingöngu bændur á landsbyggðinni sem leggja sig alla fram við að virkja kraftinn sem svo víða er að finna, heldur einnig íbúar sem taka sér margt misjafnt fyrir hendur. Jafnvel flytjast borgarbörnin út á land og byrja með nýja og áhugaverða hluti sem allir sveitungar og ferðalangar njóta góðs af. Það er gott að finna afdrep, geta tyllt sér niður, staldrað við og spjallað við heimamenn. Unna sér í núinu.

Síðan fögnum við allri nýliðun í landbúnaði og þeim fjölbreytileika sem yngri kynslóðir koma inn með. Við sjáum einmitt dæmi þess hér í blaðinu. Ungt fólk úr höfuðborginni sem hefur hafið útiræktun í Hrunamannahreppi og sett nýja vöru á markað í sérhönnuðum umbúðum, íslenskar og eldrauðar nýuppteknar radísur. Því er jafnframt ánægjulegt að sjá að opnað hefur verið fyrir umsóknir um nýliðunarstuðning í greininni en markmið þess er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti. Það er von mín að sem flestir áhugasamir sæki um og að með nýju fólki komi jafnvel nýjar áherslur á bújörðum landsins. Fleiri styrkir og stuðningur sem komið hefur verið á undanfarin ár ætti jafnframt að geta orðið fleirum hvatning til að hugsa út fyrir rammann og prófa nýjungar. Alltaf er þörf fyrir gott fólk í hverja stétt.

Margbreytileikinn er nefnilega nauðsynlegur til að halda við lífi og störfum í byggðum landsins. Það auðgar hverja sveit að geta boðið upp á úrval af svæðisbundnu íslensku hráefni og menningu á hverjum stað. Þá er mikilvægt að öll tannhjólin í ferlinu virki saman og að nægileg hvatning og stuðningur sé fyrir hendi til að ýta undir frumleikann og framkvæmdagleði þess sem í hlut á. Það er ávinningur fyrir allt samfélagið að hafa lifandi byggðir þar sem hver og einn fær notið sín og að við hin fáum að hafa not af þeirri marghæfni sem fulltrúar landsbyggðarinnar hafa yfir að bjóða.

*/ehg*

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Það var dulúðlegt um að litast undir Eyjafjöllunum á dögunum þegar blaðamaður Bændablaðsins átti þar leið um og ekki laust við að spóinn á staurnum hefði vökul augu með heyfeng bænda sem virðist hafa verið með góðu móti á Suðurlandinu þetta sumarið. Eitt af einkennum spóans er að hann er fremur ófélagslyndur fugl og hann tyllir sér oft á háan stað eins og hér sést og vellir, en söngur spóans, vellið, er eitt af einkennishljóðum íslenska sumarsins.**
Mynd / ehg

LÍF&STARF



„Blómastúlkan“ á Flugumýrarhvammi, Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir, sem á heiðurinn af ræktun blómanna og skreytingunum með þeim á fjósinu. Rögnvaldur afþakkaði að vera með á myndinni því hann segir að heiðurinn sé Sigrúnar, ekki sinn. Þau tóku við búinu af foreldrum Rögnvaldar 1987. Myndir / Aðsendar

## Flugumýrarhvammur í Akrahreppi í Skagafirði:

# Blómafjósið vekur mikla athygli og fær verðskuldað hrós

**„Árið 2010 fékk ég gróðurhús og það varð heilmikil bylting fyrir mig.**

Strax upp úr því fór ég að setja sumarblóm á fjósveggina og í ker við fjósið. Þetta hefur aukist töluvert með árunum en hefur verið svipað síðustu fimm til sex árin. Þannig að sumarið í sumar er svipað og verið hefur.

Ég nota mest hengi-Tóbakshorn (Petuniu) á veggina en blanda ýmsum tegundum saman í kerin. Móðir mín var mjög mikil blóma- og ræktunarkona og við dætur hennar virðumst allar hafa það frá henni. Að rækta sumarblómin veitir mér mjög mikla gleði og ánægju þó vissulega sé þetta talsverð vinna.

Ég er líka með mikið af blómum við íbúðarhúsið og í garðinum,“ segir Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir, kúabóndi í Flugumýrarhvammi, aðspurð um öll fallegu blómin við fjósið þeirra Rögnvalds Ólafssonar og dætra þeirra, Þórunnar og Jórunnar.



Sigrún Hrönn ræktar öll sín blóm sjálf í gróðurhúsinu.

### *Kúabú í bland við blómin*

Á bænum er kúabú með 32 mjólkandi kýr, kringum 50 fjár, smávegis af hrossum, nokkrar hænur, hundur og köttur, auk myndarlegrar skógræktar.

„Það er að okkar mati gífurlega mikilvægt að ganga vel um og hafa snyrtilegt á bújörðum. Við megum ekki gleyma því að við erum að framleiða matvæli og ásýndin verður bara að vera í lagi.

Við höfum alla tíð lagt áherslu á að ganga vel um og reynt að venja börnin okkar á það líka. Auðvitað hvet ég aðra bændur að hafa snyrtilegt í kringum sig en auðvitað geri ég mér grein fyrir því að það eru ekki allir fyrir blómarækt.

En nokkur blóm í potti við innganginn á útihúsum gera mjög mikið. Og að ganga vel um ættu allir að geta gert. Ráðið frá mér er að það sé gott að venja sig á að ganga alltaf vel um, þá verður þetta ekki eins mikið mál, og ganga vel frá tækjum og vélum,“ segir Sigrún Hrönn enn fremur.

/MHH





Fallegt og snyrtilegt er um að litast hjá fjölskyldunni í Flugumýrarhvammi þar sem Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir, ásamt manni sínum, Rögnvaldi Ólafssyni, og dætrum hafa vakið athygli fyrir blómum skrýtt býli. Þau leggja mikið upp úr því að gengið sé vel um enda ásýnd mikilvæg, ekki síst vegna matvælaframleiðslunnar.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 279

Sigrúnu **Haraldsdóttur** fengu lesendur að teyga í síðasta vísnaþætti. Góð viðbrögð hef ég fengið við því uppátæki sem von var. Viðvarandi kynjahalli hefur verið meðal hagyrðinga þessara þátta, þrátt fyrir ríkan vilja þáttagerðarmanns. Gefst því gómsætt tækifæri til að hífa upp hallann og tileinka þennan þátt allan Sigrúnu Haraldsdóttur. Hestavísur hennar voru í fyrirrúmi síðast – nú eru tækifærisvísur, ortar af tilfallandi tækifærum. Fyrsta vísan ort eftir næði nætur:

*Sjálf ég væri súperkona,*
*sífraði aldrei neitt,*
*ef ég væri ekki svona*
*ægilega þreytt.*

Andvökuvísa og skammdegis:

*Tíminn áfram taktvís gekk*
*á tánum mjúku ofurhljótt.*
*Sáralítið Sigrún fékk*
*sofið þessa vetrarnótt.*

*Dofnar fljótt og daprast kvöld,*
*dimmir skjótt um geiminn,*
*þögul nóttin, þung og köld*
*þokast rótt um heiminn.*

Eins konar fortíðarblús:

*Svo veit sérhver raftur*
*er sullast hér um grundir,*
*að ekki koma aftur*
*áður liðnar stundir.*

Líkt og heilbrigðisstarfsfólk í dag, segist **Sigrún** ekki ofalin í launum:

*Skattmann tekur frá mér flest,*
*flysjar rýran auðinn,*
*síðan annar sækir rest,*
*sá er nefndur dauðinn.*

*Beygð í hnjánum, blönk og smáð,*
*bæn mína út í tómið hrín:*
*Viltu kæra Kjararáð*
*koma og semja um launin mín.*

*Þótt víða um vegi skeiðir*
*vita þetta mátt,*
*að lífsins mörgu leiðir*
*liggja í sömu átt.*

**Sigrún** nefnir næstu vísu „friðleysi“. Sýnist einnig geta verið kulnun:

*Friðlaus er og fátt um hlé,*
*fram af hugsun dregin;*
*getur skeð að grasið sé*
*grænna hinum megin?*

Í mörgum vísum sínum mæðist **Sigrún** yfir veðurfarinu, og má sýna því skilning með hliðsjón af búsetu:

*Nötra af kulda nauðug má,*
*nefið fullt af hor,*
*lakar eru líkur á*
*ég lifi fram á vor.*

*Óðar fyllir öll mín spor*
*illur, kaldur snjár,*
*kalla ég því; kæra vor,*
*komdu snemma í ár.*

*Tröðin heim er tæpast fær,*
*týndur sérhver runni,*
*fjárans snjórinn nú mér nær*
*nánast upp að munni.*

*Skyggja vindaskýin grá,*
*skjálfa blöðin rósa.*
*Núna væri sælt að sjá*
*sólarglitið ljósa.*

*Lífið býður kalsakjör,*
*kúri ég undir veri,*
*hryðjur mynda slydduslör*
*á sleipu rúðugleri.*

*Vísast að mér verð að gá,*
*vona og halda í trúna,*
*það er svartaþoka á*
*Þrengslavegi núna.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR



Prótein ostanaslið sem bar sigur úr býtum. Myndir / Responsible Foods

# Prótein ostanasl besta próteinvaran

## – Alþjóðleg nýsköpunarkeppni mjólkurvara

**Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Responsible Foods, sem framleiðir osta og skyrnasl undir vörumerkinu Næra, sigraði nýverið í einum keppnisflokki í alþjóðlegri nýsköpunarkeppni mjólkurvara sem heitir World Dairy Innovation Awards og keppti til úrslita í tveimur öðrum flokkum.**

Fyrirtækið keppti við fjölda alþjóðlegra fyrirtækja sem framleiða afurðir úr mjólkurvörum. Að sögn dr. Holly T. Kristinsson, framkvæmdastjóra og stofnanda Responsible Food, eru verðlaunin mikil viðurkenning fyrir íslenskar mjólkurafurðir og fyrirtækið.

*Næra prótein ostanasl sigraði*

Fyrirtækið fékk fyrstu verðlaun fyrir bestu próteinvöruna úr mjólkurafurðum (e. Best Dairy Protein Product). Varan sem sigraði heitir Næra prótein ostanasl og inniheldur yfir 70 prósent prótein. Hún er bæði fitulítil og kolvetnasnauð og með stökka áferð sem minnir á kartöfluflögur. Að sögn Holly hefur varan fengið frábærar viðtökur neytenda bæði hérlendis og erlendis og er alveg sérstök.

Fyrirtækið lenti í öðru sæti í flokki bestu naslvara úr mjólkurafurðum fyrir skyrnaslið sem það framleiðir. Holly segir að Næra skyrnaslið sé fyrsta naslið sem hefur verið þróað úr skyri sem opnar á nýja markaði og neytendur fyrir íslenskt skyr. Naslið er framleitt úr fersku íslensku skyri, er próteinríkt og með afar langt geymsluþol og er fáanlegt í mismunandi bragðtegundum. Þá lenti fyrirtækið einnig í úrslitum í flokki bestu nýju fyrirtækja og vörumerkja.


Skyrnaslið sem lenti í öðru sæti.

Responsible Foods var stofnað árið 2019 og setti sína fyrstu vinnslu í gang haustið 2020 á Granda í Reykjavík þar sem það þróar og framleiðir osta og skyrnasl úr íslensku hráefni. Fyrirtækið er um þessar myndir að setja upp aðra vinnslu á Fáskrúðsfirði þar sem eingöngu verður þróað og framleitt nýtt nasl úr mismunandi sjávarfangi. Næra vörurnar eru framleiddar með einstakri þurrkunartækni og fást meðal annars í Bónus, Nettó og Hagkaup um allt land. /smh




HAFÐU ÖRYGGIÐ Í FYRIRRÚMI
Gott úrval af vottuðum hífi- og festingabúnaði

LEEA Ísfell ehf., er fullgildur meðlimur að Lifting Equipment Engineers Association sem eru leiðandi samtök hvað varðar vottun fyrirtækja sem nota og framleiða hífibúnað.

isfell.is
Sími 5200 500
Þekking og þjónusta


Borgarplast:

# Matthías Matthíasson er ráðinn framkvæmdastjóri

**Matthías Matthíasson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Borgarplasts en fyrirtækið var stofnað í Borgarnesi árið 1971 og fagnar því 50 ára afmæli á árinu.**

Með ráðningunni er stefnt að því að byggja ofan á þær traustu stoðir sem Guðbrandur Sigurðsson, fráfarandi framkvæmdastjóri, hefur lagt grunninn að. Nýr framkvæmdastjóri mun leggja sérstaka áherslu á sölu og útflutning, en Matthías býr yfir mikilli reynslu á því sviði.

Á árunum 2009-2020 starfaði hann sem framkvæmdastjóri flutningasviðs hjá Eimskipi. Á árunum 2004-2009 var hann framkvæmdastjóri Komatsu í Danmörku og þar áður starfaði hann sem framkvæmdastjóri Eimskips í Englandi.

*Guðbrandur fer annað*

Guðbrandur hefur leitt fyrirtækið af mikilli festu í gegnum mikla umbreytingu og Covid en hefur nú óskað eftir því að láta af störfum til að sinna öðrum verkefnum. Eftir sameiningu fjölskyldufyrirtækjanna Plastgerðar Suðurnesja og Borgarplasts hefur hann innleitt og byggt upp innri


Matthías Matthíason, sem hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra Borgarplasts. Mynd / Aðsend.

ferla þar sem áhersla er lögð á öryggismenningu, umhverfis- og gæðamál og nýsköpun. Síðast en ekki síst hefur hann fengið öflugt fólk til liðs við félagið sem tók við af fyrri eigendum. Matthías tekur nú við keflinu og mun halda áfram að efla félagið og sinna fjölmörgum viðskiptavinum Borgarplasts í matvæla- og byggingariðnaði af myndarbrag," segir Árni Jón Pálsson, stjórnarformaður Borgarplasts.

*Fiskiker og frauðkassar*

Borgarplast framleiðir fiskiker og frauðkassa fyrir ferskan fisk, frauðeinangrun og ýmsar fráveitulausnir á borð við brunna, olíuskiljur og rotþrær. Í Mosfellsbæ rekur Borgarplast hverfisteypu fyrir fiskikör, er stærsti söluaðili einangraðra fiskikerja á Íslandi ásamt sölu þeirra til allra heimsálfa. Í Reykjanesbæ starfrækir fyrirtækið frauðverksmiðju með umtalsverða framleiðslugetu.

*Umhverfisvernd*

„Borgarplast leggur áherslu á að nota endurvinnanleg hráefni og hefur verið leiðandi framleiðandi á vörum sem ætlaðar eru til hreinsunar á frárennsli frá fyrirtækjum og heimilum.

Félagið hefur þannig alla sína tíð lagt sitt á vogarskálarnar í umhverfisvernd og þjónustu við fyrirtæki sem þurfa að uppfylla lög og reglugerðir um hreinlæti og umhverfisvernd," segir Matthías Matthíasson, nýr framkvæmdastjóri fyrirtækisins. /MHH

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið:

# Benedikt Árnason er nýr ráðuneytisstjóri í ANR

**Þann 23. júlí var tilkynnt um ráðningu Benedikts Árnasonar í starf ráðuneytisstjóra í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR). Hann tekur við af Kristjáni Skarphéðinssyni.**

Umsóknir um starfið voru 13, en það var auglýst 1. maí. Hæfnisnefnd mat þrjá umsækjendur hæfasta til að gegna starfinu og eftir viðtöl Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við þá var Benedikt metinn hæfastur.

Benedikt er með starfsreynslu innan Stjórnarráðs Íslands og íslenskrar stjórnsýslu og „með innsýn inn í starf ráðuneytisstjóra hvort sem er litið er til reksturs, stjórnunar eða þeirra stjórnsýsluverkefna sem starfinu fylgja. Hann er reyndur verkefnastjóri og hefur haldið vel utan um stór verkefni á vegum íslenskra stjórnvalda," eins og segir á vef ráðuneytisins.

*Staðgengill ráðuneytisstjóra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu*

„Hann starfaði hjá Þjóðhagsstofnun frá árinu 1988 til 1993 í hlutastarfi með námi og fullu starfi frá árinu 1993 til 1994. Árið 1994 tók hann við starfi skrifstofu- og fjármálastjóra hjá Vita- og hafnarmálastofnun og gegndi því fram til ársins 1995. Benedikt hóf störf í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu árið 1996. Fyrst sem deildarstjóri og síðar skrifstofustjóri fjármálamarkaðar og staðgengill ráðuneytisstjóra árið 1998 og starfaði sem slíkur


Benedikt Árnason. Mynd / ANR

fram til ársins 2004. Árið 2005 hóf Benedikt störf sem einn af aðstoðarframkvæmdastjórum Norræna fjárfestingabankans í Helsinki og svæðisstjóri fyrir Ísland. Þar starfaði hann fram til ársins 2008 en þá tók hann við starfi sem aðstoðarforstjóri Askar Capital fjárfestingabanka hf. Síðar sama ár varð Benedikt forstjóri sama fyrirtækis og starfaði sem slíkur fram til ársins 2010. Árið 2010 til 2013 var Benedikt aðalhagfræðingur Samkeppniseftirlitsins.

Hann hóf störf árið 2013 í forsætisráðuneytinu sem efnahagsráðgjafi forsætisráðherra og ráðherranefnda ríkisstjórnarinnar og hefur frá árinu 2016 og fram til dagsins í dag gegnt embætti skrifstofustjóra skrifstofu stefnumála og síðar staðgengill ráðuneytisstjóra," segir á vef ANR.

Hann lauk cand. oecon gráðu í þjóðhagfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og meistaragráðu í þjóðhagfræði frá Toronto-háskóla árið 1991. Þá lauk hann MBA-gráðu í fjármálum og stefnumótun frá sama skóla árið 1993. /smh

Gagnaver Blönduóss:

# Viljayfirlýsing um aukinn flutning raforku

**Landsnet og Etix Borealis, sem rekur gagnaver á Blönduósi, hafa undirritað viljayfirlýsingu um aukinn flutning á raforku til gagnaversins.**

Mun aukningin fara fram í áföngum, þar sem í fyrsta áfanga verður nýtt svokallað snjallnet til að auka flutninginn og tryggja rekstraröryggi flutningskerfisins.

Snjallnet er samheiti yfir tækninýjungar sem nýta fjarskipta-, stýri- og upplýsingatækni til að tryggja sem öruggasta afhendingu rafmagns og hámarka jafnframt nýtingu raforkukerfisins að því er fram kemur á vef Landsnets.

Þar segir einnig að Etix Borealis reki sjálfbært gagnaver með lágmarks kolefnisspori Það sé gert með því að tengjast endurnýjanlegri orku í gegnum flutningskerfi raforku á Íslandi.

Markmið fyrirtækjanna fari því vel saman þegar kemur að því að nýta snjalltækni við afhendingu rafmagns á áreiðanlegan máta.

Haft er eftir Guðmundi I. Ásmundssyni, forstjóra Landsnets, að það sé ánægjulegt að fyrirtækið geti tekið þátt í því að gagnaver Etix á Blönduósi vaxi áfram.

Ánægjulegt sé að geta boðið flutning á raforku með snjöllum hátæknilausnum og það sé báðum aðilum til hagsbóta. Þá segir Björn Brynjúlfsson, forstjóri Etix Everywhere Borealis, að rekstur gagnavers á Blönduósi hafi gengið vonum framar frá því verið var opnað árið 2018. „Við hlökkum til að geta mætt vaxandi eftirspurn eftir umhverfisvænum gagnaverslausnum með þessari aukningu," segir hann. /MÞÞ

FRÉTTIR

## Borgarbyggð:
# Nýtt ráðhús

**Byggðarráð Borgarbyggðar hefur staðfest kaupsamning á Digranesgötu 2 í Borgarnesi, auk samkomulags um leigu Arion banka í hluta húsnæðisins.**

Hafin er vinna við að skipuleggja húsnæðið í samræmi við þarfir ráðhússins og vonast er til þess að sú vinna gangi fljótt fyrir sig. Verkið verður síðan boðið út og því ekki ljóst hvenær framkvæmdum verður lokið og ráðhúsið opnað á nýjum stað.

Meirihluti starfsemi ráðhússins fluttist í byrjun árs frá Borgarbraut 14 að Bjarnarbraut 8 þegar ástandsskoðun á fasteigninni leiddi í ljós að mikill rakavandi væri í húsnæðinu. Í kjölfarið var farið í að kostnaðarmeta lagfæringar á Borgarbrautinni og leiddi sú vinna í ljós að það yrði dýrara fyrir sveitarfélagið að ráðast í endurbætur heldur en að fjárfesta í nýju húsnæði. */MHH*

## Borgarnes:
# Hraðhleðslustöðvar settar upp við verslanir Samkaupa

**Samkaup hefur opnað fyrstu rafhleðslustöðina við verslun Nettó í Borgarnesi.**

Fyrirtækið gerði fyrr á árinu samning við Ísorku og mun bjóða upp á rafhleðslustöðvar við verslanir um land allt. Áætlað er að aðrar verslanir Samkaupa muni bjóða upp á hleðslustöðvar á næstunni.

„Við erum hæstánægð með að hafa opnað okkar fyrstu rafhleðslustöð. Þróunin á þessum markaði er gríðarlega spennandi, en í upphafi þessa árs voru seldir fleiri nýir bílar sem knúnir eru rafmagni en bensíni eða dísilolíu. Samkaup reka verslanir um land allt og við búumst við að þessari þjónustu verði vel tekið af okkar viðskiptavinum sem og ferðamönnum, erlendum og innlendum,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa. Rafhleðslustöðvarnar eru að lágmarki 150KW og eru eingöngu hannaðar fyrir rafbíla sem geta hraðhlaðið. Þær verða settar upp við að minnsta kosti helming verslana félagsins en Samkaup rekur rúmlega 60 verslanir víðs vegar um landið undir vörumerkjunum Nettó, Krambúðin, Kjörbúðin og Iceland. */MHH*




**Samkaup hefur nú opnað fyrstu rafhleðslustöðina við verslun Nettó í Borgarnesi en stefna fyrirtækisins er að bjóða upp á rafhleðslustöðvar við verslanir sínar um land allt.** Mynd / Aðsend.



**Guðrún Hulda, nýr stöðvarstjóri Íslandspósts á Selfossi.** Mynd/Aðsend.

## Selfoss:
# Guðrún Hulda stöðvarstjóri

**Guðrún Hulda Waage, stöðvarstjóri Íslandspósts í Borgarnesi, hefur verið ráðin stöðvarstjóri á Selfoss og tekur við því starfi í lok ágúst.**

Hún og fjölskylda hennar hafa keypt hús á Selfossi og eru að flytja þangað. „Ég hef starfað hjá Íslandspósti sem stöðvarstjóri í Borgarnesi frá 3.sept 2015.

Ég kveð Borgarnes með söknuði en við hlökkum öll til að flytja á Selfoss, og uppbyggingin þar er mjög spennandi og greinilega góðir hlutir að gerast þar,“ segir Guðrún Hulda. */MHH*

## Aflýst vegna Covid:
# Íslandsmót í hrútadómum

**Ekkert verður af Íslandsmeistaramóti í hrútadómum á Sauðfjársetrinu í Sævangi á Ströndum þetta árið, frekar en í fyrra.**

Hrútaþuklið er jafnan mikill fagnaðarfundur þar sem snerting, handabönd og faðmlög skipta miklu máli. Fjöldi gesta fer einnig venjulega vel yfir 200 manna fjöldatakmörkin sem nú eru í gildi.

„Þetta er áfall fyrir Sauðfjársetrið, enda er hrútaþuklið stærsti viðburður ársins og sá sem skiptir safnið mestu máli. Við trúum því og treystum að kófið og veiran heyri sögunni til í ágúst á næsta ári og hlökkum til að halda næsta mót,“ segir í tilkynningu.

Safnið er annars opið 10-18 alla daga og öllum sóttvarnareglum fylgt. Góð aðsókn hefur verið að safninu í sumar. /MHH

Við höfum málað með Íslendingum í meira en 115 ár!



**Ferjukot** er sögufrægur verslunarstaður við Hvítá í Borgarfirði. Gamli bærinn er nýuppgerður og málaður með málningu frá **Slippfélaginu**.

Málaðu með útimálningu frá **Slippfélaginu**:

**HJÖRVI** á bárujárnið
**VITRETEX** á steininn

**Hágæða efni sem þola íslenskt veðurfar.**
**Leyfðu reynslumiklum sérfræðingum okkar aðstoða þig.**
**Hafðu samband og þeir gera þér tilboð.**



**Þröstur Ingvason**
Sölustjóri
throstur@slippfelagid.is
S: 590 8505



**Steindór Elíson**
Sölumaður
steindor@slippfelagid.is
S: 590 8515

SLIPPFÉLAGIÐ ER KOMIÐ Á SELFOSS

**SLIPPFÉLAGIÐ**
Fellsmúla 26 og Skútuvogi 2, Reykjavík, S: 588 8000
Dalshrauni 11, Hafnarfirði, S: 588 8000
Hafnargötu 54, Reykjanesbæ, S: 421 2720
Austurvegi 58, Selfossi, S: 482 1250
Gleráreyrum 2, Akureyri, S: 461 2760

Opið:
**8-18** virka daga / **10-14** laugardaga

**slippfelagid.is**

SLIPPFÉLAGIÐ

FRÉTTIR

## Nýsköpun:
# Gosdrykkur með CBD




**Í nýsköpunaráfanga í Háskólanum í Reykjavík fæddist hugmynd um að þróa gosdrykk sem mun innihalda CBD. Drykkurinn er búinn að vera í þróun síðastliðnar vikur enda fjölmörg tækifæri sem skapast samhliða breyttri lagasetningu sem mun leyfa CBD í matvæli.**

Aðstandendur drykkjarins segja að drykkjarvörumarkaðurinn sé stútfullur af alls kyns drykkjum sem innihalda orku og eru örvandi en lítið er um drykki sem gefa líkamanum ró. Þaðan kemur hugmyndin af VÆR, kolsýrðum drykk með náttúrulegum bragðefnum og CBD olíu sem er eitt af virku efnunum úr hampplöntunni. Efnið er ekki vímugjafi og hefur fjölmarga heilsusamlega kosti.

Erlendis er mikil söluaukning í drykkjum sem falla í þennan flokk og Íslendingar hafa sýnt CBD mikinn áhuga ásamt því að íslenskir bændur eru farnir að rækta hamp í auknum mæli.

Drykkurinn hefur fengið góðar viðtökur og verður ljúffengur CBD drykkur tilbúinn á markaðinn fyrr en varir.

Að verkefninu standa Birgir Ásþórsson, Harpa Ægisdóttir, Heiðar Sigurjónsson og Axel Aage Schiöth. /VH



OG Arkitektar eru arkitektar nýju viðbyggingarinnar við Hrafnagilsskóla, sem sést hér á myndinni. Mynd / Aðsend.

## Eyjafjarðarsveit:
# 900 fermetra leikskóli byggður við Hrafnagilsskóla

**Eyjafjarðarsveit samdi á dögunum við Verkís um verkfræðihönnun á nýjum leikskóla og viðbyggingum og breytingum á húsnæði Hrafnagilsskóla í Eyjafirði.**

OG Arkitektar eru arkitektar byggingarinnar en leikskólinn, sem verður um 900 fermetrar, hefur verið lengi í undirbúningi og er ljóst að þar verður glæsileg starfsemi innan fárra ára. Á efri hæð Hrafnagilsskóla mun rísa starfsmannaaðstaða og aðstaða fyrir tónmennt og fjölnotarými. Þá er gert ráð fyrir glæsilegri íþróttaaðstöðu með útsýni yfir sundlaugina.

Bókasafn sveitarfélagsins mun að endingu flytjast upp á jarðhæð þar sem það mun þjónusta öllum sveitungum í sameiginlegu upplýsingaveri og kennslustofur elsta stigs Hrafnagilsskóla munu flytjast upp á jarðhæð. /MHH

## 718 selir sáust:
# Selatalningin mikla

**Alls sáust 718 selir í selatalningunni miklu sem fram fór í ellefta skipti nú nýverið. Talningin fer fram á vegum Selaseturs Íslands á Hvammstanga.**

Alls tóku 58 sjálfboðaliðar þátt í talningunni í ár, bæði innlendir og erlendir. Sjálfboðaliðar komu frá Þýskalandi, Finnlandi, Ísrael, Bandaríkjunum, Englandi, Ítalíu, og Frakklandi ásamt góðum hópi frá Veraldarvinum, að því er fram kemur í tilkynningu á vef Selaseturs.

Markmið talningarinnar er að fylgjast með fjölda og staðsetningu sela á um 107 kílómetra strandlengju Vatnsness og Heggstaðarness á Norðurlandi vestra. Þau 11 ár sem Selatalningin mikla hefur farið fram hafa sést að meðaltali 757 selir hvert sinn. Árin 2008 og 2009 sáust flestir selir, eða yfir 1.000 bæði árin, en árið 2012 sáust aðeins 422 selir.

Í ár sáust alls 718 selir, sem er meira en síðustu þrjú síðustu skipti en þó minna en árlegt meðaltal gefur til kynna.

Góð aðsókn hefur verið að Selasetrinu en um mitt sumar voru gestir orðnir fleiri en var allt síðasta sumar. Gestir eru bæði landsmenn á faraldsfæti og erlendir ferðalangar, en einnig er töluvert um hópa sem koma á safnið. /MÞÞ





Bændur í Refasveit að rúlla félagsrækt í landi Sölvabakka, en þar heyja fimm bændur saman. Mynd / Anna Margrét Jónsdóttir

## Heyfengur með minna móti á Norðurlandi:
# Kalt vor og langvarandi þurrkar í sumar hafa áhrif

**Gera má ráð fyrir að heyfengur á norðanverðu landinu verði almennt heldur minni en í meðalári.**

Vorið var einstaklega kalt og hafði langur kuldakafli í vor og byrjun sumars í för með sér að spretta var seinna á ferðinni en áður. Þannig hófst sláttur síðar og á stöku stað er fyrri slætti ekki lokið, þó ekki sé það algengt. Langvarandi þurrkar í sumar höfðu í för með sér að þó nokkuð var um bruna í túnum.

Eiríkur Loftsson, ráðunautur í Skagafirði, segir að heyskapur hafi ekki fyrir alvöru hafist þar fyrr en í lok júní, enda lengst af kalt um vorið, þurrt og spretta hæg. „Uppskera var því víða í minna lagi," segir hann. Uppskera á yngstu túnum hafi einnig verið mismikil, yfirleitt betri og sums staðar mjög góð, þéttleiki grasa í þeim góður eftir hagstæðan vetur. „Sums staðar þar sem jarðvegur var grunnur var uppskerutap vegna þess að gróður var farinn að brenna."

Eiríkur segir að heyskapartíð í júlí hafi verið hagstæð til að forþurrka eða þurrka hey. Háarsláttur er lítið hafinn en hefst af krafti fljótlega ef tíð leyfir. „Spretta á henni hefur verið misjöfn milli svæða, sennilega mest vegna þess hve sumarið var þurrt og úrkomu misskipt."

Hann segir heyfeng úr fyrri slætti líkast til vera undir meðallagi og væntingum en fóðrunarvirði gæti verið bærilegt. Hvað korn varðar segir hann sprettu hafa farið hægt af stað vegna kulda í vor, „en kom sér samt greinilega vel fyrir því þegar hlýnaði fór spretta vel af stað og var bygg að skríða um og upp úr miðjum júlí og á stöku stað fyrr."

### *Ekki komið í ljós hvert umfang brunninna túna er*

Anna Margrét Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda, segir stöðuna breytilega í sínu héraði. Víða hafi bændur náð inn góðum heyfeng og eigi það frekar við um Austur-Húnavatnssýslu. „Mér finnst eins og vestursýslan hafi ekki sloppið eins vel frá þurrkunum í sumar og það sama á við um Strandirnar," segir hún.

Þurrkar háðu sprettunni vissulega og sums staðar eru tún mikið brunnin og bændur horfa fram á töluvert tjón, eða rýra uppskeru af þeim völdum. „Við vitum ekki strax hvert umfangið er, það er ekki að fullu komið í ljós," segir Anna Margrét.

Hún segir heyfeng misjafnan á milli svæða og jafnvel bæja. Sumir hafi náði inn ágætis magni á meðan aðrir horfi upp á lakari uppskeru. Hún segir að eflaust muni bændur miðla heyi á komandi vetri sín á milli.

### *Ná að heyja ofan í skepnur sínar*

Haukur Marteinsson, bóndi í Kvíabóli í Kinn í Suður-Þingeyjarsýslu, segir að menn þar um slóðir kvarti ekki mikið. „Vorið var rosalega kalt og þurrt og lítið spratt, en sumarið sem á eftir kom hefur verið með eindæmum gott. Heyskapur hefur því víðast hvar gengið afbragðs vel," segir hann.

Haukur segir að farið hafi að bera á þurrkskemmdum í túnum í júlí en undanfarnar vikur hafi víðast hvar bleytt vel í sem sé til bóta. Hann gerir ráð fyrir að heyfengur verði með minna móti í ár og segir að menn hafi örlitlar áhyggjur af því að ef ágúst verði sólríkur og góður áfram geri hann ráð fyrir að bændur í héraði nái að heyja ágætlega ofan í sínar skepnur. /MÞÞ

## Nýr Þverárfjallsvegur:
# Óskað eftir framkvæmdaleyfi

**Vegagerðin hefur óskað eftir að Blönduósbær veiti framkvæmdaleyfi til að hægt sé að byggja nýjan Þverárfjallsveg frá Hringvegi austan Blönduóss og að nýverandi Þverárfjallsvegi skammt sunnan við núverandi brú yfir Laxá í Refasveit.**

Nýi vegurinn er um 8,5 kílómetra langur en einnig verður byggður 3,3 kílómetra langur vegur til norðurs frá nýjum Þverárfjallsvegi, yfir nýja brú á Laxá og inn á núverandi Skagastrandarveg norðan Höskuldsstaða. Sótt er um þann hluta framkvæmdarinnar sem er innan Blönduósbæjar en hluti hennar er einnig innan Skagabyggðar. Áætlað er að framkvæmdum verði að fullu lokið haustið 2023. Markmiðið með framkvæmdinni er að bæta og tryggja greiðar samgöngur á Norðurlandi vestra og hafa þannig jákvæð áhrif á samfélagið auk þess að gera samgöngur á svæðinu öruggari.




Framkvæmdum lokið haustið 2023.

Fjallað var um málið á fundi skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar Blönduósbæjar nýverið. Þar kom fram að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag Blönduósbæjar og var skipulagsfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfi þegar öll gögn liggja fyrir. /MÞÞ

FRÉTTIR



Þrír efstu á síðasta móti. Jens Þór Sigurðsson með Nap (2. sæti), Aðalsteinn Aðalsteinsson með Biff (1. sæti) og Maríus Snær Halldórsson með Elsu (3. sæti).

## Landskeppni:

# Smalahundafélagið

**Í ár mun Austurlandsdeild Smalahundafélags Íslands halda Landskeppni Smalahundafélagsins.**

Keppnin verður haldin á Ytra-Lóni á Langanesi helgina 28.-29. ágúst. Eins og flest annað var Landsmót Smalahundafélagsins fellt niður í fyrra vegna Covid-19 faraldursins. Það er hins vegar engan bilbug að finna á smölum þetta árið. Keppt verður í öllum hefðbundnum greinum, flokki unghunda, B-flokki og A-flokki. Í A-flokki verður 110 stiga keppni en það hefur einungis verið einu sinni áður keppt með því fyrirkomulagi en verður aftur nú.

Elísabet Gunnarsdóttir tekur við skráningum í síma 863-1679 eða í tölvupósti á netfangið lisulius@gmail.com. Hægt er að bóka gistingu á mótsstað á gistiheimilinu að Ytra-Lóni.

Eins og venja er mun dómarinn koma erlendis frá en hann kemur frá Færeyjum í þetta skiptið og heitir Jónleif Jörgensen. Jónleif er gamall refur í þessum bransa og einn af þeim sem hafa átt stóran þátt í að koma Færeyjum á kortið meðal smalahundaþjóða.

Meðfram landsmótinu verður aðalfundur SFÍ haldinn að kvöldi föstudags 27. ágúst. /ehg







Bændablaðið Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

FRÉTTIR

## SSNV:

# María Dís til glatvarmaverkefnisins á Blönduósi

**María Dís Ólafsdóttir hefur hafið störf sem sumarstarfsmaður hjá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV).**



María Dís Ólafsdóttir. Mynd / SSNV.

María, sem hefur lokið MS gráðu í lífverkfræði frá Háskóla Íslands, mun starfa við glatvarmaverkefni í tengslum við gagnaverið á Blönduósi en það er í eigu Etix Everywhere Borealis.

Hún mun safna gögnum til greiningar á neyslu á matvælum í landshlutanum og á landsvísu auk þess að greina neyslubundið kolefnisspor matvæla úr ylrækt. Einnig mun hún skoða hvað mögulegt er að framleiða mikið af matvælum miðað við gefnar forsendur um nýtanlegan glatvarma frá gagnaverinu á Blönduósi og hvað gæti verið hagvæmast að rækta.

Orkunotkun gagnaversins er um 40 MW. Verið er loftkælt og hitnar loftið í rúmar 40 gráður á Celsius við kælinguna á búnaðinum. Því lofti er dælt beint út úr húsunum án þess að það sé nýtt til neins eins og staðan er í dag. Áætlað er að hægt sé að nýta 10-20% af inntaksorkunni sem glatvarma í formi heits lofts. Það er áætlað jafnvirði um 4-8 MW í formi 35°-40° heits lofts.

Verkefnið hlaut nýverið styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og miðar að því að finna leiðir til að nýta varmann sem frá gagnaverinu kemur til verðmætasköpunar á Norðurlandi vestra. „Við erum gríðarlega ánægð að fá Maríu Dís til liðs við okkur í þetta spennandi verkefni á Blönduósi og vonumst til að geta nýtt niðurstöður úr hennar vinnu til enn frekari framgangs á glatvarmaverkefninu við gagnaverið, nýtt þá orku sem þar fer til spillis enn betur og um leið aukið á sjálfbærni svæðisins," segir Magnús Jónsson, verkefnastjóri fjárfestinga hjá SSNV.

*/MHH*



Unnið hefur verið við lagningu rúmlega 9 km 66 kV jarðstrengs yfir Hellisheiði eystri. Hér er verið að draga út streng í legg 5, sem er brattasti og erfiðasti leggurinn á strengleiðinni.

## Unnið við erfiðar aðstæður:

# Jarðstrengur lagður yfir Hellisheiði eystri

**Unnið hefur verið við lagningu á rúmlega 9 km 66 kV jarðstrengs yfir Hellisheiði eystri, í stórum dráttum meðfram veginum yfir heiðina.**

Jarðstrengurinn mun leysa loftlínu Vopnafjarðarlínu 1 af á erfiðasta kaflanum á heiðinni, en þar er veruleg bilanahætta vegna veðurfars og hætta hefur skapast við viðgerðir á línunni í slíkum aðstæðum. Þetta kemur fram á vef Landsnets. Aðstæður til lagningar jarðstrengs á heiðinni eru mjög erfiðar, einkum vegna mikils bratta. Strengurinn liggur í allt að 35% halla og grafið var í gegnum vegfyllingarnar með allt 58% halla. Auk þessa voru veðuraðstæður erfiðar í byrjun vegna kulda, snjóalaga, snjókomu og bleytu.

Undir lok júní brast hins vegar á með mikilli veðurblíðu og hafa framkvæmdir í heildina gengið mjög vel, þó leysa hafi þurft ýmis vandamál sem upp hafa komið í þessum erfiðu aðstæðum.

*/MÞÞ*

## Lífræn ræktun á Íslandi, leiðrétting:

# Söfnun lýkur 17. ágúst

**Í síðasta Bændablaði var sagt frá söfnun á Karolina fund vegna gerðar heimildamyndar um lífræna ræktun á Íslandi.**

Í umfjölluninni sagði að söfnunin stæði til 31. ágúst en hið rétta er að henni lýkur 17. ágúst næstkomandi. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Linkur á söfnunarsíðuna: https://www.karolinafund.com/project/view/3433.

*/VH*



Ungarnir bíða merkingar í sérstöku gerði, þangað sem þeim er smalað daginn áður. Myndir / Jón Einar Jónsson.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi:

# Ungaeldi á Keisbakka miðar að því að auka við æðarvarp

**Ábúendur á Keisbakka á Skógarströnd, þau Oddný Halldórsdóttir og Magnús Tómasson, eru að reyna að auka við æðarvarp í landi sínu.**

Fjórar eyjar tilheyra landi Keisbakka og er æðarvarp á tveimur þeirra. Hafa bændur hug á að auka við æðarvarpið, koma upp varpi á öllum eyjunum.

Núna er æðarvarpið að Keisbakka í tveimur eyjum, Dilk og Hrappsey. Eyjarnar eru skammt undan landi Keisbakka, Dilkur í um það bil í 2,7 kílómetra og Hrappsey í 1,7 kílómetra fjarlægð. Í þessum tveimur eyjum eru nokkur hundruð hreiður og er varpinu sinnt af ábúendum sem sett hafa upp hreiðurskýli og flögg á eyjunum. Tvær aðrar eyjar eru nær landi, Múli og Landey.

### *Töluvert lagt í varnir*

Starfsmenn Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi taka þátt í verkefninu með ábúendum, en um er að ræða verkefni sem standa á yfir í 10 ár. Þetta er þriðja árið sem ungar eru aldir upp að Keisbakka en þeim er sleppt merktum út í náttúruna síðsumars.

Jón Einar Jónsson, vísindamaður við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, segir að landeigendur hafi áhuga á að laða fleiri æðakollur að þessum eyjum og hafi í því skyni lagt töluvert í varnir gegn tófu og mink. Þau hafa bæði vaktað varpið og reist girðingu meðfram ströndinni á landareign Keisbakka. Þá hafi verið fyllt upp í skurði á svæðinu og grafin tjörn með útfalli út í sjó. „Með þessum aðgerðum er vonast til þess að æðarvarp myndist í Múla og Landey og einnig á ströndinni innan girðingar í grennd við tilbúnu tjörnina," segir Jón Einar.

### *186 ungar merktir í sumar*

Jón Einar segir að útungunarvél sé á Keisbakka og hún notuð til að koma varpinu af stað. Með henni er hægt að unga út 200 eggjum í einu. Eitt egg er tekið úr hverju hreiðri og ungað út í vélinni. Áður en ungum er sleppt eru þeir merktir með sérstökum stálmerkjum frá Náttúrufræðistofnun. Nú í sumar voru merktir 186 ungar og 178 í fyrrasumar.

Æðarfuglar hefja að sögn Jóns Einars varp tveggja til þriggja ára þannig að á næsta ári má vænta fyrstu varptilrauna á nýjum stað. „Okkar markmið er að skrá framvinduna og einnig að merkja fullorðna fugla í tveimur varpeyjum Keisbakka úti á Hvammsfirði, til að kanna hvort eldri kollurnar færi sig þá líka þegar fram í sækir," segir Jón Einar. Hann bætir við að ungasleppingar hafi áður verið notaðar til að koma á fót æðavarpi og nægi þar að nefna t.d. Þernuvík í Ísafjarðardjúpi, Hvallátrum og Þorvaldsey á Breiðafirði.



Oddný Halldórsdóttir á Keisbakka búin að ná einum í gerðinu.



Jón Einar Jónsson, vísindamaður við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi.

### *Áhugavert verkefni*

Næstu árin verður framvindan skráð, en meðal þess sem vísindamenn Rannsóknasetursins fýsi að vita er hvort takist að koma á fót varpi í eyjunum Múla og Landey þar sem ekki er varp nú. Takist að koma upp varpi í þessu eyjum er óvíst hvort þar verði á ferð ungar úr ungauppeldinu eða hvort núverandi varpfuglar úr hinum eyjunum, Dilk og Happsey, færi sig nær landi og komi sér fyrir í Múla eða Landey eða færi sig jafnvel alla leið upp á land. „Við höfum áhuga á að vita hvort varp á nýjum stað er eingöngu háð nýliðun eða hvort tilfærsla eldri fugla komi einnig við sögu. Þeir ungar sem alast upp á Keisbakka eru líklegir að reyna varp þar sem fullorðnir fuglar," segir Jón Einar. „Þetta er mjög áhugavert verkefni og við hlökkum til að sjá hver niðurstaðan verður eftir nokkur ár."

*/MÞÞ*

FRÉTTIR



Framkvæmdir við lagningu bundins slitlags á þjóðvegi 85, Norðausturveg frá Finnafirði að Bakkafirði lauk á dögunum. Mynd / Vefur Langanesbyggðar

## Bundið slitlagt lagt á:

# Öruggar samgöngur lífsspursmál fyrir byggðina

**„Þetta skiptir okkur gríðarlega miklu máli og er forsenda fyrir því að sveitarfélögin voru á sínum tíma sameinuð,“ segir Jónas Egilsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar.**

Vegagerðin hefur lokið við lagningu bundins slitlags á þjóðvegi 85 frá Finnafirði að Bakkafirði, ríflega 20 kílómetra leið.

Framkvæmdir við lagningu slitlagsins hófust árið 2020 með uppbyggingu vegarins en þeim lauk nú nýverið. Einnig var lokið við að leggja bundið slitlag á Kötlunesveg í Bakkafirði og þá var lokið við framkvæmdir við lagningu slitlags á hafnargarðinn á Bakkafirði auk þess sem lokið var við lagfæringar á enda varnargarðsins sem skemmdist í óveðri.

Jónas segir að á milli þéttbýlisstaðanna í Langanesbyggð, Þórshafnar og Bakkafjarðar séu um 44 kílómetrar. Einn vegkafli á leiðinni er malarvegur, en til stendur að bjóða verkefni við að leggja bundið slitlag á þann kafla út fljótlega. Þar er um að ræða kafla frá Þórshöfn, upp á miðja Brekknaheiði. „Það sem búið er að gera núna í sumar var lengsti, erfiðasti og versti kaflinn á leiðinni, þannig að það er ánægjulegt að hann sé að baki,“ segir Jónas.

### *18 ár að efna loforð*

Lokakafla leiðarinnar, þeim sem fer í útboð innan tíðar, verður lokið árið 2024. Jónas bendir á að þá verði 18 ár liðin frá því stjórnvöld gáfu það loforð að koma á bundnu slitlagi milli Bakkafjarðar og Þórshafnar. Skeggjastaðahreppur og Þórshöfn hafi sameinast í eitt sveitarfélag, Langanesbyggð, árið 2006 og var eitt af þeim vilyrðum sem stjórnvöld gáfu í kjölfar þess að bæta samgöngur m.a. með því að leggja bundið slitlag milli þéttbýlisstaðanna. Efnahagshrun og fleira setti strik í reikninginn, en fyrir nokkrum misserum var loks hafist handa við verkefnið.

### *Góðar samgöngur forsenda þess að byggð þrífist*

Jónas segir mjög mikilvægt að samgöngur á svæðinu séu góðar en mikil umferð er jafnan á þessum slóðum. Fiskflutningar eru umtalsverðir frá Þórshöfn og niður á firði, fiski er landað á Bakkafirði í nokkrum mæli og afli fluttur til vinnslu annað, þá er skólaakstur og eins er fólk að aka á milli til og frá vinnu.

„Þetta byggðalag verður aldrei eitt samfélag nema góðar samgöngur séu tryggðar. Það er morgunljóst. Það er lífsspursmál til að byggð þrífist hér á þessum norðlægu slóðum að samgöngur séu öruggar. Lélegir vegir hafa staðið okkur fyrir þrifum en nú horfum við fram á bjartari tíma,“ segir Jónas. /MÞÞ

## Sveitarfélög:

# Kanna flöt á sameiningu

**Kanna á hvort grundvöllur sé fyrir sameiningu Sveitarfélagsins Skagastrandar og Skagabyggðar.**

Sveitarstjóri Skagastrandar og oddviti Skagabyggðar hafa fundað í kjölfar niðurstöðunnar í kosningum um sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu sem fram fóru 5. júní. Íbúar beggja sveitarfélaganna höfnuðu sameiningu allra sveitarfélaganna fjögurra í sýslunni.

Sveitarstjóra Skagastrandar hefur nú verið falið að ræða við sveitarstjórn Skagabyggðar um hvort sameiginlegur grundvöllur sé fyrir því að hefja formlegar viðræður milli sveitarfélaganna um sameiningu.

/MÞÞ

Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT
OG DRIFSKAFTAEFNI




**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600




**Eignatorg kynnir: Stóra-Hildisey 2, Rangárþingi eystra.**



Um er að ræða einstaklega snyrtilegt og afar vel uppbyggt kúabú í fullum rekstri. Mjög góð aðstaða er til staðar til áframhaldandi uppbyggingar og stækkunar búsins. Jörðin selst með 540.202 lítra framleiðslurétti í mjólk, vélum og áhöfn.
***Verð kr. 440.000.000.-***

**Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í s. 510-3500 / 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is**

BÚVÍS KYNNIR!
TIKI KERRUR

**Höfum þessar sterkur flutningskerrur fyrir smágröfur og bíla til sölu.**
Eigum einnig til úrval smærri kerra.




AP2600-DRB
**verð kr. 872.950.- án vsk**

TP300-DLB
**verð kr. 772.000.- án vsk.**

SaMASZ® SLÆR Í GEGN




**Samasz butterfly diskasláttuvélar, með og án knosara.**
Verð án knosara **kr. 4.195.000.- án vsk.**
Verð með knosara **kr. 5.495.000.- án vsk.**

**Vegna mikilla hækkana á hrávörumarkaði munum við ekki sjá þessi verð í bráð.**

Búvís 2006-2021 15 ÁRA
Akureyri · Sími 465 1332
**www.buvis.is**



Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra og Aðalsteinn Örn Snæþórsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands, skrifa undir samning um Rannsóknastöðina Rif. Allir eru þeir menntaðir líffræðingar. Pedro Rodrigues var í vor ráðinn í stöðu forstöðumanns stöðvarinnar Mynd / Vefsíða Náttúrustofu Norðurlands.

## Rannsóknastöðin Rif:

# Samið um rannsóknir og vöktun til fimm ára

**Samningur hefur verið undirritaður um rekstur Rannsóknastöðvarinnar Rifs á Raufarhöfn. Markmið hans er að stuðla að auknum rannsóknum, vöktun og fræðslu á starfssvæði Náttúrustofu Norðausturlands. Auk náttúrustofunnar standa umhverfis- og auðlindaráðuneytið og sveitarfélagið Norðurþing að samningnum.**

Rannsóknastöðin Rif hóf starfsemi 2014 og er hlutverk hennar að efla og auka náttúrurannsóknir á Melrakkasléttu, m.a. með hliðsjón af skuldbindingum Íslands í norðurslóðasamstarfi. Einnig er hlutverk hennar að safna saman og miðla upplýsingum um náttúrufar á svæðinu og styðja nærsamfélagið með fræðslu og stuðningi við náttúrutengda ferðamennsku.

Líffræðingurinn Pedro Rodrigues var í vor ráðinn í stöðu forstöðumanns stöðvarinnar. Hann er portúgalskur að uppruna og hefur stundað rannsóknir meðal annars í Portúgal, Chile og á Íslandi en hann vann um tíma við Náttúrustofu Suðvesturlands. /MÞÞ

## Betri Borgarfjörður:

# Hyggjast hefja framleiðslu á borgfirskum bjór

**Sjö milljónum króna hefur verið úthlutað úr frumkvæðissjóði Betri Borgarfjarðar til samfélagslegra verkefna. Í fyrsta sinn síðan verkefnið hófst árið 2018 sóttu fleiri konur en karlar um styrki.**

Þeir eru hluti af verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir. Þetta var fjórða og síðasta úthlutun úr þessu verkefni en því lýkur í lok þessa árs.

Alls hefur verið úthlutað tæplega 35 milljónum króna til margvíslegra verkefna á Borgarfirði eystra frá því verkefnið hófst. Verkefni sem hlutu styrki nú eru að vanda fjölbreytt. Hæsta styrkinn hlaut félagið Blábjörg ehf., samtals 1,6 milljónir króna. Eigendur Blábjarga hafa samhliða hótelrekstri og endurbyggingu gamla Kaupfélagsins á Borgarfirði stofnað KHB Brugghús og hyggja þar á framleiðslu á borgfirskum bjór. Fyrirtækið framleiðir nú þegar landa og gin við góðan orðstír.

Ýmiss konar menningar- og listaverkefni voru áberandi við úthlutun styrkjanna að þessu sinni. /MÞÞ



Styrkjum var úthlutað í verkefninu Betri Borgarfjörður við hátíðlega athöfn. Verkefninu lýkur um næstu áramót og var þetta því í síðasta sinn sem styrkjum var úthlutað. Mynd / Vefur Byggðastofnunar.

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



„Það má segja að umferð um göngin í sumar hafi verið ævintýralega mikil, en það sem mest er um vert er að hún hefur gengið áfallalaust fyrir sig," segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga. Alls voru farnar 127 þúsund ferðir um göngin í júlí, um 4.100 á sólarhring.

## Aldrei meiri umferð um Vaðlaheiðargöng:

# Ævintýraleg umferð sem hefur gengið áfallalaust

## – segir framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga

**Umferð um Vaðlaheiðargöng, sem tengja saman Eyjafjörð og Þingeyjarsveit, hefur aldrei verið meiri en nú í nýliðnum júlímánuði. Alls voru farnar yfir 127 þúsund ferðir í heild sem jafngildir um 4.100 ferðir á dag.**

Þetta er um 11% fleiri ferðir en var árið 2019. Æ fleiri kjósa að aka göngin þegar þeir ferðast á milli í stað Víkurskarðs, en hlutfall þeirra sem hafa ekið þau er 74% en var 69% árið 2019.

### *Erlendir ferðamenn 10% þeirra sem greiða veggjald*

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, segir að dregið hafi úr umferð þegar nýjar sóttvarnareglur voru settar í lok júlí. Fram að þeim tíma var skínandi gott veður á Norður- og Austurlandi, sumarfrí í hámarki og margir á faraldsfæti. Hann segir að erlendum ferðamönnum hafi fjölgað eftir því sem á leið sumarið, en t.d að mynda í síðustu viku voru þeir um 10% þeirra sem greiddu veggjald. Aðallega er um að ræða ferðamenn frá Bandaríkjunum. „Það má segja að umferð um göngin í sumar hafi verið ævintýralega mikil, en það sem mest er um vert er að hún hefur gengið áfallalaust fyrir sig," segir Valgeir.

Á sama tíma og metumferð var um Vaðlaheiðargöng var líka mikil umferð um Víkurskarð og eins var áberandi að margir fóru gamla Vaðlaheiðarveginn, en hann er í meira en 500 metra hæð yfir sjávarmáli og býður upp á gott útsýni yfir Eyjafjörð. Enginn umferðarteljari er á þeim vegi né heldur um veginn um Dalsmynni sem tilheyrir Norðurstrandaleið.



### *Dregur úr umferð síðsumars*

Valgeir segir að eftir því sem liðið hefur á ágúst hafi dregið úr umferð og býst hann við 5 til 10% samdrætti næstu vikur miðað við það sem var, sem skýrist að mestu leyti af því að sumarleyfi eru á enda hjá flestum.

„Uppsöfnuð umferð er um 27% meiri en var á sama tíma í fyrra og það lítur út fyrir að þetta ár verði mun betra en árið 2020 og alveg sambærilegt við fyrsta starfsárið 2019," segir Valgeir. /MÞÞ

## Hringvegurinn:

# Fyrra met á Hringveginum slegið

**Umferðin á Hringvegi í nýliðnum júlí jókst um nærri sex prósent miðað við sama mánuð árið 2020.**

Met var slegið í mánuðinum en umferðin reyndist 2,3 prósentum meiri en í júlí 2019 þegar fyrra met var sett. Mest jókst umferðin á Austurlandi. Frá áramótum hefur umferðin aukist um tæp 10 prósent miðað við sama tíma fyrir ári. Útlit er nú fyrir að umferðin í ár geti aukist um 12 prósent en yrði eigi að síður minni en umferðin var árið 2019. Um verslunarmannahelgi jókst umferðin mikið frá því í fyrra, en var heldur minni um Hellisheiði en um sömu helgi 2019 en sú sama um Hvalfjarðargöng.

### *Milli mánaða*

Umferðin um 16 lykilteljara Vegagerðarinnar á Hringvegi reyndist tæplega 6% meiri í nýliðnum júlí borið saman við sama mánuð á síðasta ári. Umferðin reyndist mun meiri en spár gerðu ráð fyrir og var slegið nýtt met í umferðinni um lykilteljarana 16. Fyrra metið var frá árinu 2019 og reyndist umferðin nú 2,3% meiri en gamla metið.

Umferð jókst á öllum landsvæðum en mest um teljarasnið á Austurlandi, eða rúmlega 23% en minnst um hb.svæðið, eða 0,4%.

Umferð jókst einnig í öllum sniðum fyrir utan eitt, við Úlfarsfell en þar varð 1,3% samdráttur, en mest jókst umferð um mælisnið á Möðrudalsöræfum, eða tæp 34%.

Umferð hefur aukist í öllum landsvæðum en mest um Austurland, eða um rúmlega 20% en minnst um eða nálægt höfuðborgarsvæðinu, eða um rúmlega 7%.

### *Horfur út árið 2021*

Umferð jókst mun meira í nýliðnum júlí en gert var ráð fyrir og nú stefnir í að aukning umferðar á yfirstandandi ári verði líklegast í kringum 12%. Gangi sú spá eftir yrði umferðin samt sem áður rúmlega 3% minni en hún var árið 2019. /MÞÞ

FRÉTTIR




Toyota er með mest seldu tegundina af bílum í júlí, eða 260 selda fólksbíla.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

## Mikil sala í nýjum bílum:

# Nýorkubílar eru 65,5% allra seldra nýrra fólksbíla

**Sala nýrra fólksbíla í júlí jókst um 16,9 % miðað við júlí í fyrra, en alls voru skráðir 1.730 nýir fólksbílar nú, en í júlí 2020 voru 1.480 nýir fólksbílar skráðir.**

Í heildina eftir fyrstu sjö mánuði ársins hefur salan aukist um 37% miðað við sama tímabil í fyrra. Í ár hafa selst 7.770 nýir fólksbílar samanborið við 5.673 nýja fólksbíla í fyrra. Þetta kemur fram í upplýsingum frá Bílgreinasambandinu.



Nýorkubílar eru 65,5 % allra seldra nýrra fólksbíla það sem af er árinu 2021.

*8,1% aukning til einstaklinga*

Til einstaklinga seldust 499 nýir fólksbílar í júlí samanborið við 524 á sama tíma í fyrra og er því samdráttur í sölu til einstaklinga 4,8% milli ára í júlí.

Það sem af er ári hafa selst 3.206 nýir fólksbílar til einstaklinga en í fyrra á sama tíma var búið að selja 2.966 nýja fólksbíla sem þýðir aukningu í sölu til einstaklinga upp á 8,1% það sem af er ári.

*Nýir bílar til fyrirtækja og bílar til ökjutækjaleiga*

Almenn fyrirtæki (önnur en ökutækjaleigur) keyptu 119 nýja fólksbíla í júlí í ár miðað við að hafa keypt 184 bíla í júlí í fyrra.

Það sem af er ári hafa selst 1.097 nýir fólksbílar til almennra fyrirtækja en í fyrra á sama tíma voru seldir 1.027 nýir fólksbílar og er því aukning milli ára 6,8%.

Sala til ökutækjaleiga heldur áfram að aukast sé horft til síðastliðins árs og seldust 1.095 nýir fólksbílar í ökutækjaleigu samanborið við 723 á sama tíma í fyrra en það er aukning upp á 51,5% miðað við júlí 2020.

Það sem af er ári hafa verið skráðir 3.386 nýir fólksbílar í ökutækjaleigu samanborið við 1.585 bíla í fyrra og er því aukning í sölu fólksbíla til ökutækjaleiga tæplega 114%.

*Nýorkubílar slá í gegn*

Nýorkubílar (rafmagns, tengiltvinn, hybrid, metan) eru 65,5% allra seldra nýrra fólksbíla á árinu en hlutfall nýorkubíla heldur áfram að aukast jafnt og þétt enda er vöruúrval stöðugt að aukast með fleiri valkostum (rafmagn 19,2%, tengiltvinn 24,4% og hybrid 22%) en þetta hlutfall var í heildina 51,4% á sama tíma á síðasta ári.

Í júlí var Toyota mest selda tegundin með 360 selda fólksbíla, þar á eftir kemur Kia með 331 seldan fólksbíl og þriðja mest selda tegundin í júlí var Hyundai með 193 fólksbíla skráða. /MHH

Lely Center Ísland



STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Nýliðunarstuðningur í **landbúnaði**

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um nýliðunarstuðning í landbúnaði í samræmi við IV. kafla reglugerðar nr. 430/2021 um almennan stuðning við landbúnað.

Markmið stuðningsins er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði.

**Þeir einstaklingar einir geta sótt um stuðning sem uppfylla neðangreindar kröfur:**

1. Uppfylla skilyrði skv. 3. gr. reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað
2. Eru á aldrinum 18-40 ára á því ári sem óskað er eftir stuðningi.
3. Eru að kaupa búrekstur eða hlut í búrekstri í fyrsta skipti eða hafa leigt eða keypt búrekstur innan þriggja ára frá 1. janúar á umsóknarári.
4. Hafa ekki áður hlotið nýliðunarstuðning samkvæmt reglugerð þessari að teknu tilliti til 17. gr.
5. Hafa ekki hlotið nýliðunarstuðning í mjólkurframleiðslu eða bústofnskaupastyrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt samkvæmt þágildandi reglum árin 2015-2016.
6. Hafa með sannarlegum hætti lagt út fyrir fjárfestingu annaðhvort með eigin fé eða lántöku.

**Fylgiskjöl með umsókn eru eftirfarandi:**

1. Yfirlýsing um að umsækjandi sé nýliði.
2. Upplýsingar um eignarhald lögaðila úr fyrirtækjaskrá RSK, sé um lögaðila að ræða.
3. 5 ára rekstraráætlun með greinargerð, unnin af fagaðila, svo sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.
4. Afrit af þinglýstum kaupsamningi vegna fjárfestingar sem óskað er
5. stuðnings við.
6. Afrit af reikningum fyrir kaupum.
7. Afrit af leigusamningi, ef við á.

**Áhugasömum umsækjendum er bent á að kynna sér breyttar forgangsreglur.**

Umsóknum skal skila inn á www.afurd.is
greiðslukerfi landbúnaðarins og er umsóknarfrestur **1. september n.k.**

**Stjórnarráð Íslands**
Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið

Pronar heyvinnutæki tilbúin til afhendingar strax

PRONAR

Sláttuvélar


PDT300


PDT340


PDF300C


PDD830

Rakstrarvélar


PWP900

Tætlur


PWP530


ZKP800

Hafðu samband og fáðu verðtilboð

JÖTUNN

AFLVÉLAR Austurvegi 69 | 800 Selfoss | Sími 480 0400 | aflvelar.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

# STEKKUR

## Besti hlutinn neðanjarðar

**Kartöflur rekja uppruna sinn til Andesfjalla í Suður-Ameríku. Villtar kartöflur hafa verið mikilvægar sem fæða allt frá því að menn byrjuðu að neyta þeirra fyrir 7 til 10 öldum síðan.**

Kartöflur voru fyrst ræktaðar hátt til fjalla, þar sem þær hafa aðlagast köldum vaxtarskilyrðum og kann það að vera skýringin á því hversu vel þær hafa aðlagast veðurfari á norðurslóðum.

Kartöflur eru af náttskuggaætt og sýnir ættrækni sína í því að jurtin er öll eitruð að hnýðinu undanskildu. Hnýði sem vaxa nálægt yfirborðinu eru oft græn á litinn og eitruð, en eitrið hverfur við suðu.

Jurtin er fjölær og geta stönglar hennar náð 1,5 metra hæð. Blöðin fjöðruð, tennt og eilítið loðin, blómin með fimm krónublöðum, fölbleik eða hvít á litinn, berin sem myndast að lokinni blómgun eru græn og ekki ósvipuð óþroskuðum tómötum enda jurtirnar skyldar. Fræi kartaflna er yfirleitt ekki sáð nema til að fá fram nýja stofna í kynbótaskyni. Kartaflan sjálf er rótarhnýði og forðabúr plöntunnar sem myndast við endann á neðanjarðarrenglum.

Kartöflur voru fyrst ræktaðar á Íslandi af sænska baróninum F. W. Hastfer. Baróninn seti þær niður á Bessastöðum á Álftanesi vorið 1758 og fékk þokkalega uppskeru.

Séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, séra Guðlaugur Þorgeirsson í Görðum á Álftanesi og séra Jón Bjarnason á Ballará munu svo hafa reynt kartöflurækt árin 1759 og 1760. Björn hvatti menn mjög til að rækta kartöflur en það mun hafa gengið illa fyrstu árin. Kartöflurækt hófst ekki fyrir alvöru hér á landi fyrr en á árunum 1807 til 1814, en þá var matarskortur í landinu og þá lærðu landsmenn að borða þær með bestu lyst.

Hér á landi eru ýmis íslensk afbrigði í ræktun, eins og til dæmis rauðar íslenskar. Talið er að ræktun þeirra hafi hafist hér á landi fyrir um 150 til 200 árum. Þær eru hnöttóttar með djúp augu og djúpan nafla. Hnýðið er rautt en kartaflan fölgul að innan með rauðum hring. Talið er að þessar kartöflur hafi komið hingað frá Danmörku. Ólafur Jónson tilraunastjóri valdi úrval af rauðum íslenskum til ræktunar og kallast þær Ólafsrauður.

Gullauga er gamalt norskt afbrigði sem farið var að rækta hér um miðja síðustu öld. Þær eru hnöttóttar með gult hnýði og gulan mjölva. Augun eru venjulega rauð.

Helga er afbrigði sem talið er að hafi myndast vegna stökkbreytingar á gullauga. Helgu svipar mjög til gullauga nema hvað hnýðið er rautt. Til eru nokkur fleiri afbrigði sem bera íslensk nöfn og má þar nefna bleikrauðar íslenskar, Akraneskartöflur, Akureyrarkartöflur, Helgu-hvammskartöflur, bláar kartöflur, akurblessun, jarðargull, stóri skoti, Blálandsdrottning, blálandskeisari og bláeygð. Fjöldi afbrigða sem hér hefur verið reyndur skiptir tugum. Nöfn afbrigða sem einstaklingar hafa flutt inn eru mjög á reiki.

Kartöflurækt og kartöfluneysla er svo almenn á Íslandi í dag að segja má að Íslendingar borði kartöflur með öllum mat og mörgum finnst máltíðin fátækleg séu ekki kartöflur í boði.

Gamall enskur málsháttur segir að sá sem sífellt gortar sig af forfeðrum sínum sé eins og kartafla. Bestu hlutar hans eru neðanjarðar.

/VH

---

**NYTJAR HAFSINS**

# „Fiskveiðistjórn í Japan verður að breytast“

## – segir Ayumu Katano, höfundur fjögurra bóka um japanskan sjávarútveg




Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson
binni@vsv.com


**Japan er 3. stærsta hagkerfi heims, næst á eftir Bandaríkjunum og Kína. Í Japan búa 127 milljónir manna. Meðallaun á mann í Japan voru 4,7 milljónir króna árið 2020 en á Íslandi eru meðallaun á mann um 8,3 milljónir króna skv. tölum frá OECD, eða um 75% hærri en í Japan.**

Eins og allir vita eru Japanir kröfuhörð og mikil fiskneysluþjóð. Áætlað er að hver Japani borði um 46 kg af fiski árlega sem er með því mesta í heiminum. Okkur lék forvitni á að vita hvernig Japanir, þessi mikla og kröfuharða fiskneysluþjóð, stjórnaði fiskveiðum sínum.

Ayumu Katano hefur skrifað fjórar bækur um nauðsyn þess að breyta fiskveiðistjórnun í Japan. Hann hefur komið milli 20–30 sinnum til Íslands, fyrst árið 1991, auk margra ferða til Noregs. Hann þekkir því vel til samanburðar milli fiskveiðistjórnarkerfa og féllst á að segja okkur frá fiskveiðum og fiskveiðistjórn í Japan. „Ég hef séð miklar breytingar á íslenskum sjávarútvegi síðan 1991, en þá kom ég fyrst til Vestmannaeyja. Þá voru fiskvinnslurnar mjög gamlar og úr sér gengnar, skipin mörg og mun lakari en þau eru í dag, sérstaklega hvað varðar meðferð og kælingu afla. Það er gaman að sjá allar þær framfarir sem orðið hafa á Íslandi á þessum tíma.

Á Íslandi eru laun sjómanna há og sjávarútvegsfyrirtækin að fjárfesta í skipum og fiskvinnslu. Þetta er gjörólíkt því sem við sjáum í japönskum sjávarútvegi,“ sagði Katano.



Brúin í japönsku túnfiskveiðiskipi. Enginn stóll fyrir skipstjórann.

### *Fiskveiðistjórnun í Japan*

Fiskveiðistjórnun í Japan hefur verið svipuð undanfarin 70 ár en þeim er aðallega stjórnað með lögum og reglum sem takmarka sókn s.s. lengd skipa, vélarafli, veiðarfærum og veiðitímabilum um hver má fara hvenær. Líklega er sóknarstýring besta lýsingarorðið um fiskveiðistjórnina. „Ríkið gefur út kvóta í mikilvægustu tegundunum en þeir eru í litlu samræmi við vísindalega ráðgjöf. Til dæmis hefur útgefinn kvóti í makríl ekki náðst undanfarin 10 ár svo að veiðin er í raun frjáls. Sjómönnum hefur einungis tekist að veiða um 60% af útgefnum makrílkvóta á þessu tímabili. Það leiðir til þess að sjómenn reyna að veiða fisk af hvaða stærð og gæðum sem er og hvenær sem er. 40% aflans er þar af leiðandi ekki nýttur til manneldis, heldur sem beita eða fer beint í bræðslu vegna lakra gæða. Það sama á við þorsk sem veiddur er við Japan. Ofveiði er mikil og skipin landa fiski niður í 100–200 grömm sem er auðvitað langt frá því að vera eðlilegt,“ segir Katano.

### *Japanskur makríll er nánast eins og makríll í N-Atlantshafi*

„Japanskur makríll er nánast eins og makríll sem veiddur er í NA-Atlantshafi. Eini raunverulegi munurinn er að makríll í Atlantshafi er ca 5% feitari, þegar hann er feitastur, á haustin. Að öðru leyti er fiskurinn eins. Magur eftir hrygningu á vorin, fitnar svo í ætisleit á sumrin og er í besta ástandinu á haustin og fram að áramótum. Ef japanskur makríll væri veiddur með sama eða sambærilegum hætti og í Noregi, þá værum við með afskaplega góða vöru fyrir japanska neytendur sem og aðra, öllum til hagsbóta.“



Ayumu Katano, höfundur 4 bóka um japanskan sjávarútveg.

### *Fiskimenn í Japan eru fátækir og gamlir*

„Staða japansks sjávarútvegs er slæm. Fiskistofnar eru ofveiddir og því dýrt að veiða fiskinn. Vegna slæms skipulags er meðalverð á japönskum makríl mjög lágt. Útflutningsverð á japönskum makríl er að meðaltali 110 YEN/kg á sama tíma og við flytjum inn makríl frá Noregi á 220 YEN/kg. Kaupendur japansks makríls er fátækt fólk í Afríku og Asíu sem er að leita að ódýru próteini en ekki að gæðavöru sem makríllinn gæti verið.

Af þessu öllu leiðir að laun japanskra sjómanna eru afskaplega lág. Meðallaun japanskra sjómanna eru um 2 milljónir jena á ári (2,2 milljónir íslenskra króna) sem er helmingi lægri en meðallaun í Japan. Meðalaldur japanskra sjómanna er um 60 ár og endurnýjun lítil, sem er auðvitað eðlileg afleiðing af lágum launum.“




Bækur Katano.

### *Fjárfestingar litlar í skipum og fiskvinnslu*

„Japanski fiskiskipaflotinn er mjög gamall og úr sér genginn. Skipin eru of mörg og þótt kvótinn sé nægur þá fiskast lítið. Aðbúnaður áhafna er slæmur. Sem dæmi þá er í fæstum skipum stóll fyrir skipstjórann að sitja í við stjórn skipsins. Rúm í káetum eru of stutt þar sem skipin eru gömul og japanska þjóðin er að hækka. Við erum ekki með kvóta á skip eins og á Íslandi. Af þeim ástæðum fara allir á sjó þegar veður leyfir og fiskjar er von. Afleiðingin er sú að stundum er allt of mikill afli og stundum enginn. Það er engin stjórn og ekkert skipulag við veiðarnar.

Sjómenn eru ekki að reyna að hámarka verðmætin heldur fiska sem mest. Af þessu leiðir að það eru mjög miklar sveiflur á fiskmörkuðum, bæði í magni og verði. Þetta gerir það að verkum að mjög erfitt er að reka fiskvinnslur í Japan. Kostnaður er mikill og mikið af fiski sem gæti verið góð afurð verður verðlítil vegna lakra gæða. Það eru því ekki til peningar, hvorki til að fjárfesta í skipum né fiskvinnslum. Þetta tapa allir á þessu fyrirkomulagi,“ segir Katano.

### *Hörpudiskveiðar ganga vel*

En það er ekki allt vonlaust í japönskum fiskveiðum. „Hörpudiskveiðar í Japan er alger undantekning frá reglunni,“ segir Katano. „Þar er fyrirkomulag veiðanna með allt öðrum hætti. Þar hafa fiskimennirnir skipt veiðisvæðum hörpudisks upp á milli sín. Þeir gæta fiskimiðanna og vernda búsvæði hörpudisksins og aðstoða m.a. við hrygninguna, því þannig eiga þeir von á betri nýliðun. Þeir ákveða sjálfir hvernig og hvenær þeir uppskera. Í sumum tilvikum eru þeir farnir að rækta hörpudiskinn frá upphafi til enda. Skipulag veiðanna er meira í ætt við landbúnað heldur en fiskveiðar. Þessar fiskveiðar, ef fiskveiðar má kalla, ganga afar vel. Skipulag veiðanna er gott, vinnslurnar fá hæfilegt magn til vinnslu á hverjum degi, ferskleiki er tryggður og markaðssetning japansks hörpudisks hefur gengið vel. Útflutningstekjur Japana af hörpudisk hafa aukist gríðarlega samhliða auknum veiðum. Hér er allt annað upp á teningnum en í öðrum fiskveiðum í Japan. Hér eru laun sjómanna há, fyrirtækin hagnast og hafa getu til að fjárfesta í tækni, rannsóknum og þróun og markaðssókn á erlendum mörkuðum. Nú er svo komið að japanskur hörpudiskur er ein eftirsóttasta vara á japönskum veitingahúsum í Bandaríkjunum og víðar um heim,“ sagði Katano.



Japanskur þorskur.

### *Breytinga þörf í Japan*

„Japönsk stjórnvöld verða að gera miklar breytingar á stjórn fiskveiða og gera þær sjálfbærar. Ég hef talað fyrir því í bókum mínum að gera breytingar að íslenskri fyrirmynd með því að gefa út kvóta á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar og að kvótar verði gefnir út á skip. Það er að mínu áliti besta leiðin til að endurreisa japanskan sjávarútveg,“ sagði Katano að lokum.

NYTJAR HAFSINS




**Útbreiðsla og þéttleiki makríls, síldar, kolmunna og hrognkelsa.**
Mynd / Hafrannsóknastofnun.

Uppsjávarvistkerfisleiðangur í Norðurhöfum:

# Útbreiðsla og þéttleiki uppsjávarfiska mæld

**Rannsóknaskipið Árni Friðriksson kom í höfn fyrir skömmu eftir að hafa lokið þátttöku í árlegum uppsjávarvistkerfisleiðangri í Norðurhöfum að sumarlagi. Í leiðangrinum var farið í kringum landið og teknar 64 togstöðvar. Auk þess voru gerðar sjómælingar og teknir átuháfar.**

Í leiðangrinum var rannsökuð útbreiðsla og þéttleiki makríls, síldar og kolmunna í íslenskri landhelgi að undanskildum suðausturhluta hennar sem Færeyingar og Norðmenn rannsökuðu. Samkvæmt því sem segir á vef Hafrannsóknastofnunar sýna bráðabirgðaniðurstöður að magn makríls í íslenskri landhelgi er meira en sumarið 2020 en mun minna en áratuginn þar á undan. Makríll hefur áberandi meiri útbreiðslu fyrir austan landið en sumarið 2020 en þéttleikinn er lítill.

Líkt og undanfarin ár veiddist norsk-íslensk vorgotssíld á flestum togstöðvum fyrir norðan og austan landið og íslensk sumargotssíld veiddist á landgrunninu fyrir sunnan og vestan landið.

0-ára kolmunni veiddist við landgrunnsbrúnina fyrir sunnan og vestan landið sem gerðist síðast í þessum leiðangri sumarið 2011. Lítið mældist af kynþroska kolmunna.

Hrognkelsi voru með mesta útbreiðslu allra tegunda og veiddust á 59 af 64 stöðum. Í leiðangrinum voru merkt alls 451 hrognkelsi.

Gögn frá skipunum fimm sem taka þátt í leiðangrinum verða tekin saman og greind fljótlega og niðurstöður þeirrar vinnu kynntar í lok ágúst. /VH















LANDSJÁ

# Tækifæri í kynbótum nytjajurta

**Bóndi fyrir austan hélt því fram að það væri eins og menn hefðu tekið sér frí frá kynbótum á nytjajurtum.**


Kári Gautason.

Þetta minnti hann á söguna af konunni sem hafði fylgst lengi með tveimur mönnum sem skiptust á við að grafa holu og fylla upp í hana. Hún spurði að lokum hvað í ósköpunum þeir væru að gera? Það stóð ekki á svarinu: „Við vinnum hjá borginni og sá sem sér um að planta trjánum er í fríi.“

Síðustu áratugi hefur framleiðni í íslenskum landbúnaði aukist gríðarlega. Hluti þeirrar framleiðniaukningar er vegna innleiðingar á nýrri tækni í húsakosti og vélum, bættri fóðrun og þess háttar. En stór hluti er vegna kynbóta á búfé og jurtum. Framleiðniaukning vegna kynbóta hefur í för með sér varanlega breytingu þannig að minna verður meira. Í sögunnar rás hafa kynbætur á dýrum og plöntum verið það sem skilur að veiðimannasamfélög fornaldar og siðmenningu flókinna samfélaga nútíma. Kýr á Íslandi mjólka margfalt meira en þær gerðu fyrir hundrað árum og um það bil tvöfalt miðað við fyrir þrjátíu árum. Nota þyrfti sömu verkfærakistu í skógrækt og landgræðslu til þess að auka árangur í umhverfismálum.

Síðustu áratugina hafa bændur semsagt varið miklu fé í kynbætur til þess að bæta samkeppnishæfni sína. Ríkið kemur að því starfi í gegnum búvörusamninga, enda eru kynbætur ein öruggasta fjárfesting sem hægt er að stunda. Nú síðast hafa kúabændur og afurðastöðvar þeirra fjárfest í því að hefja innleiðingu á nýjustu tækni í kynbótum mjólkurkúa, erfðamengisúrvali. Það má teljast til mikillar framsýni kúabænda að hefjast handa við innleiðingu erfðamengisúrvals nokkurn veginn um leið og sýnt hefur verið fram á að það væri yfirhöfuð hægt í eins litlum stofni og búið er við hérlendis. Sama metnaði hefur ekki verið fyrir að fara á öðrum sviðum.

*Hunsum ekki plöntukynbætur*

Kynbætur á nytjajurtum hafa ekki fengið föst framlög, því hefur það starf verið háð mikilli óvissu um úthlutun styrkja úr hinum ýmsu sjóðum. Slíkt er ótækt til lengdar. Landbúnaður byggir á nýtingu jurta, hvort sem þær eru nýttar beint til manneldis eða notaðar sem aðföng í framleiðslu kjöts og mjólkur. Því er ekki hægt að hunsa grunninn – plöntukynbætur. Fleiri atriði skipta þó máli hér. Um áratugaskeið hefur Landgræðslan haldið úti verkefninu „Bændur græða landið“. Allan þann tíma hafa framfarir í því góða starfi verið afar litlar – bændur fá úthlutað túnvingli og tilbúnum áburði ár eftir ár. Lítið eða ekkert hefur verið unnið að því að kynbæta túnvingulinn eða stunda á því rannsóknir hvaða aðrar tegundir mætti nýta til þess að flýta fyrir uppgræðslu.

Um þýðingu kynbóta má taka dæmi úr annarri átt. Þangað til nýlega stóð bændum til boða þrjátíu ára gamalt erfðaefni í nautakjötsframleiðslu. Á þessu varð breyting með innflutningi á nýju erfðaefni í holdanautastofninn. Hún hefur skilað miklum framförum í gæðum og framleiðni. Sama krafta ætti að vera uppi gagnvart plöntukynbótum – að minna verði meira.

*Sameining krafta í kynbótum*

Raunar má færa fyrir því rök að sameina ætti krafta í kynbótum á einn stað. Það gildir einu hvort verið er að kynbæta húsdýr eða plöntur – allt byggir þetta á sömu lögmálunum. Hægt er að beita erfðamengisúrvali og því er beitt með góðum árangri í nytjajurtarækt erlendis. Skógræktin hefur stundað kynbætur að einhverju marki en að því er virðist aðallega með aðferðum liðinnar aldar. Þær aðferðir hafa þó nýst vel í því að gera tré úr hinu smávaxna og kræklótta íslenska birki. Þar hefur Þorsteinn Tómasson, fyrrv. forstjóri RALA, unnið merkilegt starf, sem hefur skilað sér í hraðvaxta og beinvöxnu birki. Í skógrækt eru kjöraðstæður fyrir upptöku erfðamengisúrvals. Ættliðabil í skógrækt er gríðarlangt og mikill akkur af því að stytta það – líkt og hægt er með erfðamengisúrvali. Með því að stytta ættliðabilið má auka framfarir um tugi eða hundruð prósenta á ári.

*Nútíminn í landgræðslu og skógrækt*

Besta leiðin til að ná árangri er að setja á fót kynbótamiðstöð nytjajurta á grunni jarðræktarmiðstöðvar Landbúnaðarháskólans. Verkefni miðstöðvarinnar væru mjög einföld. Setja þarf ræktunarmarkmið í samvinnu við bændur og aðra hagaðila – sem eru stærstu notendur þessarar vöru, trjáplantna eða landgræðslujurta. Vinna þarf svo skipulega með nýjustu tækni og leiðir við að ná árangri í ræktun. Allt eru þetta þekktar aðferðir sem notaðar hafa verið í marga áratugi til þess að margfalda framleiðni í landbúnaði. Það er tími til kominn að stórbæta efniviðinn í landgræðslu og skógrækt á Íslandi. Tími til þess að plöntukynbótafríinu ljúki og hafist verði handa.

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

FRÉTTIR



Fjölmargar fjallahjólaleiðir eru í Fljótsdal, ein þeirra er í gegnum Ranaskóg en hér má sjá þá leið á korti.
Myndir / Einkasafn

## Fjallahjólaleiðir í Fljótsdal gerðar aðgengilegar:

# Fjöldi fólks sýnt verkefninu áhuga

## – Nýta gamla slóða og kindagötur sem liggja um dali og fjöll

**„Við erum afskaplega ánægð yfir þeim mikla fjölda fólks sem hefur sýnt þessu verkefni okkar áhuga,“ segir Sólrún Júlía Hjartardóttir frá Hrafnkelsstöðum í Fljótsdal sem ásamt Kjartani Benediktssyni hefur unnið við það að skrá og útbúa fjallahjólaleiðir í Fljótsdal. Verkefnið er unnið með styrk frá Samfélagssjóði Fljótsdals.**

„Okkar hugmynd var fyrst og fremst að nýta gamla slóða og kindagötur sem liggja hér í dölum og fjöllum og koma þeim fjölmörgu fjallahjólaleiðum sem Fljótsdalurinn býður upp á á framfæri, gera þær færar og aðgengilegar með því að merkja þær,“ segir Sólrún Júlía.

*Bæta við þjónustu við fjallahjólafólk*

Fyrstu leiðirnar eru tilbúnar og sú fyrsta sem var merkt liggur í gegnum Ranaskóg. Þá má nefna skemmtilega leið út Norðurdal, hún liggur niður með Jökulsá í Fljótsdal, með hinni fögru fossaröð sem áin er sennilega þekktust fyrir. Upphaf leiðarinnar er yst á Eyjabökkum skammt undan Snæfelli og slóðin endar við bæinn Glúmsstaðasel sem er innsti bærinn í Norðurdal. Upplýsingar um leiðir eru birtar á Facebook-síðunni Hel-Fjallahjólaleiðir í Fljótsdal og á FatMap. Síðar í sumar munu fleiri leiðir bætast við og ríflega tvöfalt fleiri á næsta ári. Lýsingar verða aðgengilegar á leiðunum. Júlía segir að þau Kjartan ætli sér innan tíðar að veita ýmsa þjónustu til notenda leiðanna og þeirra hópa sem vilja hjóla eftir þeim.



Skilti hafa verið sett upp á leiðinni.

*Stefna á að merkja allt að 15 fjallahjólaleiðir*

Hún segir að vonast sé til að síðar í sumar verði hægt að koma á bilinu fjórum til sex leiðum almennilega á framfæri. „Vorið var óvenjulegt og það hægði á okkur,“ segir hún og bætir við að á næsta ári vonist þau til að hafa náð að merkja mun fleiri fjallahjólaleiðir sem tengjast Fljótsdalnum. Hún segir að þegar lengri leiðir opnist hafi þau í hyggju að bjóða áhugasömu hjólafólki upp á að setja upp fyrir það pakka sem inniheldur skutl á milli staða, gistingu, mat, heitan pott og upplifun í þeirri stórkostlegri íslenskri náttúru sem Fljótsdalurinn býður upp á. /MÞÞ





Sólrún Júlía Hjartardóttir frá Hrafnkelsstöðum í Fljótsdal og Kjartan Benediktsson hafa skráð og merkt fjallahjólaleiðir í Fljótsdal.

FRÉTTIR

# Lágt afurðaverð veldur bændum miklum vonbrigðum

**Nú þegar afurðaverð haustsins eru að koma fram er ljóst að sú leiðrétting sem sauðfjárbændur hafa kallað eftir er ekki að nást fram.**

Sauðfjárbændur munu að óbreyttu standa eftir nær launalausir enn eitt árið. Landssamtök sauðfjárbænda settu fram viðmiðunarverð til tveggja ára síðastliðið haust. Þar var gert ráð fyrir því að afurðaverð haustið 2020 yrði 600 kr/kg og haustið 2021 færi verðið upp í 700 kr/kg. Þetta verð var sett fram sem hófleg krafa og horft til þess að nú í haust væri búið að vinna að fullu til baka 40% verðfall sem varð 2016-2017.

Í maí á þessu ári kom út skýrsla, unnin af Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, sem heitir Afkoma sauðfjárbænda á Íslandi og leiðir til að bæta hana. Þar kemur skýrt fram að rekstur sauðfjárbúa hefur verið erfiður á undanförnum árum og verulega skorti á að tekjur standi undir öllum rekstrarkostnaði. Ljóst er að það afurðaverð sem nú er boðað er ekki að fara að breyta þessari stöðu. Það er sanngjörn og eðlileg krafa að bændum sé tryggð viðunandi afkoma af sinni framleiðslu.

Verðlagning á kindakjöti er frjáls á öllum stigum og því er það algjörlega á valdi sláturleyfishafa að ákveða afurðaverð og þar með afkomu bænda. Ákvörðun sláturleyfishafa um afurðaverð tekur mið af því hvernig til tekst með sölu á innanlandsmarkaði og árangri af útflutningi á kindakjöti, gærum og hliðarafurðum. Frá því að afurðaverðið féll 2016-2017 hefur orðið umtalsverður samdráttur í framleiðslu, sem nemur nær 1.000 tonnum af dilkakjöti. Þá hefur verð á erlendum mörkuðum batnað. Aðstæður eru því allt aðrar en þær voru haustið 2016-2017, þegar verðhrun varð á erlendum mörkuðum og birgðir söfnuðust upp. Á móti vegur að kostnaður við slátrun hefur hækkað verulega, einkum vegna hækkunar launa. Þá hefur tollvernd á kjötmarkaði gefið verulega eftir. Þá er ljóst að þróun og útbreiðsla á Covid-19 skapar óvissu í rekstrarumhverfi afurðastöðva.

Í skýrslu LbhÍ um afkomu sauðfjárbænda og leiðir til að bæta hana er lögð fram aðgerðaráætlun sem byggja á þremur megin nálgunum: 1. tryggja áframhaldandi hagræðingu í búrekstri, 2. stuðla að hagræðingu í rekstri sláturhúsa og 3. hagkvæmari fyrirkomulagi í útflutningi. Allt eru þetta aðgerðir sem Landssamtök sauðfjárbænda og Bændasamtök Íslands hafa bent á og taka heils hugar undir.

Nú þegar er unnið að því að efla greiningu á hagtölum sauðfjárbúa og gera átak í að miðla þeim upplýsingum þannig að bændur geti gert enn betur í sínum búrekstri. Þar er byggt á afar vel unnu verkefni á vegum RML þar sem rekstur sauðfjárbúa hefur verið greindur. Þær niðurstöður sýna að víða eru tækifæri til að gera betur.

Stjórnvöld í samstarfi við sláturleyfishafa hafa unnið að mótun tillagna að aðgerðum sem skapað geta forsendur fyrir aukinni hagræðingu við slátrun og vinnslu. Hins vegar hefur ekki náðst að ljúka þessari vinnu þrátt fyrir að slík aðgerð væri skilgreind sem hluti af endurskoðun stöðugleikasáttmálans. Afar mikilvægt er að þessari vinnu verði haldið áfram og að henni ljúki sem fyrst. Samanburður við sláturkostnað erlendis sýnir að með aukinni hagræðingu má ná fram verulegum ávinningi.

Þegar hrun varð á afurðaverði 2016-2017 vegna markaðsbrests á erlendum mörkuðum voru engin verkfæri sem gátu mildað höggið og því varð hrun afurðaverðs nær stjórnlaust og tjón bænda gífurlegt. Landssamtök sauðfjárbænda og Bændasamtök Íslands hafa bent á það að hér á landi þurfi að vera til skilgreindur verkfærill sem nýta má til þess að grípa inn í aðstæður þegar verður forsendubrestur. Það er mikilvægt að byggja upp slíkar varnir og þannig stuðla að stöðugleika í afkomu til lengri tíma.Allt stefnir í verulegan afkomubrest hjá sauðfjárbændum í haust. Ljóst er að áframhaldandi samdráttur verður í framleiðslu að óbreyttu, enda bændur fyrir löngu komnir yfir þolmörk í sínum rekstri. Þau störf sem sauðfjárræktin skapar um land allt, bæði bein og óbein, eru ein af grunnstoðum atvinnulífsins í hinum dreifðu byggðum. Verði ekki snúið af þessari leið munum við sjá verulega fækkun bænda á næstu árum með ófyrirséðum afleiðingum á þróun búsetu. Bændasamtök Íslands skora á stjórnvöld og sláturleyfishafa að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja sauðfjárbændum sanngjarna afkomu.

*Unnsteinn Snorri Snorrason*
*ábyrgðarmaður sauðfjárræktar hjá Bændasamtökum Íslands*




**Myndin sýnir þróun afurðaverðs til bænda árin 2013-2021. Gert er ráð fyrir að hækkun afurðaverðs árið 2021 verði 6%. Grái hluti súlunnar er það sem vantar upp á til þess að afurðaverð hefði fylgt almennu verðlagi. Á tímabilinu hefur almennt verðlag hækkað um 22%. Að óbreyttu verður afurðaverð 2021 10% lægra en það var árið 2013. Hefði afurðaverð árið 2013 fylgt almennu verðlagi þá væri það um 725 kr/kg en verður miðað við 6% hækkun milli ára 534 kr/kg.**





















Kúluhúsið Auðkúla er rúmlega 200 fermetrar að stærð með innigarðinum og þar er að finna fjölbreyttan Miðjarðarhafsgróður innandyra. Í skóginum í kring, sem nefnist Gerðarmörk, eru alls kyns plöntur sem óvíða finnast á Íslandi. Myndir / ehg og úr einkasafni.

## Við bakka Ytri-Rangár:

# Kynngimagnað kaffihús í kúluhúsinu á Hellu

## – Opnað 17. júní síðastliðinn við mikinn fögnuð

**Það er sannkallaður ævintýraheimur að koma til hjónanna Birnu Berndsen og Páls Benediktssonar í Auðkúlu við Hellu. Nýlega opnuðu þau kaffihús í innigarði kúluhússins sem þau búa í og stendur við árbakka Ytri-Rangár.**

Þau keyptu kúluhúsið og jörðina fyrir rúmu ári síðan af Gerði Jónasdóttur, sem lést á dögunum. Hún byggði húsið árið 1993 og plantaði nokkur hundruð tegundum af trjám og runnum, sem hún ræktaði meira og minna sjálf upp af fræjum.

„Við fluttum hingað af Miklubrautinni í Reykjavík í fyrra og þetta kom nokkuð fljótlega til okkar, þessi hugmynd um að leyfa fleirum að njóta töfraheimsins sem þessi staður býr yfir. Við köllum skóginn hér Gerðarmörk. Kaffihúsið opnuðum við á þjóðhátíðardaginn 17. júní og það er í raun búið að vera brjálað að gera og gengið framar vonum,“ segir Birna.



Kötturinn Úa með fína hálskragann sinn er vakin og sofin yfir kaffihúsinu og vekur jafnan mikla lukku meðal gesta staðarins.

### *Fékk skipun að ofan*

Gerður Jónasdóttir lést þann 22. júlí síðastliðinn, 93 ára að aldri, og óhætt er að segja að lífsstarf hennar hafi verið um margt óvenjulegt og ótrúlegt í raun. Hún var rúmlega sextug þegar hún hófst handa við að byggja kúluhúsið og planta ævintýraskógi í kringum það.

„Hún bjó hér alltaf ein og ræktaði upp þessa paradís á 30 árum. Hér er að finna hátt í tvö hundruð tegundir af trjám, sumar sem eiga varla að geta lifað hérlendis. Hún ræktaði nánast allt upp af fræjum og með natni og mikilli vinnu ræktaði hún skóginn af miklum myndugleika. Hér hafa komið ýmsir garðyrkjuspekúlantar, tekið andköf og fullyrt að hvergi annars staðar á landinu sé að finna viðlíka plöntuflóru, nema þá helst í lystigörðum,“ segir Páll og Birna bætir við:

„Sagan er stórmerkileg. Gerður sagði okkur að rétt eftir að maðurinn hennar dó hafi hún fengið skipun að ofan þar sem henni var sagt að byggja kúluhús. Hún starfaði í Tjaldborg á þessum tíma og ákvað að hlýða skipuninni. Hún hafði samband við Elías Skaftason á Ísafirði, sem var frumkvöðull hérlendis í að byggja sér kúluhús til búsetu. Í framhaldinu ræddi hún við Einar Þorstein Ásgeirsson arkitekt, sem teiknaði fyrir hana húsið. Hann var mikill talsmaður kúluhúsa og hélt því fram að allir Íslendingar ættu að hafa eigin innigarð.“

### *Kristallabyggingar og kúluhús*

Einar Þorsteinn arkitekt var um margt merkilegur maður og frumkvöðull á sínu sviði. Hann kom oft í heimsókn til Gerðar í Auðkúlu og tókst með þeim sönn vinátta.

„Einar starfaði með Buckminster Fuller frá Bandaríkjunum sem má segja að sé frumkvöðull í byggingu nútíma kúluhúsa í heiminum. Einar var mjög andlega þenkjandi og mikill náttúruunnandi. Hann var jafnframt geómetrískur snillingur og spáði mikið í kristallaform. Hann rannsakaði innri gerð margflötunga og þótti öflugur og fær stærðfræðingur og flatarmálsfræðingur. Strúktúrinn, hið svokallaða gullinsnið sem sjá má á framhlið Hörpunnar í Reykjavík, er í raun hans hugarsmíð,“ segir Páll og bætir við:

„Einar er heimsþekktur í sínum geira en hefur kannski ekki verið virtur að verðleikum hérlendis. Hann þótti sérvitur og óvenjulegur en hann var til dæmis langt á undan sinni samtíð í umhverfisvernd. Einar byrjaði að kynna kúluhúsin upp úr 1970. Hann hélt að allir myndu vilja byggja slík hús því það væri mjög umhverfisvænt. Kostnaðurinn við að hita kúluhús er um það bil helmingi minni en venjuleg hús vegna gróð-



Auðkúla er rúmlega 200 fermetrar að stærð með innigarðinum og þar er að finna fjölbreyttan Miðjarðarhafsgróður innandyra, svo sem Tenerifepálma, döðlupálma, keisaratré og margt fleira forvitnilegt.




Gerður Jónasdóttir, fyrrum eigandi Auðkúlu hófst handa rúmlega sextug við að byggja kúluhúsið og planta ævintýraskógi í kringum það. Í rúmlega þrjátíu ár hugsaði hún um gróðurinn af natni og umhyggju og ber hann þess svo sannarlega merki – enda plöntuflóran þvílík.



„Ýmsir garðyrkjuspekúlantar hafa tekið andköf og fullyrt að hvergi annars staðar á landinu sé að finna viðlíka plöntuflóru, nema þá helst í lystigörðum," segir Páll Benediktsson.



Gerður Jónasdóttir tekur sig vel út með trjáklippurnar, en þó nokkuð margar tegundir má finna í skóginum, þar á meðal beyki, eik, hegg og óvenju margar gerðir og litasamsetningar af hlyni.




Á kaffihúsinu má finna einfaldan og góðan matseðil þar sem boðið er upp á uppáhellt kaffi, súrdeigsbrauð með áleggi, vöfflur og kökur. Allt heimatilbúið nema súrdeigsbrauðið frá Almari bakara.

urhúsaáhrifa glerhjúpsins. Lífsstarf hans er afar merkilegt, hann vann til dæmis með hönnuðum Nasa að kúlufarartæki til að nota á Mars og var í teymi þýska arkitektsins Otto Frey við hönnun á hvelfingunni yfir Ólympíuleikvanginn í München, svo fátt eitt sé nefnt."

### *Ótrúlegt lífsstarf*

Auðkúla er rúmlega 200 fermetrar að stærð með innigarðinum og þar er að finna fjölbreyttan Miðjarðarhafsgróður innandyra svo sem Tenerifepálma, döðlupálma, keisaratré og margt fleira forvitnilegt.

„Hér eru alls konar plöntur í skóginum, Gerðarmörk, sem óvíða finnast á Íslandi. Margar tegundir af til að mynda beyki, eik, hegg og óvenju margar gerðir af hlyni í mörgum litum og fleira og fleira. Eitt sinn kom Hafsteinn Hafliðason garðyrkjuspekúlant hingað til okkar og við gengum með honum um grundirnar, þá stoppaði hann, tók andköf og sagði þetta ótrúlegt því hér væru margar tegundir sem ættu vart að geta vaxið á Íslandi. Það er í raun stórkostlegt hve Gerður var dugleg og hafði næmt auga fyrir fjölbreyttum gróðri og líka hvernig gróðurinn félli best inn í landslagið. Grænir fingur Gerðar voru svo sannarlega gulls ígildi," segir Páll og Birna bætir við:

„Hér var bara melur og mói þegar hún byrjar að byggja og planta. Það sem er líka svo merkilegt er að hún ræktar nánast allt upp af fræi og hún lá oftar á hnjánum en standandi á tveimur fótum. Hún notaði um tvö þúsund bíldekk til að koma upp græðlingum, dekkin veittu hita, skjól, viðhéldu raka og héldu illgresinu frá. Þegar plantan óx bætti hún við öðru dekki en þegar hún var orðin heilbrigð og hraust og tilbúin út í lífið voru dekkin færð á nýjan stað. Hún var á sjötugsaldri þegar hún byrjaði ræktunina og er að fram undir nírætt, sem er alveg magnað. Við berum svo sannarlega ómælda virðingu fyrir henni."

### *Heilluð af ævintýrastaðnum*

Hjónin runnu blint í sjóinn í byrjun sumars með að opna kaffihús í kúlunni en sjá svo sannarlega ekki eftir því enda hafa viðtökurnar farið fram úr björtustu vonum.

„Við vorum auðvitað á ákveðnum tímapunkti pínu efins hvort við ættum að flytja í sveitina en létum slag standa. Síðan kom hugmyndin um kaffihúsið til að hafa eitthvað að sýsla við í sveitinni. Það virðist hafa verið góð hugmynd og við getum notið þess að vera hér saman alla daga. Hingað koma jafnt innlendir sem erlendir gestir og allir verða jafn heillaðir eftir að hafa stoppað á þessum ævintýrastað. Í vetur stefnum við á að opna fyrir hópa sem vilja koma hér við og eiga góða stund. „Margir hafa látið í ljós ánægju yfir að við opnuðum kaffihús hér svo fleiri geti notið lífsstarfs Gerðar," segir Páll og Birna bætir við:

„Við ákváðum strax að vera með einfaldan og góðan matseðil og bjóðum upp á uppáhellt kaffi, súrdeigsbrauð með áleggi, vöfflur og kökur. Allt heimatilbúið nema súrdeigsbrauðið frá Almari bakara sem hefur fallið vel í kramið. Gamla bollastellið okkar er vinsælt og húsgögnin eru úr okkar búslóð og af nytjamörkuðum. Fólki virðist líka mjög vel hversu heimilislegt er að koma til okkar. Umhverfið spillir svo ekki fyrir meðan setið er yfir rjúkandi heitum kaffibolla." /ehg



LÍF & STARF

# Matarlandslagið er veflægt og gagnvirkt Íslandskort frumframleiðenda matvæla

**Síðustu tvö til þrjú árin hefur Matís unnið að því að búa til veflægan gagnagrunn um frumframleiðendur matvæla á Íslandi, sem birtist sem gagnvirkt Íslandskort undir heitinu Matarlandslagið.**

Þróunarvinna er enn í gangi en markmiðið er að gagnagrunnurinn muni gefa möguleika á heildrænum upplýsingum um matvælaframleiðslu úr auðlindum lands og sjávar á Íslandi. Einnig er gert ráð fyrir að um nýjan markaðsvettvang verði að ræða fyrir bein viðskipti milli framleiðenda og neytenda þar sem allar upprunaupplýsingar afurðanna séu tryggðar.

### *Nýtist neytendum og frumframleiðendum*

Rakel Halldórsdóttir er sérfræðingur hjá Matís og verkefnastjóri Matarlandslagsins. Hún segir að skráin yfir framleiðendurna sé í raun myndrænt vefkort sem muni nýtast neytendum, frumframleiðendum sjálfum, fyrirtækjum og stofnunum í viðskiptum við frumframleiðendur og ekki síst opinberum aðilum sem sinna stefnumótun tengdri matvælaframleiðslu á Íslandi.

„Frumgerð að gagnagrunninum var þróaður í takt við megináherslur í starfi og stefnu Matís eins og matvælaöryggi, lýðheilsu og verðmætasköpun í matvælaiðnaði, en þetta þrennt skapar jafnframt grunn fæðuöryggis Íslands og sjálfbærni skapar grundvöll velferðar og uppbyggingar til framtíðar.

Gagnagrunnurinn er hannaður til að stuðla á áhrifaríkan hátt að þessum áherslum en er enn ófullgerður. Skoða má þó verkefnið í núverandi mynd á vefslóðinni www.matarlandslagid.is (í Chrome-vafra). Í stuttu máli er um að ræða Íslandskort með staðsetningarpunktum allra frumframleiðenda og er um að ræða nokkra frumframleiðsluflokka sem hver hefur sinn einkennislit til dæmis nautgripir, sauðfé, hestar, alifuglar, matjurtir og afli. Það má smella á þá fyrir þrengra sjónarhorn og fyrir upplýsingasíðu viðkomandi frumframleiðanda,“ segir Rakel.



Matarlandslagið yfirlitsmynd.



Þátttakendur á Bændamarkaðnum á Hofsósi.



Upplýsingasíða frumframleiðandans á Laugarmýri.

### *Ábyggileg upplýsingagjöf*

Rakel segir að það utanumhald fyrir upplýsingarnar um frumframleiðandann – og afurðir hans – séu í hans eigin höndum. „Þannig ætti það að vera tryggt að upplýsingarnar séu ávallt réttar þar sem frumframleiðandi hefur sjálfur sérstakan aðgang að eigin upplýsingasíðu (innskráningarflipi). Hann uppfærir hana sjálfur með texta og myndum og þeim upplýsingum sem hann kýs og hefur allan hag af því að upplýsingar séu góðar og uppfærðar.“

Stefnt er að því að vefsíðan muni jafnframt innihalda pöntunareyðublað fyrir hvern frumframleiðanda þar sem notandi síðunnar geti pantað afurðir beint frá framleiðanda. Sömuleiðis upplýsingar um hvaða félögum eða samtökum hann tilheyrir og hvaða þjónustu hann hefur upp á bjóða – til dæmis skoðunarferðir, bændagisting, veitingaþjónusta, sala afurða á staðnum og hvaða afurðamörkuðum/viðburðum hann tekur þátt í. En stefnt er að því að markaðir/viðburðir um landið sem selja og kynna frumframleiðslu verði einnig með sérstakar merkingar á yfirlitskorti og upplýsingasíður sem skipuleggjendur slíkra viðburða sækja um og sem þeir uppfæra sjálfir. Þannig mun Matarlandslagið einnig gefa yfirlit yfir menningar-og matarviðburði um landið hverju sinni.“

### *Upplýsingarnar verði öðrum nýtanlegar*

Stefnt er að því hægt verði að draga upplýsingar út úr grunninum, sem kort eða sem valdar upplýsingar yfir í Excel-skjal; svo sem yfir þá frumframleiðendur sem bjóða upp á ákveðna þjónustu eða afurðir, eru staðsettir á ákveðnu svæði og svo framvegis. Gagnsemi slíks yfirlits- og upplýsingagrunns yfir alla frumframleiðslu á Íslandi, þar sem tryggt er að upplýsingar eru alltaf réttar og uppfærðar er óyggjandi og margþætt og mun gagnast öllum sviðum samfélagsins til aukinnar sjálfbærni og árangursríkrar framþróunar og mun meðal annars nýtast neytendum, ferðaþjónustuaðilum, frumframleiðendum og sveitarfélögum þeirra og stjórnvöldum.

### *Frumframleiðsla forsenda fæðuöryggis*

Rakel segir að frumframleiðsla úr fæðuauðlindum Íslands sé grunnur allra íslenskra matvæla og forsenda fæðuöryggis Íslands. „Frumframleiðsla er framleiðsla þar sem auðlindir eru nýttar frá fyrstu hendi, svo sem af bóndanum sem sjálfur ræktar landið eða elur dýr og útvegsmanninum sem veiðir afurðir sjávar. Yfirsýn yfir og þekking á þessari framleiðslu er lykill að upplýstri ákvarðanatöku varðandi


**Bílskúrs- og iðnaðarhurðir**





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**
- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Dreifing frumframleiðenda yfir ákveðið svæði.


Rakel Halldórsdóttir.

aukna sjálfbærni og uppbyggingu í íslenskri matvælaframleiðslu í heild og enn fremur að fæðuöryggi á Íslandi. Mikilvægi aukinnar sjálfbærni í nýtingu fæðuauðlinda er brýnt forgangsmál á næstu árum og áratugum. Í Matvælastefnu Íslands til ársins 2030 er lögð rík áhersla á að auka sjálfbærni í öllum sviðum matvælaframleiðslu frá auðlind til neyslu.“

Hún segir að slíkt yfirlit, byggt á upplýsingum sem eru ávallt uppfærðar, myndi auðvelda stjórnvöldum á öllum stjórnsýslustigum að stíga markviss skref í átt að aukinni sjálfbærni. „Þá er yfirsýn og þekking frumframleiðendanna sjálfra lykill að framþróun, nýsköpun og atvinnutækifærum, með samtali og samvinnu frumframleiðsluaðila og frumframleiðslugreina. Slík skrá getur jafnframt greitt fyrir beinum viðskiptum neytenda við frumframleiðendur og þannig ýtt undir sjálfbær viðskipti og aukinn fjölbreytileika framboðs og nýsköpun.“

### *Sjálfbærnimarkmið Íslands og Sameinuðu þjóðanna*

Rakel nefnir hugtök eins og nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfi sem hugtök sem íslensk matvælaframleiðsla þurfi að grundvallast á með auknu gagnsæi og aðgangi framleiðenda, neytenda og eftirlitsaðila að upplýsingum. Með því móti megi tryggja að framtíð landsins verði í takti við sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbær samfélög heims og velferð jarðarbúa.

„Mikilvægt er að framþróun Matarlandslagsins og fullgerð verði unnið í nánu samstarfi við hagaðila, ekki síst sambönd, samtök og félög frumframleiðenda á Íslandi. Gildi slíks samstarfs er ótvírætt með tilliti til þekkingar frumframleiðenda á fæðuauðlindum og frumframleiðslu um landið, en Matís býr yfir mikilli og dýrmætri reynslu af víðtæku samstarfi við þessa aðila um land allt.

Í framhaldi má sjá fyrir sér að til framtíðar verði árangursríkast að burðug regnhlífasamtök félaga muni annast umsjón Matarlandslagsins; svo sem regnhlífasamtök landafurða og sjávarafurða, og sinni hvort þeirra sínu sérsviði. Umsjónin myndi vera hönnuð til að fela í sér lágmarksaðgerðir, svo sem staðfestingu á skráningu nýrra frumframleiðenda og viðburða og almennt viðhald og uppfærslur hugbúnaðar, auk reglulegrar kynningar og markaðssetningar Matarlandslagsins til hagsbóta fyrir félagsaðila þessara samtaka,“ segir hún.

### *Næstu skref að tryggja nægt fjármagn*

Næstu skref í vinnunni við framþróun verkefnisins segir Rakel að séu þau að tryggja fjármagn til áframhaldandi vinnu við gagnagrunninn, en tekjugrunnur Matís er að stórum hluta byggður á styrkjum úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum. „Þegar fjármagn hefur verið tryggt verður víðtæku samstarfi hagaðila komið formlega á og framþróun gagnagrunnsins hafin með fullri trú á verkefnið sem öfluga leið til framþróunar og uppbyggingar íslenskrar frumframleiðslu og þar með íslensks samfélags með sjálfbærni og framtíðarvelferð að leiðarljósi.“

*/smh*



Upplýsingasíða fyrir viðburð.












## Affallsvatn í Elliðaárdal nýtt til tilraunaræktunar á matjurtum:

# Hægt verður að flýta þroska og lengja ræktunartímabilið talsvert

## – Hluti af verkefninu ALDIN Biodome þar sem meðal annars verður stundaður sjálfbær borgarbúskapur

**Í suðurjaðri Elliðaárdals Reykjavíkur hefur verið skipulagt svæði undir svokallaðan borgargarð, með því markmiði að tengja manneskjuna og náttúruna saman á alveg nýjan hátt. Verkefnið ber heitið ALDIN Biodome en eitt af undirverkefnunum þess er að rannsaka hvernig nýta megi betur ýmsar auðlindir Íslands, til dæmis affallsvatn til útiræktunar á nytjaplöntum til að lengja ræktunartímabilið og að rækta tegundir sem ekki vaxa almennt utandyra hérlendis.**

Einungis er eitt ár frá því að tilraunaverkefnið var sett af stað en það lofar nú þegar mjög góðu.

Karen Róbertsdóttir, ylræktarnemi við Landbúnaðarháskóla Íslands og einn hluthafa í ALDIN Biodome, hefur umsjón með ræktunartilraunum á svæðinu og segir hún að í tilraunum hennar sé notast við affallsvatn frá Stekkjahverfi Breiðholts sem flæðir að öllu jöfnu í fráveituna og síðan beint í sjóinn. Alls séu þetta um 100 lítrar á sekúndu af 28,5 gráðu heitu vatni – stundum enn heitara. Verkefnið hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna.

### *Margs konar plöntur eru ræktaðar til samanburðar*

„Við notum aðeins pínulítið brot af þessu vatni, í kringum 0,2 lítra á sekúndu til að hita jarðveginn í um 200 fermetrum (af 317m2 garði – viðmiðunarbeð ekki hituð). Vatn flæðir um beð í PEX rörum sem við höfum sett upp með mismunandi hætti; á mismunandi dýpi, stundum með bakvatni, stundum án bakvatns, án einangrandi efnis á yfirborði; með trjákurli eða vikri sem einangrun, með einangrun í skurðum á milli raða, án skurða og svo framvegis. Svo ræktum við margs konar plöntur til að sjá muninn á ræktun með og án hita.

Markmiðið er að læra meira, í þágu ALDIN Biodome, bænda og bæjarbúa almennt – sem mun gagnast í landslagshönnun, fyrir heimilisgarða og í öðrum ræktunarverkefnum. Að leggja PEX-rör í jörðu er mun ódýrara en til dæmis að byggja gróðurhús – og þótt það sé ekki eins áhrifamikið þá geta áhrifin verið mjög mikil," segir Karen.

### *Sjálfbær borgarbúskapur*

Að sögn Karenar tók nokkuð langan tíma að fá leyfi til framkvæmda á staðnum og notkunar á affallsvatninu síðasta sumar en það þurfti einnig tíma til til að leggja rörin og undirbúa ræktunina, en fyrstu plönturnar voru gróðursettar í ágúst á síðasta ári.

„Hugmyndafræði ALDIN Biodome byggir á sjálfbærum borgarbúskap þar sem lagt er upp með að fólki verði boðin nánd við gróskumikið umhverfi í hlýju loftslagi, að hlúa að sínu innra sjálfi, ígrunda og meta náttúruna," segir hún.

Karen gaf út ritgerð í október á síðasta ári í tengslum við þetta nýsköpunarverkefni sem ber heitið „Matjurtarækt utandyra fram á vetur, lenging ræktunartímabils með hitun jarðvegs" og fjallar um tilraunaræktunina í Elliðaárdal.



Hjördís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri ALDIN Biodome, og Karen Róbertsdóttir, tilraunastjóri ræktunarinnar við hafrareitinn. Myndir / smh.





Karen uppsker gulrófu úr vermireit, en á hægri myndinni má sjá gulrófur úr samanburðarreit sem eru mun minni.



Hjördís stendur við norðurbakka svæðisins sem hefur verið skipulagt undir ALDIN Biodome, við brúnina verður útsýnispallur yfir dalinn.

Hægt er að nálgast ritgerðina í gegnum vef ALDIN Biodome á slóðinni: aldin-biodome.is.

### *Nokkurn mannskap þurfti við uppsetninguna*

Í samvinnu við Veitur ohf. fékkst leyfi til að tengjast affallsvatninu við Stekkjarbakka en tengingin var kostuð af ALDIN Biodome sem greiðir einnig fyrir notkun affallsvatnsins samkvæmt mæli. Vatnið er flutt í 24 mm rörum niður í garðinn þar sem því er dreift um tíu beð í svokölluðum snjóbræðslurörum í gegnum tengibox með hita- og þrýstimælum.

„Nokkurn mannskap þurfti til að setja upp tilraunina síðastliðið sumar og góða aðstoð frá aðilum eins og Barr verktökum. Aðrir þátttakendur í tilrauninni þá voru Jón Þórir Guðmundsson, ávaxtaræktandi á Akranesi, og EFLA verkfræðistofa. En eftir að tilraunin





Tómataplöntur með hita í jarðveginum annars vegar og „kaldan jarðveg" hins vegar. Mikill munur er á vaxtarþroskanum.





Hafrarnir í vermireitnum eru komnir miklu lengra í þroska, miðað við samanburðarreitinn, og stutt í að hægt sé að fara að skera þá.



Mynd þar sem búið er að tölvuteikna hvelfingarnar inn á suðurjaðar Elliðaárdalsins. Mynd / ALDIN Biodome



Teikning af hitabeltishlutanum Hraunprýði, þar sem fyrirhugað er að hafa matjurtaskóga. Teikning / ALDIN Biodome

var uppsett hef ég séð að langmestu leyti um framkvæmd og mælingar en aðalleiðbeinandi minn í verkefninu er Hjördís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri ALDIN Biodome,“ segir Karen.

### *Stefnt á að fjármögnunarferli ljúki á haustmánuðum*

Að sögn Hjördísar hefur ALDIN Biodome lokið öllum skipulagsferlum tengt lóðinni og fjármögnunarferli stendur yfir sem stefnt er á að klárist í haust. „Ráðnir hafa verið til verkefnisins aðilar með hönnunarreynslu á heimsmælikvarða á þessu sviði sem hafa sérstakan áhuga á sjálfbærni, hagkvæmri orkunýtingu og lærdómsríkri upplifun af framandi náttúru.

Stefnt er á að opna dyr fyrir almenning árið 2024, en næstu þrjú sumur verður tilraunaræktuninni haldið áfram samhliða uppbyggingunni,“ segir hún.

„Það má segja að þessi ræktunartilraun sé minnsta mögulega útgáfan af ALDIN Biodome, því við erum að breyta umhverfisaðstæðum staðbundið, til að eiga möguleika á að rækta plöntur sem venjulega vaxa ekki á Íslandi eða eru ræktaðar yfir lengri tíma en við ætlum að gera. ALDIN snýst um að skapa aðstæður innan- og utandyra fyrir ræktun en á sama tíma aðlaðandi stað þar sem fólk getur látið sér líða vel.

Ég fékk hugmyndina fyrir um sjö árum og hef unnið að þessu samfellt í sex ár, þar af tóku skipulagsferlarnir um þrjú ár. Hugmyndin á rætur að rekja til námsins míns í skipulagsfræðum í Hollandi,“ segir Hjördís ennfremur.

### *Visthvelfingar með þremur sérrýmum*

Aðalstarfsemi ALDIN Biodome fer fram undir visthvelfingum sem skiptast niður í þrjú sérrými. Það fyrsta sem gestir ganga í gegnum er Dalbær – eins konar garðyrkjurými og torg sem verður að mestu undir torfþaki. Þar er ætlunin að gefa innsýn í ræktunaraðferðir og uppskeru. Áhersla er lögð á að gestir upplifi allt ræktunarferli borgarbúskaparins af beði á borð, fyrsta flokks hollustu og ferskleika. Þar verður markaður sem býður upp á matjurtir úr ræktunarrýminu og græna sérvöru. Á svæðinu verður aðstaða til fræðslu fyrir hópa, veitingastaður og kaffihús.

Úr Dalbæ er gengið inn í tvö mismunandi loftslagsstýrð visthvolf, annars vegar Laufás sem er með Miðjarðarhafsloftslagi og hins vegar Hraunprýði með hitabeltisloftslagi. Í Laufási og Hraunprýði verða matjurtaskógar sem innihalda stórbrotið safn plantna og jurta með forvitnilegan fróðleik framandi landa. Þar er boðið upp á afþreyingu í bland við upplifun af umhverfinu. Í Laufási verður hægt að finna sér stað undir trjákrónum til að vinna og halda fundi. Í Hraunprýði verður aðstaða til að stunda jóga og hugleiðslu. Hægt verður að leigja hvelfingu eða hvelfingarnar undir viðburði svo sem brúðkaup og ráðstefnur og skapa þannig ógleymanlega umgjörð utan um mikilvægar athafnir.

Innisvæðin þrjú heita eftir þremur bæjum sem stóðu á nærsvæði ALDIN Biodome.

Á útisvæðinu er áherslan lögð á samspil milli þeirrar náttúru sem fyrir er og úrvali plantna sem gróðursettar hafa verið og falla vel að umhverfinu með dvalar- og leiksvæðum. /*smh*












# Blómstra í sveitinni eins og lífið sjálft



Hjónin Valborg Ólafsdóttir og Orri Guðmundsson í Holti undir Eyjafjöllum eru tónlistarfólk og bændur en reka jafnframt gistiheimili fyrir ferðamenn heima hjá sér. Þau gáfu fyrr í sumar út plötuna Silhouette, með hljómsveit sinni, Valborg Ólafs, sem valin var plata vikunnar á Rás 2.



Valborg hefur sungið og trallað síðan hún man eftir sér og tók sem dæmi þátt í Músíktilraunum árið 2012 með hljómsveitinni Lovely Lions sem hún var í með Ásgeiri Trausta.



Í sveitinni má alltaf finna sér eitthvað til dundurs. Kormákur þriggja ára situr ekki auðum höndum í þeim efnum.



Systkinin Karólína og Kormákur una sér vel í sveitinni og vekja athygli ferðamanna sem dvelja á gistiheimilinu í Holti fyrir enskukunnáttu sína og glaðværð.

**Hjónin Valborg Ólafsdóttir og Orri Guðmundsson í Holti undir Eyjafjöllum eru tónlistarfólk og bændur en reka jafnframt gistiheimili fyrir ferðamenn heima hjá sér.**

Þau er með mörg járn í eldinum og gáfu nýverið út fyrstu breiðskífuna, Silhouette, með hljómsveitinni Valborg Ólafs, sem valin var plata vikunnar á Rás 2 fyrr í sumar. Þau dreymir um að geta útbúið aðstöðu fyrir listamenn í Holti til að sinna ólíkri listsköpun.

Það eru 12 ár síðan parið hnaut um hvort annað, við gleðskap í Skálakoti, þaðan sem Orri er uppalinn en hann hafði haft augastað á Valborgu um nokkurt skeið.

„Ég var í útskriftarferð með leiklistardeild Fjölbrautaskólans í Garðabæ og frændi Orra, hann Ævar á Ásólfsskála, vissi að ég væri að fagna þessu með samnemendum mínum í Skálakoti. Hann lét Orra vita, sem var í bænum, og það stóð ekki á honum, hann brunaði austur og klófesti mig, þá var ekki aftur snúið. Hérna vildi Orri vera og ég ákvað að prófa það með honum, síðan eru liðin nokkur ár,“ segir Valborg sem er borin og barnfædd í höfuðborginni.

*Gerðist húsmóðir í sveit*

Orri og Valborg hafa vakið athygli fyrir tónlistarflutning sinn en í dag skipa þau hljómsveit með Elvari Braga Kristjánssyni og Baldvini Frey Þorsteinssyni. Fyrsta breiðskífa sveitarinnar kom út fyrr í sumar en áður hafði Valborg gefið út stuttskífu.

„Orri var alltaf að reka á eftir mér og henti mér í raun út í djúpu laugina með að gefa út plötur. Ég sem lög og texta og leyfi því að þróast með hljómsveitinni svo við erum í raun öll að semja. Það eru allir að skapa og við leyfum þessu að blómstra eins og lífið sjálft. Ég elska að semja og er kannski að þrífa hér herbergi á gistiheimilinu þegar kemur upp lag í kollinn. Það verður þó ekki endilega mikið úr þeim öllum,“ útskýrir Valborg sem tók þátt í Músíktilraunum árið 2012 með Ásgeiri Trausta en þau skipuðu saman hljómsveitina Lovely Lion.

„Við tókum nýju plötuna að hluta til upp hér í Holti en einnig í hljóðveri og uppi í Ásólfsskálakirkju. Við vorum mjög ánægð með þá ákvörðun því það var sérstök og friðsæl stemning að taka upp í kirkjunni þar sem við fengum mjög góðan tón inn í plötuna. Það kemur annar karakter þegar maður er ekki að keppast við tímann eða hljóðmann á fullum launum. Síðan er aldrei að vita nema við förum aftur í upptökur í haust en við eigum til nóg af efni,“ útskýrir Orri.

Hægt er að hlusta á nýjustu plötu hljómsveitarinnar, Valborg Ólafs, á Spotify og einnig eru þau með Instagramreikninginn valborgolafs.band. Þann 13. ágúst næstkomandi verða þau með tónleika á Gauknum í miðbæ Reykjavíkur.

*Margir boltar á lofti*

Óhætt er að segja að þau hjónin sitji ekki mikið auðum höndum og þrátt fyrir að börnin tvö, Karólína sjö ára og Kormákur þriggja ára, haldi þeim við efnið, er af nógu að taka heima í Holti.

„Við erum með um 200 vetrarfóðraðar kindur og um 70 hryssur sem eru blóðmerar. Ég er einnig oft kallaður út í smíðavinnu og Valborg er komin með starf í tónlistarskólanum á Hvolsvelli. Árið 2015 ákváðum við að opna gistiheimili hér heima og það hefur gengið vel. Við erum með gistipláss fyrir sex manns og hingað koma aðallega erlendir ferðamenn. Við erum í ýmsu og af fjárhagslegum ástæðum þurfum við að vera það svo þetta gangi upp,“ segir Orri og Valborg bætir við:

„Við höfum einnig tekið á móti hópum hér heima í stofu þar sem við bjóðum þeim upp á kaffi og köku og ég syng fyrir þau, það finnst þeim mikil upplifun. Þar má segja að hafi komið hugmyndin að fyrsta geisladisknum, að gera minjagrip fyrir ferðamennina, sem vildu geta hlustað á meira eftir að þeir stoppuðu hér hjá okkur. Við höfum fengið mjög góð viðbrögð við þessu og heyrt að ferðamönnunum finnist þetta persónulegasta stoppið að koma hingað til okkar, að vera boðið inn í stofu hjá íslenskri fjölskyldu.“

*Dreymir um aðstöðu fyrir listamenn*

Það er ýmislegt sem þau hjónakornin hafa í hyggju í Holti og hafa nú lagt fyrstu drög að því að koma upp eins konar listamiðstöð á bænum þar sem listafólk úr ólíkum greinum getur komið og dvalið til að sinna listsköpun sinni.

„Okkur dreymir um að byggja við hlöðuna hér við hliðina á húsinu og erum þá að hugsa um hljóðver og aðstöðu fyrir listafólk. Við erum búin að láta teikna þetta fyrir okkur og stefnum á að fara að hefjast handa og taka þetta í skrefum. Þá gætu listamenn jafnvel dvalið hér í mánuð og sinnt sinni sköpun og við gætum boðið upp á herbergi og aðstöðu fyrir þá,“ útskýrir Orri og Valborg bætir við: „Það er dásamlegt að búa hér í sveitinni og maður sér lífið í allt öðru ljósi. Það er nauðsynlegt að sjá það af og til í öðru ljósi.

Það er einfalt og rómantískt en líka ógeðslega erfitt. Maður verður aðeins meiri maður af því að búa í sveitinni og hérna sköpum við okkur góðar minningar.“ /ehg



## Kirkjulýsing

Holt undir Eyjafjöllum var kirkjustaður frá fyrstu kristni og til loka 19. aldar. Allra heilagra kirkja í Holti var ein af höfuðkirkjum Rangárþings, gekk þar næst Odda og Breiðabólstað, enda voru eignir Holtskirkju miklar og prestakallið eftirsótt. Hafa ýmsir af merkustu mönnum íslenskrar kirkju setið í Holti á liðnum öldum.

Holtskirkja skekktist á grunni í miklu ofviðri 1888. Var staðnum í Holti hætt við eyðingu af völdum Holtsár. Og var því ákveðið að endurbyggja kirkjuna að Ásólfsskála, sem var eignargjörð hennar að hálfu. Var þeirri byggingu lokið 1889 *(Heimild: gardur.is)*


VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA

RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

FRÉTTIR



Mynd / Facebook-síða Sundlaugarinnar á Blönduósi.

## Sundlaugin á Blönduósi:

# Metaðsókn í sumar

**Metaðsókn hefur verið í Sundlaugina á Blönduósi í sumar.**

Frá upphafi árs og til 28. júlí höfðu 26.502 gestir heimsótt laugina en á sama tímabili í fyrra voru þeir 21. Sem er aukning upp á 19% að því er fram kemur á Facebook-síðu Sundlaugarinnar á Blönduósi.

Árið 2019 þegar ekki voru neinar takmarkanir á heimsóknum voru gestir 29.006 talsins fyrir sama tímabil.

Ef einungis sumarmánuðir eru skoðaðir kemur í ljós að aðsókn er meiri nú í sumar en árið 2019.

Á tímabilinu 1. júní til 28. júlí voru gestir samtals 15.827 í allt en til samanburðar voru þeir 15.892 árið 2019.

„Sem gerir sumarið í ár það besta hingað til það sem af er því," segir á Facebook, en sumartímabili lýkur 20. ágúst hvert ár.

*/MÞÞ*



**Nýja fjarnámið er unnið í samræmi við samevrópskar reglur um flugnám, sem innleiddar eru á Íslandi frá Öryggisstofnun Evrópu (EASA) í gegnum EES-samninginn. Að loknu einkaflugnámi, öðlast nemandinn samevrópsk einkaflugmannsréttindi (Part-FCL flugskírteini), sem veitir viðkomandi réttindi til að fljúga á eins hreyfils flugvél í sjónflugi með farþega án endurgjalds víða um heim.** Mynd / Aðsend.

## Flugakademía Íslands:

# Einkaflugnám er nú í boði í fjarnámi

**Flugakademía Íslands hefur ákveðið að bæta einkaflugnámi í fjarnámi við námsframboð sitt í haust.**

Fjarnámið verður kennt samhliða staðnámi, en kennsla hefst 30. ágúst. Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst næstkomandi. Einkaflugnám í fjarnámi er kennt samhliða staðnámi. Námið tekur 10 vikur samtals með prófum og stendur yfir frá 30. ágúst–5. nóvember 2021. Í tilkynningu frá Flugakademíunni kemur fram að námið byggist upp á CBT (Computer Based Training) þjálfun þar sem nemendur horfa á fyrirlestra og vinna svo verkefni og taka æfingapróf.

Í fjarnámi er 10% mætingarskylda og verða tvær staðlotur á námstímanum. Nemendur hafa greiðan aðgang að kennara á meðan námskeiði stendur.

Lokapróf verða haldin í skólanum um helgar en eins og í staðnámi þurfa nemendur að standast skólapróf til að fá próftökurétt hjá Samgöngustofu. Þeir staðnemar sem þess óska geta fært sig yfir í fjarnám óski þeir þess.

Einkaflugnám er ætlað þeim sem vilja verða einkaflugmenn og vilja stunda sjónflug á litlum eins hreyfils flugvélum, sér og farþegum sínum til ánægju.

*/MHH*


Lely Center Ísland Grammer sæti



Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600






Glæsilegt 262,2 fm fjölskylduhús í barnvænu umhverfi.
900 fm sjávarlóð innst í botnlanga.
Tvöfaldur bílskúr 51,7 fm.
Verönd, heitur pottur, saunabað.
Húsið er í næsta nágrenni við höfuðborgarsvæðið og alþjóðaflugvöll.
Sjá nánari lýsingu og myndir á fasteignir.is

Nýtt heimili

Allar nánari upplýsingar veitir Gyða Gerðarsdóttir, lögg. fasteignasali í s. 695-1095 og gegnum netfangið gyda@nyttheimili.is






Amerískir Sandblásturskassar m/ryksugu
Verð frá 448.756 kr

Sandblásturskútar
2 stærðir
Verð frá 57.135 kr

Sandblásturskútur m/ryksugu 80L
Verð 93.350 kr

Sandblásturskassar m/ryksugu
2 stærðir
Verð frá 219.990 kr

Sandblásturskassi
Tilboð Nú 29.990 kr Áður ~~37.690 kr~~
(Meðan birgðir endast)

ALK 150
ÞETTA SEM VIRKAR
og er einstaklega gott á verkstæðið, í hesthúsið, fjárhúsið og fjósið.
Umhverfisvænt sterkt alkalískt hreinsiefni fyrir erfið óhreinindi. Alhliða hreinsiefni fyrir gólf, veggi, áhöld, vélar og fl. Virkar sérstaklega vel á fitu og sót.
Verð 5L, 3.590 kr
20L, 10.208 kr

- ✓ HREINSIEFNI - *Íslensk*
- ✓ SANDBLÁSTURSSANDUR
- ✓ SANDBLÁSTURSKASSAR
- ✓ SANDBLÁSTURSKÚTAR
- ✓ SANDBLÁSTURBYSSUR
- ✓ KERAMIKSPÍSSAR
- ✓ ÞVOTTAKÖR
- ✓ ULTRASONIC CLEANER
- ✓ O.m.fl.

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA

ÖLL VERÐ ERU MEÐ VSK
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA SÍÐAN 1985

JÁKÓ vélar og efnavörur sf.
Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819, www.jako.is



Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



*Husqvarna K970*
*15,5 cm sögunardýpt*

*Husqvarna K3600*
*Vökvasög*
*Sögunardýpt 27cm*

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 26. ágúst



Skálað á afmælisdaginn við upphaf ferðar. Myndir / Einkasafn Þorsteins.

## Þorsteinn Bergsson á Egilsstöðum gekk í sumar einn á 30 dögum þvert yfir Ísland frá austri til vesturs:

# „Ég er býsna kátur yfir að vera búinn að ljúka þessu erfiða verkefni“

**Þorsteinn Bergsson, fyrrverandi sauðfjárbóndi á Unaósi í Hjaltastaðarþinghá, nú búsettur á Egilsstöðum, stóð í ströngu í sumar þegar hann gekk þvert yfir Ísland frá austri til vesturs á 30 dögum aleinn.**

Hann leitaðist við að fylgja 65. breiddarbaugnum eins og kostur er og fór því ekki neina hefðbundna mannavegi. Þorsteinn svaraði nokkrum spurningum blaðsins en byrjum á honum sjálfum og fjölskyldu hans.

***Búfjáreftirlitsmaður hjá Matvælastofnun***

„Já, ég bý á Egilsstöðum og fjölskylda mín er þar öll til heimilis. Börnin tvö eru komin á þrítugsaldur og eru ekki lengur heima að staðaldri. Sonurinn, Ingvar, vinnur við garðyrkju í Mosfellsdal og er að ljúka námi í garðyrkjufræði en dóttirin Ása er í íslenskunámi við Háskóla Íslands. Konan mín, Soffía Ingvarsdóttir, kennir stærðfræði við Menntaskólann á Egilsstöðum.



Þorsteinn í kvöldkyrrð við Ytrikvísl á Tvídægru.

Við vorum áður sauðfjárbændur á Unaósi í Hjaltastaðarþinghá en hættum búskap haustið 2017. Sjálfur vinn ég sem búfjáreftirlitsmaður hjá Matvælastofnun. Fyrst var ég þar í fullu starfi, en í fyrra bað ég um að lækka það niður í hálft starf sem ég myndi fyrst og fremst sinna á veturna, þ.e. skila þeim vinnustundum sem í hálfu starfi felast öllum á veturna. Starfið er líka þannig vaxið að oft er lítið að gera á sumrin. Því mátti segja að þetta væri hentugra fyrir báða aðila enda var þetta góðfúslega samþykkt.“

***690 kílómetra ganga***

*- Þú ert búinn að vera á skemmtilegu og athyglisverðu ferðalagi í sumar, hvernig gekk?*

„Þetta var gönguferð yfir mitt Ísland frá austri til vesturs og gönguleiðin átti að fylgja 65. breiddarbaugnum sem nákvæmast. Þetta tók mig 30 daga, en inni í því var 50 km útúrdúr á reiðhjóli og tveir hvíldardagar. Samtals var gangan um 690 km að meðtöldum frávikum vegna göngu í náttstað sem stundum var spölkorn frá baugnum.“

***Hugmyndin kom á útmánuðum***

*- Hvenær fékkstu hugmyndina að ferðinni og hvað kom til?*

„Ég fékk hugmyndina á útmánuðum í fyrra, en hvers vegna get ég nú ekki sagt. Stundum lýstur bara einhverju niður í kollinn á manni og maður losnar ekki við það,“ segir Þorsteinn og hlær.

***Alltaf ákveðinn í að ganga einn***

*- Hvernig skipulagðir þú ferðina og varstu alltaf ákveðinn í að ganga einn?*

„Fyrst og fremst skoðaði ég loftmyndir og kort og nýtti mér þá helst Google Maps þar sem þar er auðvelt að finna staðsetningar í lengd og breidd og ágætan vef Landmælinga (loftmyndir.is) þar sem mæla má fjarlægðir á góðum kortum með þokkalegri nákvæmni. Þannig setti ég upp dagleiðir og náði að búa til áætlun sem ég svo hélt mig við í stórum dráttum.

Ég var alltaf ákveðinn í að ganga einn, þar með gæti ég alltaf ráðið hraða mínum sjálfur og þyrfti ekki að þrátta við neinn um hvort ráðlegt væri nú að ganga á þetta fjall eða vaða þessa jökulá einmitt þarna. Ég er nefnilega þannig gerður að ég slæ oft undan ef aðrir sækja hlutina fast, jafnvel þótt ég viti að ég hafi rétt fyrir mér (þetta á að vísu ekki við um huglægar rökræður, t.d. um stjórnmál, þar er ég yfirleitt fastur fyrir, jafnvel svo að ýmsum þykir nóg um). Mér líður líka vel einum með sjálfum mér og reiknaði ekki með að finna neinn ferðafélaga sem ekki myndi reyna að hafa áhrif á tilhögun ferðarinnar og það kom því aldrei annað til greina en að fara einn.“

***Óð árnar***

*- Þú fórst ekki hefðbundna mannavegi, hvaða slóðir gekkstu og af hverju vildir þú ekki fylgja mannavegum?*

„Já, ég fór yfirleitt vegleysur, stundum lá leiðin utan í snarbröttum skriðum eða yfir fjallatinda, og ég reyndi bara að fylgja baugnum eins og kostur var. Fór eiginlega eftir máltækinu sem segir að þar sem er vilji, þar er vegur. Stundum varð ég þó að krækja fyrir algerar ófærur í fjöllum eða klettum og eins er bráðnauðsynlegt þegar komið er að vatnsmiklum ám að velja vaðið vel, en ég óð nær allar ár á leið minni nema Jökulsá á Fjöllum. Hana fór ég yfir á brúnni við Upptyppinga. Svo mikið var sjálfstraust mitt (eða ofdramb) orðið í viðureigninni við jökulvötnin að ég var hálfpartinn að sjá eftir að hafa ekki vaðið hana líka, því er ég gekk frá brúnni inn með henni að vestan sýndist mér hún sums staðar vel fær. Mannavegir nú til dags eru allir miðaðir við vélknúin tæki og ég vildi gjarnan vera laus við að slíkt spillti fyrir mér öræfakyrrðinni.“

***30 til 35 kílómetrar á dag***

*- Hvað varstu að ganga langt á dag og hvernig veður fékkstu?*

„Dagleiðirnar voru nokkuð mislangar, allt frá um 15 km og upp í 30-35 km. Ég miðaði þó við að þær væru helst ekki lengri en 25 km og reyndi að fara því eftir hversu auðvelt gönguland var um að ræða, í brattlendi voru dagleiðirnar styttri, en á rennisléttum auðnum miðhálendisins lengri. Lengst gekk ég líklega

rúma 40 km. Það er alltof mikið og var eiginlega óvart vegna þess að útúrdúrinn til náttstaðar í fjallaskála reyndist lengri en ég hafði reiknað með.“

### *Magnað veður*

Þorsteinn ákvað við skipulagningu ferðarinnar að hann skyldi leggja upp á 57 ára afmælisdegi sínum, þann 27. júní. Þá var nýlega hafinn mikill góðviðriskafli á Austurlandi, sem segja má að standi enn að einhverju leyti. Enda var veðrið hreint með ólíkindum gott frá austurströndinni og að miðju landsins í göngunni hans. „Já, hitinn fór oft vel yfir 20 stig og stundum þótti manni hreinlega nóg um. Ég bar með mér drjúga vigt af ytri skjólfötum, fannst hreinlega ekki verjandi að fara einsamall um miðhálendið í 800-900 m hæð án þess, en því hefði ég alveg getað sleppt.

Eftir að ég fór frá Laugafelli var engin ofurblíða lengur, en veður þó að mestu þurrt og yfir fáu að kvarta nema þá helst allstífum vestan- og suðvestanvindi sem ég fékk auðvitað í fangið þar sem leið mín lá alltaf í hávestur. En eftir að ég kom yfir Tröllakirkju og í Dalasýslu fór ég að fá á mig bleytu og þoku. Aðeins einu sinni, á fyrsta náttstað mínum í Dölum (innst í drögum Haukadals) þurfti ég að taka saman tjald mitt haugblautt.

Eftir það var ég kominn í byggð og gisti á gistiheimilum, þannig að þetta gerði lítið til. Næstsíðasta daginn (25. júlí) fékk ég svo ekta slagveður að hætti Snæfellsnessins, en þá brá ég mér í lopapeysu og sjóstakk utan yfir og var hinn brattasti. Hitastigið á leiðinni fór sjaldan undir 10 gráður, jafnvel þegar ég var í 1.000-1.200 m hæð,“ segir Þorsteinn.

### *Gefur út bók um ferðina*

*–Hvað er maður að hugsa þegar maður gengur einn í 30 daga?*

„Já, auðvitað flýgur margt í gegnum hausinn og ég hafði sannarlega ætlað mér að hugsa enn fleira og festa á blað. Ég hafði með mér vasabók og skrifaði ýmislegt, enda stendur til að gefa út bók um ferðina.

En þar varð meira um náttúrufars- og landlýsingar en ljóðagerð, heimspeki og samfélagsmál, sem átti þó að vera mun meira af. Ef til vill get ég þó bætt úr því seinna þegar bókin tekur á sig skýrari mynd og bý þá að ýmsu sem um hugann fór. Líklega var áætlunin of stíf og ef ég ætti að gera þetta aftur myndi ég ætla mér viku til viðbótar.

Svo verð ég líklega að viðurkenna að 57 ára skrokkur er ekki 27 ára, jafnvel þótt hausnum finnist það. Með öðrum orðum þá tók ferðin einfaldlega svo mikið á að ég hafði ekki eins mikla orku í pælingar og ég reiknaði með. Ég þurfti alloft að streða til að halda áætluninni, setti það í fyrsta sæti og hugsaði um fátt annað á meðan. Ég var þó yfirleitt í góðu skapi eins og ég er oftast þegar ég er einn og lét ekki erfiðið buga andann.“

### *Göngutjald og fjallaskálar*

*- Hvar svafstu?*

„Fyrstu vikuna var þetta eins og raðganga, ég lauk göngunni einhvers staðar nálægt bílvegi, Soffía kom og sótti mig og ég gisti heima (5 nætur). Furðu margir fjallaskálar eru nærri 65. baugnum og ég nýtti mér þá eftir föngum. Þar voru alls 11 gistinætur og hefðu mögulega getað orðið fleiri, en stundum var ég orðinn of lúinn til að bæta á mig 5-10 km útúrdúr og ákvað frekar að tjalda.

Ég var með lítið göngutjald meðferðis eftir að ég fór úr Hrafnkelsdal og gisti alls 8 nætur í því. Fimm nætur gisti ég á gistiheimilum, aðallega í Dölum og á Snæfellsnesi, og eina nótt þáði ég gistingu á bóndabæ (Aðalbóli í Hrafnkelsdal) að gömlum sið,“ segir Þorsteinn.



Hallbjarnarstaðatindur í Skriðdal, frá Þórudal. Þarna lá baugurinn yfir.



Akurtraðir undir Eyrarfjalli. Göngulok í augsýn hjá Þorsteini.



Tjaldstæði í 1150 m hæð sunnan í Dyngjufjöllum þar sem Þorsteinn svaf. Vattsfell í baksýn.

### *Lifrarpylsa, harðfiskur og smjör*

*–Hvað borðar maður helst á svona ferðalagi?*

„Já, þú segir nokkuð, lifrarpylsa, harðfiskur og nóg af smjöri (sem ég brúka með þessu hvort tveggja) voru uppistaðan í göngunestinu. Ég er ekki sérlega hrifinn af innfluttum þurrmat sem er ætlaður í svona, en hafði þó einhverja óveru af slíku. Aftur á móti sótti ég mikið í þurrkaða ávexti, súkkulaði og hnetur, sem er hefðbundið orkufóður göngumanna. Ég hef aldrei verið mikið fyrir að borða þegar ég er á göngu, en hélt að það myndi kannski breytast þegar um svona langa ferð væri að ræða. Það gerðist nú ekki og oft nennti ég hreinlega ekki að borða. Enda hurfu utan af mér 7 kíló sem ég hafði með í upphafi en þeirra sakna ég nú ekki. Meltingin virtist hafa gott af þessu og ég man aðeins eftir einum degi (24. dagleið göngunnar, sem reyndar var ein sú stysta) þar sem mér fannst ég orkulaus.“

### *Lúnir fætur*

*- Hvað var erfiðast við ferðina?*

„Erfiðast var nú líklega hvað hún var löng og hvað stóri bakpokinn var þungur (25 kg+) á meðan ég var með hann. Síðustu dagana voru fæturnir orðnir ansi lúnir, einkum hásinarnar. Svo tók það stundum á að elta bauginn utan í fjallahlíðum, skárra var þegar hann lá beint yfir fjöllin. Síðustu daga ferðarinnar var ég orðinn mun linari í þessu en í upphafi og leyfði mér meira að segja að þiggja bílfar fyrir tvo firði á Snæfellsnesi (Álftafjörð og Kolgrafafjörð), leið sem ég átti samkvæmt reglum ferðalagsins að rölta (eða hjóla).“

### *Alltaf verið duglegur að ganga*

*- Hefur þú alltaf verið mikill göngugarpur?*

„Já, ég hef aldrei sporlatur verið, svo mikið er víst. Við hjónin gengum töluvert mikið á fjöll og fórum ýmsar styttri ferðir á okkar yngri árum og tókst áreiðanlega að koma því inn hjá börnunum okkar að oft þarf ekki annað en fæturna til að koma sér á milli staða, jafnvel þótt um einhverja tugi kílómetra sé að ræða. En ég hygg að lengsta gönguferð sem ég fór á undan þessari hafi varla verið meira en fjögurra daga, þannig að þarna var ég nú að fara inn á nýjar slóðir.“

### *Seiglan dugði*

*- Ertu ekki stoltur af því að hafa afrekað gönguna og gekk hún betur eða verr en þú áttir von á?*

„Jú, jú, sannarlega og mér þykir vænt um þegar fólk er að óska mér til hamingju með það. Eiginlega gekk hún betur en ég átti von á, en þá er ég fyrst og fremst að tala um veðrið sem var óvenju gott. Ekkert gekk verr, nema að ég reiknaði með að skrokkurinn myndi stælast og styrkjast þegar á liði, þannig að allt yrði léttara eins og gerst hefði fyrir 30 árum. Það gerði hann nú ekki, æskuþrótturinn er greinilega eitthvað að láta undan, en í staðinn er komin seigla sem dugði alveg til að skila mér á leiðarenda,“ segir Þorsteinn.

### *Ætlar ekki að ganga hringinn*

*- Hvað tekur nú við, ætlar þú að ganga hringinn í kringum landið eins og Reynir Pétur gerði?*

„Nei, ekki hef ég nú áhuga á að ganga hringveginn. Frekar myndi ég kjósa að hjóla einn hring, það gæti verið gaman. Hins vegar var þetta líka svo skemmtilegt að það væri hálfgerð synd að gera ekki eitthvað fleira í þessum dúr áður en ellin fer að banka á dyrnar fyrir alvöru. Tveir aðrir breiddarbaugar liggja yfir landið allt, sá 66. og sá 64. og þótt báðir fari styttri vegalengd á landi en sá 65., gæti verið áhugavert að reyna við annan hvorn þeirra.

Það sýnist mér þó af ýmsum ástæðum nokkuð flóknara og þarfnast betra skipulags og jafnvel meiri aðstoðar. Það er þó alls ekki nauðsynlegt, ef maður vill halda sig við þennan leik, að um heila tölu sé að ræða. Lengdarbaugarnir gætu líka verið áhugaverðir, en þá hef ég lítið skoðað. En ég slæ engu föstu að svo stöddu,“ segir Þorsteinn glottandi.

### *Vilji er allt sem þarf*

*- Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri?*

„Já, ég vil hiklaust mæla með svona verkefnum, ekki síst fyrir þá sem finnst þeir ekki nógu duglegir að skipuleggja hlutina og framkvæma síðan eftir áætlun. Þegar manni hefur tekist eitthvað svona hlýtur niðurstaðan að vera sú að vilji sé allt sem þarf og þetta stælir viljastyrkinn. Einungis þarf að gæta þess að vera viss um það fyrirfram að hafa tryggt sér þann stuðning frá öðru fólki sem maður gæti þurft á að halda og ganga ekki út frá neinu sem gefnu í þeim efnum. Annars bara upp með sokkana og af stað,“ segir Þorsteinn kampakátur með afrek sumarsins.

*/MHH*

### Tvenn vinahjón standa að umfangsmikilli kartöflurækt á Þórustöðum í Eyjafirði:

# Komin á góðan stað í ræktuninni en alltaf hægt að gera betur

**„Við erum komin á góðan stað í okkar ræktun en alltaf er hægt að gera betur,“ segir Jón Kristjánsson sem ásamt konu sinni, Tinnu Ösp Viðarsdóttur, og hjónunum Jóni Helga Helgasyni og Díönu Rós Þrastardóttur, reka Þórustaða kartöflur ehf. í landi Þórustaða 2 í Eyjafjarðarsveit.**

Kartöflurækt á sér langa sögu á Þórustöðum, en Helgi Örlygsson, faðir Jóns Helga, hóf að rækta kartöflur þar árið 1977. Hann var alla tíð í vinnu á Akureyri og sinnti ræktuninni meðfram sínu starfi. Hann segir ánægjulegt að sjá verk sitt vaxa og dafna í höndum unga fólksins sem hefur mikinn metnað og hefur gæði vörunnar ávallt í öndvegi.

„Mér finnst alveg meiri háttar að einhver hafi verið til í að taka við keflinu, kannski hafa þau ekki vitað hvað þetta er mikil vinna,“ segir Helgi. Það stenst þó ekki, fjölskyldan vann saman í kartöfluræktinni við að setja niður og þau verk sem sinna þurfti þess á milli. Jón Helgi, sonur hans, var þar engin undantekning og besti vinur hans frá barnæsku, Jón Kristjánsson, kom í Þórustaði öll haust til að aðstoða við upptökustörfin. Tinna Ösp bættist svo í hópinn eftir að þau kynntust og sömuleiðis Díana Rós, kona Jóns Helga.



Tvær fjölskyldur reka kartöflubúið á Þórustöðum saman, í efri röð eru frá vinstri: Tinna Ösp Viðarsdóttir, Árný Sól Jónsdóttir, Jón Kristjánsson, Fannar Máni Jónsson, Helgi Örlygsson, Díana Rós Þrastardóttir, Jón Helgi Helgason, Hekla Lind Jónsdóttir. Í neðri röðinni eru þeir Gabríel Máni Jónsson, Aron Máni Jónsson, Birkir Logi Jónsson og Óliver Kári Jónsson. Myndir / MÞÞ



Á liðnu vori settu þau niður í um 32 hektara lands og vita auðvitað ekki strax hver uppskera verður. Vorið var kalt og sett var niður frekar seint. Langvarandi þurrkar og mikil hlýindi hafa verið um miðbik sumars og enn á eftir að koma í ljós hvernig ágústmánuður verður.

### *Samhent og höfum gaman af þessu*

Öll búa þau á Þórustöðum, á sitthvorum bænum nr. 2 og 7, eiga myndarlegan barnahóp, sjö börn alls, Jón og Tinna fjögur og Díana og Jón Helgi þrjú. Börnin virðast hafa gaman af starfi foreldranna og taka að sér eitt og eitt viðvik eftir aldri og getu. „Það er ótrúlega gaman hvað samstarfið gengur vel, við erum samhent og höfum gaman af þessu,“ segir Díana Rós. Búið ber einn starfsmann í fullu starfi og er það Jón Kristjánsson sem sinnir því. Jón Helgi starfar hjá Vegagerðinni, Díana Rós er í skóla og Tinna Ösp í fæðingarorlofi. Öll hlaupa þau í hvaða verk sem er þegar þarf.

Löng hefð er fyrir kartöflurækt á Þórustöðum. Þegar Helgi hóf sína starfsemi árið 1977 hafði hlé verið gert í ræktuninni um 10 ára skeið, eða frá árinu 1967. Mörg ár á undan voru þar ræktaðar kartöflur. Jón Helgi og Jón eru vinir og skólafélagar frá fornu fari, en þeir ásamt konum sínum keyptu meirihluta rekstursins af Helga fyrir fáum árum.

### *Feta sig eins og kostur er að lífrænni ræktun*

Þau eru sammála um markmiðin með ræktuninni, að framleiða gæðavöru fyrir íslenska neytendur og segja að viðtökur við Þórustaða kartöflum séu góðar. Fyrstu kartöflurnar fóru á markað fyrir um hálfum mánuði og seldist samstundis allt sem í boði var. „Við leggjum höfuðáherslu á gæðin, fólk á að vera öruggt um að fá góða vöru frá okkur og við leggjum mikið á okkur til að svo verði,“ segja þau.

„Við erum að feta okkur eins nálægt lífrænni ræktun eins og kostur er t.d. með tækjabúnaði og lágmörkun á tilbúnum áburði, en vottunarferlið er strangt og markaðurinn ekki tilbúinn að okkar mati. Lífræn ræktun er töluvert dýrari og væri helsti möguleikinn að fá vottun á hluta ræktunarinnar,“ segir Jón Helgi.

### *Alltaf happdrætti hver uppskeran verður*

Á liðnu vori settu þau niður í um 32 hektara lands og vita auðvitað ekki strax hver uppskera verður. Vorið var kalt og sett var niður frekar seint. Langvarandi þurrkar og mikil hlýindi hafa verið um miðbik sumars og enn á eftir að koma í ljós hvernig ágústmánuður verður. „Það er alltaf happdrætti varðandi það hver uppskeran verður,“ segir Helgi og talar af reynslu. Í fyrra var sett niður í um 26 hektara lands og uppskeran nam 370 tonnum. Það ár var uppskera í lélegri kantinum. Árið þar á undan var hún mun betri, eða um 440 tonn í færri hekturum. „Þetta fer allt eftir veðri og vindum og maður veit aldrei nákvæmlega hvað kemur upp,“ segir Jón.

### *Stafrænn flokkari sem myndar allar kartöflur í bak og fyrir*

Vinnslan er til húsa í gömlu fjósi sem búið er að endurinnrétta, kaffistofa var útbúin í mjólkurhúsinu. Kartöflur eru svo geymdar í tveimur kæligeymslum og kjallara og ef húsnæði er að springa grípa þau til þess að bæta við gámum úti á hlaði. „Það væri allt í lagi stundum að hafa meira húsnæði til umráða en oftast dugar þetta til,“ segja þau. Undanfarin misseri hafa þau fjárfest í nýjum tækjum, m.a. 4 rása niðursetningarvél og nýverið var keyptur stafrænn flokkari, mikill gæðagripur og mörgum kostum búinn.

Allar kartöflur fara um Newtec flokkarann sem tekur yfir 40 myndir af hverri og einni kartöflu og flokkar þær í sundur niður í 8 flokka alls, bæði eftir stærð og gæðum. „Þegar flokkarinn hefur lokið sér af förum við yfir allt aftur til að vera alveg viss um að ekkert hafa komist fram hjá vökulu auga hans. Með því viljum við tryggja að okkar kaupendur fái góða vöru,“ segir Tinna Ösp. Flokkarinn sparar mikla vinnu líkt og önnur tæki sem hægt er að nota í vinnslunni.

Kröfur þeirra um gæði vörunnar birtast líka í því að þau leggja mikið upp úr því að kaupa stofnútsæði svo útsæðið sé ávallt ferskt og nýtt. Þá leita þau sér þekkingar þar sem hana er að finna og fá til sín ráðgjafa þegar kostur er sem gefa góð ráð. Þá eru þau mikið í skiptirækt og til að mynda var meirihluti þess sem sett var niður í síðastliðið vor í land nágrannabæja og ábúendur þeirra nýta þá tún á Þórustöðum á móti.



Díana, Jón og Jón Helgi við upptökustörf á liðnu hausti.


GÓLF Í GRIPAHÚS

SWAANS BETON

SIB LOWICZ

**BYKO býður nú ýmsar stærðir steinbita fyrir nautgripi á lager**

Hvort sem verið er að endurnýja eldri fjós eða byggja nýtt bjóðum við steinbita sem henta fyrir öll verkefni.

Steinbitarnir eru framleiddir í vottuðum verksmiðjum og uppfylla allar kröfur um evrópustaðla.

Steinbitana er mögulegt að fá fyrir allt að 6 tonna öxulþunga.

Við bjóðum einnig sérsniðin velferðagólf fyrir steinbita.




ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

bondi@byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Yngstu börnin á bænum, þau Árný Sól og Fannar Máni, í fanginu á Jóni.




Óliver Kári og Birkir Logi stoltir í vinnugöllunum sínum, merktum Þórustaðakartöflum.



Flokkarinn sparar mikla vinnu líkt og önnur tæki sem hægt er að nota í vinnslunni.



Jón Helgi við stjórnborð flokkunarvélarinnar. Vélin tekur yfir 40 myndir af hverri kartöflu og flokkar í 8 flokka eftir stærð og gæðum.

***Tilraun með lágkolvetnakartöflur***

Kappkostað er að koma til móts við vilja neytenda. Sem dæmi nefna þau að nú sé smælki mjög vinsælt, fólk grípi í miklum mæli með sér þannig poka úr verslunum og skiptir þar örugglega máli að það er fljótsoðið og bragðgott. Nú í haust eru þau einnig að reyna fyrir sér með framleiðslu á kartöflum með lágt kolvetnainnihald og gera það í samstarfi við MATÍS sem mun fara yfir málið og staðfesta hvort um lágkolvetnakartöflur er að ræða. „Fólk á sínar uppáhaldskartöflur, en er líka alveg tilbúið að prófa eitthvað nýtt. Við vonum að þetta muni takast hjá okkur. Við tökum þessar kartöflur upp í haust og þá kemur í ljóst hvort þær standist væntingar, við erum spennt að sjá hvernig til tekst," segir Jón Helgi.

Þórustaða kartöflur eru m.a. seldar í verslunum Samkaupa, Hagkaup Akureyri og einnig í gegnum Matarstíg Helga magra sem starfandi er í Eyjafjarðarsveit.

Þær kartöflur pantar hver og einn á vefsíðu matarstígsins (matarstigur.is). „Það er gaman að sjá hvað mikill vöxtur er þar, áhugi fólks á að panta sín matvæli beint frá býli er að aukast," segja þau. /MÞÞ





KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR

Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is







Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



## Ágætis aðsókn að Sauðfjársetrinu í sumar:

# Aflýsa stærsta viðburðinum tvö ár í röð

## -Sauðfjársetrið mikilvæg miðstöð menningarlífs í héraði

**„Starfsemin hefur þrátt fyrir allt gengið ágætlega í sumar og aðsókn að Sauðfjársetrinu sem og einnig veitingasalnum Kaffi Kind verið í góðu lagi,“ segir Ester Sigfúsdóttir á Kirkjubóli, framkvæmdastjóri Sauðfjársetrs á Ströndum.**

Vegna sóttvarnatakmarkana er mönnum nú nauðugur sá kostur að aflýsa einum vinsælasta viðburði Sauðfjársetursins, Íslandsmóti í hrútadómum, og þykir það súrt í brotið.

„Við höfum haldið Íslandsmót í hrútadómum óslitið í 17 ár, en nú gerist það annað árið í röð að við þurfum að blása þá af. Hrútaþuklið hefur verið stærsti viðburðurinn í okkar starfi. Hingað hefur streymt fólk alls staðar að af landinu, bændur og búalið, til að taka þátt eða fylgjast með. Við höfum fengið frá 300 og upp í 500 gesti á hrútaþuklið undanfarin ár. Það er því vissulega mjög leiðinlegt að það hittist þannig á að aflýsa þurfi tvö ár í röð, en við því er auðvitað ekki neitt að gera,“ segir Ester.



**Útisýningin var opnuð fyrr í sumar en hún er við göngustíg sem kallast Sjávarslóð og liggur frá Sauðfjársetrinu og út í Orrustutanga þar sem safnahúsið stendur.**

### *Kórónuveiran setur mark sitt á starfsemina*

Sauðfjársetrið á Ströndum er viðurkennt safn sem sinnir öllum þáttum safnastarfs en það er líka mikilvæg menningarmiðstöð í héraði. „Hér hittast heimamenn og eiga saman góðar stundir á margvíslegum viðburðum,“ segir Ester, sem er Siglfirðingur að uppruna en býr á Kirkjubóli og hefur stýrt Sauðfjársetrinu undanfarin ár. Hún dregur ekki úr því að kórónuveirufaraldur hafi sett mark sitt á starfsemina undanfarin misseri, líkt og á alla ferðaþjónustu og menningarstarf. „Það hafa fallið niður stórir viðburðir sem voru á dagskrá,“ segir hún. „Gestafjöldi í fyrra var til dæmis aðeins rúmlega helmingur af því sem vanalegt er, en á hverju ári koma að jafnaði um 6 þúsund gestir í heimsókn til okkar.“

### *Tókst að halda Náttúrubarnahátíðina*

Ester segir að þrátt fyrir allt hafi sumarið gengið vel og hún er ánægð með aðsókn það sem af er sumri. Gestir á Kaffi Kind, sem rekin er í tengslum við Sauðfjársetrið, hafa einnig verið margir. Hún segir að tekist hafi að halda eina hátíð í sumar, Náttúrubarnahátíð, um miðjan júlí en setrið rekur Náttúrubarnaskóla sem hliðarverkefni við aðra starfsemi.

Sá skóli stendur fyrir hátíðinni og fleiri viðburðum fyrir náttúrubörn á öllum aldri, m.a. dagsnámskeiðum. Markmið Náttúrubarnaskólans er að kenna fólki að veita náttúrunni athygli og að börn upplifi og læri með því að sjá, snerta og gera sjálf.

### *Sauðfé og sveitafólk á Ströndum*

Nokkrar sýningar eru jafnan á Sauðfjársetrinu. Fastasýningin í ár heitir Sauðfé og sveitafólk á Ströndum og er í aðalsal Sævangs, þar sem setrið er til húsa. Sævangur stendur við Steingrímsfjörð og var áður félagsheimili Tungusveitunga. Ester segir að auk þess hafi tvær nýjar sýningar verið opnaðar á árinu. Annars vegar sýning um förufólk og flakk í gamla sveitasamfélaginu og hins vegar ljósmyndasýning með myndum úr albúmi Rósu Jónídu Benediktsdóttur frá Kirkjubóli.

Sú sýning heitir Svipmyndir úr sveitinni og í henni eru líflegar mannlífsmyndir úr Tungusveit og frá Kirkjubóli, teknar á árabilinu 1930 til 1965.

### *Sérsýningum reglulega skipt út og nýjar settar upp*

„Við skiptum sérsýningum reglulega út, en í ár erum við með tvær sýningar í gangi líka. Önnur þeirra heitir Álagablettir og fjallar um slíka bletti, þjóðtrú og þjóðsögur á Ströndum. Ég geri ráð fyrir að sú sýning verði tekin niður næsta vetur, en til stendur í staðinn að gefa út bók um efnið í samvinnu við Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu sem starfrækt er á Hólmavík,“ segir Ester. Sauðfjársetrið og Rannsóknasetrið unnu saman fyrir jólin í fyrra að frumraun beggja í bókaútgáfu þegar gefin var út bókin Strandir 1918, en hún inniheldur greinar um þetta sögulega ár, ferðasögur og dagbækur frá þessum tíma.

Hin sérsýningin var opnuð í fyrra og segir Ester hana henta sérlega vel á Kóvid-tímum. „Hún er nefnilega utandyra, við göngustíg sem kallaður er Sjávarslóð og liggur frá Sauðfjársetrinu og út í Orrustutangann sem safnahúsið stendur á. Þá sýningu er hægt að skoða allan sólarhringinn og allt árið,“ segir hún en fjöldi skilta er við stíginn og einnig listaverk og skúlptúrar eftir listamanninn Arngrím Sigurðsson.

### *Undirbúa 20 ára afmælið*

Sauðfjársetrið var stofnað árið 2002 og er undirbúningur fyrir 20 ára afmælið að ári þegar hafinn. Ester segir að m.a. sé ætlunin að opna nýja sýningu, gefa út myndabók, gera hlaðvarpsþætti og heimildamynd, auk þess sem sitthvað fleira verði gert af þessu tilefni. Vinna er þegar hafin við að uppfæra vef setursins, saudfjarsetur.is, „og vonandi verður svo líka hægt að halda alla þá viðburði á næsta ári sem fallið hafa niður undanfarið, fólki veitir ekki af því að hittast og gleðjast saman,“ segir hún.

Sauðfjársetrið er opið daglega yfir sumartímann frá kl. 10 til 18 og yfir veturinn í tengslum við viðburði og heimsóknir hópa. Ester segir að setrið standi fyrir margvíslegum viðburðum, bæði fyrir heimamenn og gesti. Hún nefnir þjóðtrúarkvöld sem jafnan er haldið í september og sviðaveislu í október, auk þess sem safnið taki virkan þátt í margvíslegum viðburðum og hátíðum sem efnt er til í Strandabyggð. Heimafólk kemur saman og spilar félagsvist á safninu og þar eru líka sögustundir yfir veturinn, tónleikar af og til og jafnvel æfð og sýnd leikrit í samvinnu við Leikfélag Hólmavíkur.

### *Auka framboð á efni á ensku*

Meirihluti gesta Sauðfjársetursins eru Íslendingar en sýningartextar eru einnig á ensku og á aðalsýningunni líka á þýsku. Ester segir að safnið taki þátt í verkefni Vinnumálastofnunar „Hefjum störf“ og hafi ráðið til sín þýðanda til 6 mánaða til að auka framboð á efni á ensku.

Þjóðfræðimenntaðir starfsmenn eru í hlutastörfum yfir veturinn og vinna þá að sérverkefnum við skráningu, uppsetningu sýninga, við útgáfu og miðlun. Um þessar mundir er í gangi stórt verkefni sem nefnist Menningararfur í ljósmyndum og snýst um söfnun, skráningu og miðlun gamalla Strandamynda. Helstu bakhjarlar Sauðfjársetrs, sem er sjálfeignastofnun, eru Safnasjóður, Uppbyggingasjóður Vestfjarða og sveitarfélagið Strandabyggð. */MÞÞ*



**Ester Sigfúsdóttir á Kirkjubóli, framkvæmdastjóri Sauðfjárseturs á Ströndum, með dóttur sinni, Dagrúnu Ósk Jónsdóttur yfirnáttúrubarni.**



**Náttúrusmiðja með Arfistanum Ásu Þórisdóttur var haldin á Náttúrubarnahátíðinni á liðnu sumri.**



**Listaverkið Njörður eftir Arngrím Sigurðsson er eitt þeirra sem skoða má á einni af sýningum Sauðfjársetursins. Sú sýning er utandyra og hægt að skoða allan sólarhringinn.**

MENNING & SAGA

## Núvitund í þjóðgarði Oregonríkis:

# Þó vindurinn leiki um hann hafa öldurnar engin áhrif

**Í Cratervatni Oregonríkis má finna „gamlan mann“ sem flýtur um í stóískri ró. Eftir honum var fyrst tekið í byrjun 19. aldar, þegar svæðið var gert að þjóðgarði, en þó er áætlað að hann hafi flotið um í vatninu heldur lengur.**

Reyndar er um trjábol að ræða af tegundinni þöll, sem gengið hefur undir viðurnefninu „gamli maðurinn“ síðan elstu menn muna.

Sólkysstur og klofinn sést efsti hlutinn rúman metra upp fyrir yfirborðið, en bolurinn allur er talinn vera níu metra langur. Einhvern veginn virðist þetta fyrirbæri þó mótmæla lögmálum eðlisfræðinnar þar sem hann helst lóðréttur þótt hann fljóti um vatnið. Mishratt reyndar að sögn náttúrufræðingsins John Doerr, sem árið 1938 eyddi þremur mánuðum í að fylgjast með ferðamynstri „gamla mannsins“ og komst að því að hann ferðaðist mikið og stundum furðu hratt. Yfir sumartímann, frá júlíbyrjun til loka september, skráði John ferðir bolsins samviskusamlega niður og ferðaðist hann nær 100 km alls. Einn vindasaman dag ferðaðist hann meira að segja sex og hálfan kílómetra.



Cratervatn í þjóðgarði Oregonríkis er jafn fallega blátt að lit og vatnið í Keri okkar Íslendinga vegna efnasamsetninga sem verða til við eldsumbrot.

### *Tígulegur en þó ekki hættulaus*

Slysahætta getur þó átt við, þar sem ekki eru allir jafn mikið í núvitundinni og sá gamli. Þar sem má finna hann nánast hvar sem er á vatninu, miðla bátaeigendur almennt stöðu hans sín á milli til öryggis, enda óskemmtilegt að fá óvænt högg á bátinn.

Annars hafa margir furðað sig á því hvers vegna gamli maðurinn virðist líða um vatnið af einskæru æðruleysi og hefur hvorki orðið veðrum, vindum né rotnun að bráð. Algengasta kenningin bendir til þess að þegar tréð féll í vatnið –væntanlegayttáframíkjölfarskriðu– hafi nægilega mikið af steinum fest í rótunum til þess að þyngdin héldi trénu lóðréttu. Með árunum hafi svo ræturnar rotnað og steinarnir horfið í djúpið, en stofninn þá orðinn vatnsmikill og þyngd hans haldi bolnum beinum. Samtíma því að njóta varðveislu ískalds vatnsins og sólarinnar sem þurrkaði þann hluta sem stendur upp úr og gegnir í raun hlutverki flothylkis. Vegna tærleika vatnsins má greinilega sjá allan trjástofninn fyrir neðan yfirborðið, svo og nokkuð af silungi sem innfæddir slepptu fyrr á öldinni og hefur fjölgað sér.



„Gamli maðurinn“ er af trjátegundinni þöll, en af henni finnast a.m.k. fjórar tegundir í Norður-Ameríku.



Náttúrufræðingurinn John Doerr, sem árið 1938 eyddi þremur mánuðum í að fylgjast með ferðamynstri „gamla mannsins“ og komst að því að hann ferðaðist mikið og stundum furðu hratt.

### *Eldfjallið Mazama, snjóhríð og hremmingar*

Cratervatn er staðsett í einum elsta þjóðgarði Bandaríkjanna, stofnuðum í kringum aldamótin 1900 og staðsettum í suðurhluta Oregonríkis. Vatnið, sem er eitt dýpstu vatna í heimi, er í gíg sem myndaðist þegar eldfjallið Mazama féll saman vegna sprenginga eða sökum holrúms sem myndast getur við eldgos.

Alls kyns sögur og sagnir hafa loðað við vatnið og nærliggjandi umhverfi – og meðal annars segir frá atburði sem gerðist árið 1988. Þá voru vísindamenn að störfum í vatninu og notuðu til þess kafbát. Til þess að eiga ekki á hættu að „gamli maðurinn“ rækist í kafbátinn ákváðu þeir að binda hann við austurhlíð Wizardeyju þar til rannsóknarvinnu þeirra væri lokið. Ekki vildi betur til en svo að það fór að snjóa. Stóð á með hríðum þar til vísindamennirnir leystu „gamla manninn“ úr nauðum sínum og þá fór sólin að skína. Eftir þessar hremmingar trúðu því margir að sá gamli stjórnaði veðrinu.

### *Andar upp- og niðurheima skreyta þjóðsögur Klamath-indíána*

Athyglisverðara er þó að kynna sér þjóðsögur Klamath-indíána sem hafa haldið til á þessu landsvæði um áraraðir. Rétt er að taka fram að við uppgröft hafa fundist leifar af afar fornum mokkasíum, spjótum og öðrum áhöldum ættbálksins undir öskulögum við Mazama fjallið, bæði norðan og austan við vatnið Crater. Tímalega samræmist það áætlaðri búsetu Klamath-ættbálksins í þjóðgarðinum við myndun vatnsins, auk lýsingar þeirra á hamfaragosi Mazama-fjalls og sköpun gígvatnsins í þjóðsögum sínum. Þar áttust við andarnir Skell og Llao, en þeim viðurlögum endaði með sigri Skell sem fyllti gíginn bláu vatni til marks um frið og ró. Áhugavert þykir að sagnir ættbálksins um geysimikið stríð þessara anda upp- og niðurheima, eru hliðstæðar jarðfræðilegri sögu gígvatnsins en talið er að eldsumbrotin sem sköpuðu Cratervatn hafi átt sér stað fyrir 7.700 árum síðan.

Þó lítið hafi verið um svipaðan óróa síðastliðin ár er víst að svæði eldstöðvanna er enn þá virkt, því borið hefur á þó nokkrum vatnshita í botni gígvatnsins auk snarpra jarðskjálfta á svæðinu. Hvað sem á gengur virðist þó gamli maðurinn halda jafnvægi sínu og fljóta um vatnið, æðrulaus að venju. /SP



Ættbálkur Klamath-indíána hefur haldið til á þessu landsvæði lengur en elstu menn muna.

UTAN ÚR HEIMI



Bessadýr er dæmi um örveru sem má meðal annars finna á Suðurheimskautinu.

## Hvíta eyðimörkin:

# Þar sem örverur andast

**Jafnvel á hinum óbyggilegustu svæðum virðast örverur alltaf vera með lífsmarki þó þær liggi í dvala við hin ógurlegustu skilyrði – enda hýsir nær allur jarðvegur afar fjölbreytt örverusamfélög.** Gegnfrosnar eða við suðumark vakna örverurnar svo hægt og bítandi til lífsins ef breyting verður á nærliggjandi aðstæðum.

Samkvæmt vefsíðu American Geophysical Union lítur hins vegar út fyrir að á Suðurskautinu finnist svæði með mögulega takmörkum örverubyggðar – enda talinn kaldasti, þurrasti og vindasamasti staður heims, oft kallaður „hvíta eyðimörkin“.

Vísindamenn rannsökuðu rétt rúmlega tvö hundruð sýni af íslausum jarðvegi sem safnað var á jökulsvæði í afskekktum dal Transantarcticfjallanna og niðurstöðurnar voru örverunum frekar ólífvænlegar. Örverusamfélög þrífast nefnilega ekki sem best ef þau búa við kaldar, þurrar og saltar aðstæður í þúsundir ára. Samkvæmt vísindamönnunum sem stóðu að rannsókninni kom í ljós að umhverfisskilyrði þessa óhrjálegasta dal jarðar hefur takmarkað örverusamfélög þannig að lífsmark þeirra og virkni er undir greinanlegum mörkum.

Ólíklegt er að jarðvegur sem þessi sé einsdæmi en þó styður rannsóknin fyrri tilgátur um að líf örvera sé takmarkað við langvarandi búsetu í sumum aðstæðum. Örverufræðingurinn Noah Fierer, sem tók þátt í rannsókninni, telur þetta vera þó í fyrsta skiptið sem jafn ólífvænlegur jarðvegur hefur fundist.

Þrátt fyrir að Suðurskautið hafi áður verið ríkt af lífi er það í dag þakið ís. Fyrir tugum milljóna ára var loftslagið hins vegar ákjósanlegt, sem skýrir mikinn fjölda vistkerfa, finnanleg í þessum fjöllum. /SP



Þótt snjóhlébarðinn hafi verið tekinn af lista yfir dýr í útrýmingarhættu er hann enn talinn dýr í viðkvæmri stöðu.

## Bandaríkin:

# Hóstandi hlébarði

**Óbólusettur og afar sjaldgæfur snjóhlébarði í dýragarði San Diego borgar í Bandaríkjunum greindist nýlega jákvæður fyrir Covid-19 veirunni.**

Sem stendur hafa starfsmenn dýragarðarins haft sig alla við varðandi bólusetningu dýranna en sérfræðingar á svæðinu tóku eftir því að snjóhlébarðinn þjáðist bæði af hósta og nefrennsli. Tekið var sýni frá dýrinu og staðfest veirusýking. Forstöðumenn dýragarðsins rennur ekki í grun um hvernig hlébarðinn smitaðist en hann er einn fárra slíkra dýra eftir í heiminum.

Í janúar síðastliðnum hófu starfsmenn dýragarðsins að bólusetja öll dýr undir vökulum augum dýralækna, en áhersla var lögð á þau dýr sem eru talin hvað útsettust fyrir smitum, þar með töldum hlébörðum, tígrisdýrum og ljónum. Snjóhlébarðinn, sem hefur ekki sýnt nein viðbótareinkenni, er hress eftir atvikum – en áður höfðu fundist smit í górillum – sem eftir bólusetningu náðu sér að fullu.

Snjóhlébarðinn deilir híbýlum sínum með kvenkyns snjóhlébarða og tveimur Amúrhlébörðum og hafa þessi dýr nú verið sett í sóttkví. Grannt er fylgst með þeim enda eru Amúrhlébarðar ein sjaldgæfasta undirtegund hlébarða í heiminum.

Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem snjóhlébarði reynist jákvæður í Bandaríkjunum. Í desember var staðfest að þrír snjóhlébarðar í dýragarðinum í Louisville væru smitaðir af vírusnum. Þessir hlébarðar sýndu væg einkenni og talið var að smitið hefði borist í þá frá einkennalausum starfsmanni./SP

## Palestína:

# Landbúnaðurinn griðland í heimsfaraldri

## – Vatnsræktaráætlun H2Grow

**Í kjölfar Covid-19 tók landbúnaðarráðuneyti Pale- stínumanna þá ákvörðun, fyrir um ári síðan, að standa fyrir herferð í grænmetisræktun. Í samvinnu við nokkur frjáls félagasamtök var 1,2 milljónum forræktaðra matjurtaplantna dreift til íbúa víðs vegar, búsettum bæði í borgum, flóttamannabúðum og á afskekktum svæðum.**



Forræktaðar plöntur gefa von um betri heim.

Þetta verkefni var sett á fót til að tryggja lágmarks fæðuöryggi heimila og palestínskar fjölskyldur hvattar til að hefja ræktun í raun hvar sem rými byði upp á – en skortur á vatni, sérstaklega á suðurhluta Vesturbakkans, hélt fólki að miklu leyti frá því að reyna gæfu sína í garðyrkjunni. Vegna mikilla átaka og ástands í landinu er lítið um auðlindir eins og land, vatn og orku og landbúnaðarframleiðsla því dregist verulega saman.

Með tilliti til þess ákvað Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (World Food Program/ WFP) að hefja tilraun með vatnsrækt á svæðinu, í von um að vel tækist til við ræktun og framleiðslu ávaxta og grænmetis.

Áætlað var að verkefnið, undir nafninu H2Grow, myndi gera samfélagið sjálfbærara með útbreiðslu vatnsræktar, en sú aðferð gerir ræktendum kleift að nota 90 prósent minna vatn en ella og er notkun þess því hluti af víðtækari framtíðarsýn þegar kemur að því að efla landbúnað á svæðum líkt og á Vesturbakka Palestínu og Gaza.

Vatnsrækt eða hydroponic ræktun er í raun ræktun án notkunar jarðvegs og einungis er notast við vatn, næringarupplausn og ljós. Ræktun gengur mun hraðar fyrir sig en ella – þegar notast er við vatns-eða úðunarkerfi, en þá er hægt að hafa stjórn á næringarupptöku plantnanna. Í raun er hægt að líkja næringarlausninni við fljótandi jarðveg, auðugum af næringu, steinefnum, snefilefnum og súrefni.

Verkefni H2Grow er, eins og stendur, starfandi í sjö löndum, en hefur þó örlitla sérstöðu í Palestínu. Þar eru í bland við vatnsræktina notuð svokölluð „Wicking Beds“ eða plöntukassar með lágtækni áveitukerfi, sem notar allt að 50 prósent minna vatn en hefðbundin áveita. Rúmlega þrjátíu palestínsk heimili tóku þátt í verkefninu og má segja að útkoman hafi ekki látið standa á sér – en samkvæmt könnun ræktuðu þau að meðaltali 120 kg af grænmeti frá febrúarmánuði til apríl 2020 – þegar Covid-19 tilfellin náðu hámarki í Palestínu – eða yfir 35 til 45 prósent af grænmetisneyslu hvers heimilis.

Rétt er að taka fram að ekki hentar þessi ræktun öllum matjurtum, en helst þeim með tiltölulega stuttar og fínlegar rætur – td. basiliku, spínati, salati, mintu, steinselju, pipar og tómötum svo eitthvað sé nefnt. Má því segja að ferskt grænmeti hafi skotið rótum sínum í Palestínu með von um ábatasama framtíð. /SP

## Kaffibaunir Brasilíu undir ís?:

# Heimsmarkaðsverð í hættu

**Verð á Arabica kaffi hækkaði um tíu prósent nýverið, til viðbótar tuttugu prósenta hækkun um miðjan júlí. Hefur hækkunin ekki verið meiri í tæp sjö ár en óvanalegur veðurkuldi hefur ógnað kaffirækt stærsta framleiðanda heims í Brasilíu.**

Vetrarmánuðir Brasilíu spanna frá júníbyrjun til ágústloka og vanalega fer hitastigið neðar en 13 °C.

Mikil frost hafa hins vegar plagað Brasilíubúa og skemmt með því stóran hluta kaffiekranna auk þess sem búist er við heilmiklu kuldakasti á næstu dögum. Kaffirunnar eru afar viðkvæmir fyrir frosti sem getur valdið miklum skaða og jafnvel drepið þá að fullu. Kaffiræktendur standa þá mögulega frammi fyrir því að hefja ræktun að nýju með von um betri tíð. Ferlið tekur þó um þrjú ár – frá gróðursetningu að því að hægt sé að vinna kaffi úr berjum runnans.



Arabica telur um 75-80% af kaffiframleiðslu á heimsvísu.

Bráðabirgðatölur frá matvælastofnun brasilískra stjórnvalda töldu að nú þegar hefði veðurfarið haft áhrif á eitt hundrað og fimmtíu þúsund til tvö hundruð þúsund hektara – um 11% af heildaruppskeru arabica kaffis í landinu.

„Umfang tjónsins er enn óljóst, en áætlað tap er nú á bilinu 5,5 til 9 milljónir (ef um ræðir 60 kg kaffibaunasekki), miðað við hækkun frá 2 milljónum í 3 milljónir í vikunni þar á undan,“ sagði Charles Sargeant, hjá Britannia Global Markets.

Sargeant var að vísa til uppskeru Brasilíu árið 2022. Framleiðsla þessa árs sem þegar hefur verið tekin upp er minni en sú sem er áætluð á næsta ári. Mikilvægt er að áætluð góð framleiðsla næsta árs standist – vegna jafnvægis á heimsvísu.

Útlit er fyrir þó nokkurri hækkun á heimsmarkaðsverði og þá í kjölfarið líkur á hækkun hjá helstu vörumerkjum sem hafa margir hverjir gert viðeigandi ráðstafanir. /SP

**ÞINN GARÐUR þín kolefnisbinding**



Kryddjurtir eru ýmist ein- eða tvíærar eða fjölærar og misharðgerðar við íslenskar aðstæður.

## Gróðursetning:

# Krydd í tilveruna

**Hver hefur ekki áhuga á því að fá dálítið krydd í tilveruna? Kryddjurtir fást í miklu úrvali í gróðrarstöðvum og er nokkuð algengt að fólk þjáist af töluverðum valkvíða þegar það stendur frammi fyrir kryddjurtastóðinu.**

Þessar bragðgóðu plöntur eru ýmist ein- eða tvíærar eða fjölærar og misharðgerðar við íslenskar aðstæður en hver og einn ætti að geta fundið plöntur sem henta bæði bragðlaukum og vaxtarskilyrðum heima við. Fjölærar kryddjurtir er sniðugt að gróðursetja í og við matjurtagarðinn þar sem þær standa áfram næstu ár. Í þessum flokki eru til dæmis graslaukur, blóðberg, piparmynta, skessujurt og kjarrmynta. Ein- eða tvíærar kryddjurtir, eins og kóríander, steinselja og dill má vissulega gróðursetja í matjurtagarðinn en einnig er sniðugt að raða saman nokkrum lykiltegundum í ker og/eða potta og hafa við höndina nálægt grillinu eða eldhúsglugganum, þá er fljótlegt að nálgast þær í matseldina.

Almennt vilja þessar kryddtegundir sólríkan vaxtarstað og frjósaman jarðveg og ef þær eru ræktaðar í pottum yfir sumarið er nauðsynlegt að fylgjast vel með vökvun, jafnvel vökva þær með blómaáburði einu sinni til tvisvar í viku. Basilika er gjarnan seld í gróðrarstöðvum en hún er kuldaskræfa og hentar því best að hafa hana í gróðurhúsi eða inni í eldhúsi á sæmilega björtum stað.

*/ehg - gh*



Blómleg og falleg basilika úr Litlu Melabúðinni á Flúðum.



Graslaukur í fullum skrúða.



















**Vilmundur Hansen**
vilmundur@bondi.is



Í Róm til forna var lasanja samheiti fyrir allt pasta.

# Núðlur & pasta

**Helsti munurinn á núðlum og pasta er sá að núðlur eru yfirleitt búnar til úr hvor sinni hveititegundinni. Pasta er yfirleitt búið til úr hveiti, Triticum aestivum, en pasta úr dúru, T. durum eða undirtegundinni T. turgidum sp. durum. Pasta og núðlur eru í dag hluti að daglegri fæði milljóna manna um allan heim.**

Ákveðnar óskráðar reglur eru um innihald núðla og pasta í dag en til eru undantekningar og hægt að fá pasta sem búið er til úr hveiti og dýrar núðlur sem búnar eru til úr dúru eða fjölda annarra tegunda af plöntum.

Þrátt fyrir augljós líkindi með núðlum og pasta og að hvort tveggja er hversdagsmatur milljóna manna um allan heim er ekki allt sem sýnist. Á Vesturlöndum neytir fólk meira af pasta en í Asíu eru núðlur algengari.

Kús kús, sem er almennur matur í Norður-Afríku, er enn ein útgáfan af núðlum eða pasta sem búið er til úr dúru.

### *Núðlur*

Til þess að núðlur teljist löglegar núðlur í Bandaríkjunum verður deigið að innihalda að minnsta kosti 5,5% egg. Núðlur eru þéttari í sér og verða síður að mauki en pasta séu þær notaðar í súpur.

Heitið núðla kemur úr þýsku og dregið af „nudel“, orð sem á uppruna sinn í latínu, „nodus“, og þýðir ósýrt deig sem soðið er í vatni. Líkt og pasta er hægt að móta núðlur að vild en hefð er fyrir því að bera þær fram líkt og þær séu sívalar eða flatar reimar.

Ekki er vitað fyrir víst hvar núðlur eru upprunnar en flestir sem láta sig slíkt varða telja að vinsældir þeirra hafi aukist mikið á valdatíma eystri Han-ættarinnar í Kína um ríflega 200 árum fyrir upphaf vestræns tímatals. Neysla á núðlum á sér þó mun lengri sögu og skömmu etir síðustu aldamót fundu fornleifafræðingar í Kína skál, við uppgröft í þorpinu Lajua, sem er skammt frá bökkum Gulafljótsins, með núðluleifum sem taldar eru vera 4.000 ára gamlar.

Þrátt fyrir að núðlur í dag séu aðallega búnar til úr hveiti er fjöldi dæma um að þær hafi og séu enn gerðar í baunum, hirsi, hrísgrjónum, kartöflum, soja, sætuhnúðum, dúru og akarni.

### *Pasta*

Heitið pasta er ítalskt að uppruna og þýðir að festast saman og vísar til samloðun deigsins þegar það er hnoðað. Líkt og núðlur er hefðbundið pasta gert úr ósýrðu deigi og eggjum. Ferskt pasta geymist í nokkra daga í kæli en flest þekkjum við það sem geymsluþolna þurrvöru.

Ólíkt núðlum er pasta mótað í margs konar form sem hvert og eitt hefur sitt eigið heiti og ætlað í ólíka rétti. Þegar pasta er fulleldað á það að vera al dente sem þýðir að það á að halda lögun sinni, vera þétt í sér og eilítið stökkt undir tönn. Ofsoðið pasta á Ítalíu telst ekki mannamatur.

Gróft áætlað eru til yfir 300 mismunandi týpur af pasta og í Grikklandi er til útgáfa af því sem kallast orzo, spaetzle í Þýskalandi og pierogies eða zacierki í Póllandi.

Í seinni heimsstyrjöldinni voru zacierki-núðlur meðal þess fáa sem nasistar gáfu gyðingum í fangabúðunum í Łódź að borða. Fangabúðirnar voru með þeim verstu þegar kom að hungursneyð og næringarskorti og hungurdauði þar mikill enda fjölskylduskammtur af núðlum 200 grömm á viku.

### *Uppruni og saga pasta*

Í huga margra er pasta upprunnið á Ítalíu enda Ítölum talsvert umhugað um að eigna sér það. Ekki er nóg með að Ítalía vilji kenna sér pasta þá keppast einstakar borgir í landinu um að vera upprunastaður þess eða einhverrar ákveðinnar útgáfu af því.

Sannleikurinn mun aftur á móti vera sá að frumgerð pasta mun hafa borist til Ítalíu með Aröbum og til Araba frá Austurlöndum fjær með kaupmönnum.

Samkvæmt vinsælli sögu á Markó Póló að hafa kynnt Feneyingum núðlur eða pasta eftir heimkomu sína frá Kína 1269. Þetta stenst þó ekki skoðun þar sem pasta var þegar orðið vinsælt á Ítalíu á þeim tíma. Hugmyndin um að Markó Póló hafi haft með sér pasta til Ítalíu frá Kína er tilkomin sem auglýsingabrella Samtaka makkarónuframleiðenda í Bandaríkjunum til að veita pasta ævintýralegan og rómantískan blæ.

Rómverska skáldið Hóras skrifar um eins konar lasanjarétt í einu kvæða sinna frá því á fyrstu öld fyrir Krist en á þeim tíma var lasanja samheiti fyrir allt pasta. Í einu riti gríska orðræðumeistarans Athenausar frá Nasucratis, sem var uppi á annarri öld eftir Krist, er að finna uppskrift að „lasanja“ sem hann segir kominn frá Chrysippus af Tyana sem var höfundur matreiðslubókar og uppi á fyrstu öld. Rétturinn sem um ræðir var gerður úr hveiti og safa úr pressuðum salatblöðum, kryddi og djúpsteikt í olíu.



Barn að borða pasta. Málverk eftir Julius Moser frá 1808.

Í fjórtándu aldar sögusafninu Dekameron rekur Boccaccio ævintýrasögu þar sem étið er heilt fjall af parmesan-osti með makkarónum og ravioli-pasta. Frá fimmtu öld er til lýsing á því sem líkist forvera nútíma lasanja þar sem kjöti er komið fyrir á milli laga af pastaplötum.

Rétti líkum pasta er lýst í riti Grikkjans Aelius Galenus sem var uppi á fyrstu öld og kallar hann réttinn itrion en grunnhráefnið í honum var hveiti og vatn eins og í pasta. Svipaður réttur sem kallast itrium er nefndur í gyðinglegum helgibókum sem kallast Jerúsalem tamút frá því á 3. til 5. öld fyrir Krist og er deigið sagt vera soðið í vatni. Heitið itriyya kemur einnig fyrir í riti arabíska orðfræðingsins Isho bar Ali frá því á níundu öld og sagt vera þráðlaga hveitilengjur sem voru þurrkaðar til geymslu. Önnur frásögn sem vitað er um af rétti sem líkist spagettí er frá Sikiley á tólftu öld á þeim tíma sem eyjan var yfirráðasvæði Araba og talið að pasta hafi borist þaðan til meginlands Ítalíu.

Pasta sem þurrmatur átti eftir að reynast borgríkjum eins og



Gómsætar núðlur.



Misua-núðlur hengdar til þerris í Taívan.



Nokkrar ólíkar gerðir af pasta.



Pastagerð. Myndskreyting úr arabískri bók frá 11. öld, Taqwīm al-sihha eftir ferðalanginn Ibn Butlan.



Nokkrar ólíkar gerðir af núðlum.

Feneyjum og Genóa sem byggðu ríkidæmi sitt á siglingum drjúgur kostur fyrir sjómenn enda geymslutími þess langur. Pasta var almennur kostur áhafna skipanna sem fyrst sigldu um úthöfin og voru hluti landafundanna miklu og það var ekki fyrr en á 15. öld og eftir fund Ameríku að tómatar eða tómatasósur urðu ómissandi hluti af pastaréttum. Fyrir þann tíma var pasta oftast borðað með fingrunum en eftir að tómasósan bættist við fylgdu hnífapör fast á eftir.

Í dag er ítölsku pasta gróflega skipti í ferskt eða þurrt pasta og í undirflokka eins og langt pasta, sem kallast nöfnum eins og spagettí, ziti, capellini og bavette, stutt pasta, penne, fusilli, makkarónur, farfelle og fusilli, riccioli og gnocchi svo dæmi séu tekin, smápasta, filini, trecccine, sorprese, risi og fitali lisci, eggja pasta taglitelle, paglia e fieno og lagsagnette og ferskt pasta sem kallast nöfnum chitarrine caserecce, tagliatellie casereceec og svo framvegis. Auk þess sem hver og ein týpa getur átt sitt sérstaka heiti eftir borgum, þorpum og héruðum í landinu.

Í ítalskri matarhefð er pasta borið fram á þrenns konar máta. Pasta asciutta eða pastasciutta, sem er soðið pasta borið fram með sósu, yfirleitt þar til gerðri pastasósu. Pasta in brodo sem er hluti af súpurétti eða pasta al forno sem er pasta bakað í ofni eins og til dæmis lasanja.

### *Pastaframleiðsla*

Snemma á 17. öld voru komnar fram á sjónarsviðið frumstæðar pastagerðarvélar. Bakarar í Napólí voru fyrstir til að taka í notkun hnoðvél og síðan pressu sem gerði fjöldaframleiðslu á pasta hagkvæmt og árið 1740 var fyrsta leyfið til pastaframleiðslu í stórum stíl veitt í Feneyjum. Fram á miðja 20. öld var nánast allt korn malað í myllum sem knúnar voru með vatns- eða vindorku en árið 1859 hóf ungverski malarinn Joseph Topits að mala korn með gufuvél og setti á fót fyrstu pastaverksmiðjuna í Mið-Evrópu í borginni Pest.

### *Ítalir framleiða mest*

Ítalía er stærsti framleiðandi í heimi af þurrkuðu pasta og framleiðir rúm 3,2 milljón tonn á ári. Bandaríki Norður-Ameríku framleiðir næstmest, eða rúm 2 milljón tonn. Í þriðja til fimmta sæti eru Tyrkland, Brasilía og Rússland með 1,3 til eina milljón tonn á ári.

Auk þess að borða manna mest af pasta, tæp 24 kíló á mann, eru Ítalir einnig stærstu útflytjendur af þurrkuðu pasta í heimi en Kínverjar í öðru sæti. Á eftir Ítölum neyta íbúar Túnis, Venesúela og Grikklands manna mest af pasta.



Pastasala í Napólí.



Makkarónuát á götum Napólí um miðja 17. öld. Málverk eftir Domenico Gargiulo.



Pastamarkaður í Napólí í byrjun 20. aldar.



Pastaætan. Luca Giordano.1660. Olía á striga, 92 x 74 sentímetrar.



Sullvörn fyrir núðluát.

### *Uppruni og saga núðla*

Líkt og pasta er til fjöldinn allur af ólíkum núðlum þrátt fyrir að lögun þeirra sé yfirleitt þráðlaga. Þrátt fyrir að talið sé að núðlur séu upprunnar í Kína og hafi breiðst út þaðan er í Asíu talað um kínverskar, japanskar, kóreskar, víetnamskar og filippískar núðlur enda gerð þeirra og framreiðsla mismunandi í hverju landi.

Elstu ritaðar heimildir um núðlur í Kína eru um 1.400 ára gamlar og frá Han-tímabilinu. Í ritinu er getið um þurrkaðar núðlur, sem gerðar voru úr bókhveiti, hirsi og baunum, sem mikilvægan forða fyrir hermenn veldisins. Þegar líður fram á Song-tímabilið, 960 til 1280 fyrir Krist, eru núðlur orðnar að hversdagsmat í Kína og sagt að hægt hafi verið að kaupa skál með núðlum, sem kölluðust súpukökur, á greiðasölustöðum allan sólarhringinn í borgum, bæjum og helstu samgönguæðar.

Algengustu heitin fyrir núðlur í Kína eru mian, mien og mi. Þegar núðlur bárust til Japan breyttist heitið í *men* eða *menrui*, *myun* í Kóreu og *mee* í Taílandi.

Þrátt fyrir að lögun núðla sé sú sama eða svipuð milli landa er hráefni í þeim mismunandi, getur verið margs konar hveiti sem gert er úr soja, hrísgrjónum og baunum svo dæmi séu tekin. Auk þess sem í hveitið í núðlunum er blandað ólíku kryddi og stundum þurrkuðum rækjum. Núðlur er einnig hægt að fá missverar og allt frá því að vera silkiþunnar í að vera á við baggaband að ummáli.

Ramen sem margir þekkja sem japanskan eða kínverskan rétt er í grunninn núðlur og fáanlegt í óteljandi útgáfum.

### *Næringargildi*

Næringarinnhald pasta og núðla er mismunandi eftir innihaldsefnum en almennt eru þær ríkar af kolvetnum, aðallega sterkju, en innihalda lítið af próteini og lítið af trefjum og næringarefnum. Aftur á móti eru skyndinúðlur fituríkar.

Í seinni tíð hefur verið tekið upp á því að bæta vítamínum og steinefnum í pasta og núðlur til að auka næringarefnainnihald þess.

### *Lúdó-spagettí*

Í blaðinu NT, eða Nú tíminn ef ég man rétt, er árið 1984 að finna eftirfarandi grein um spagettíframleiðslu í Tógó. „Fyrirtæki nokkurt í Afríkuríkinu Togo hóf framleiðslu á ítölsku spagettí fyrir fimm árum. Spagettí fyrirtækisins varð fljótlega mjög vinsælt og nú framleiðir það rúmlega 1000 tonn af spagettí á ári.

Eigandi fyrirtækisins, Savi De Tove, fékk upphaflega lán og ýmiss konar fyrirgreiðslu frá Ítalíu til að hefja framleiðsluna. Hann notar vörumerkið „Ludo“ eftir samnefndu spili sem hann segir að flest börn í heimalandi sínu kannist við. „Litlir drengir biðja mæður sínar um Ludo. Það er gott fyrir þá.“

Ein helsta ástæðan fyrir miklum vinsældum Ludo-spagettís í Togo er að það er ódýrt. 250 mg pakki er seldur á sem svarar 8 ísl. kr. Áður en fyrirtækið hóf framleiðslu voru árlega flutt inn um 500 tonn af spagettí til Togo. Þessi innflutningur hefur nú að mestu lagst niður þótt spagettíneysla Togobúa hafi því sem næst tvöfaldast á fjórum árum.

Savi De Tove hefur nú meira að segja farið að flytja spagettí út til Ghana, Benin, Níger, Nígeríu, Congo og fleiri Afríkuríkja. Hann telur alls ekki ólíklegt að í náinni framtíð geti hann jafnvel hafið spagettíútflutning til Ítalíu.“

### *Ark pasta framleitt á Íslandi*

Árið 1994 tók til starfa pastaverksmiðja hér á landi sem framleiddi pasta undir vöruheitinu Pestó Pasta. Á þeim tíma var áætlað að pastaneysla Íslendinga hefði aukist um 333% á tæpum áratug. Verksmiðjan var rekin af hlutafélagi sem kallaðist Ark hf. og var hugmyndin að selja framleiðsluna í veitingahús, stofnanir og matvöruverslanir.

Í dag eru pasta og núðlur hluti af daglegri fæðu fjölda Íslendinga bæði sem hversdags- og veislumatur þrátt fyrir að tekið hafi tíma að kenna sumum af eldri kynslóðinni að borða það, eða eins og gamli maðurinn sagði; plasta fer ekki inn fyrir mínar varir. Geymsluþol þurrkaðra núðla og pasta er gott en skerðist verulega innihaldi það egg.

## Bútækni á horfinni öld:

# Sláttutætarinn – eins manns heyönn

**Þegar halla tók á sjötta áratuginn var *sláttutætarinn* kynntur íslenskum bændum. Hugmyndin að honum mun hafa kviknað fyrir vestan haf. Norrænar búvélasmiðjur, einkum danskar og norskar, gripu hana á lofti og smíðuðu sláttutætara í þúsundavís.**

Margir kannast til dæmis við hina dönsku Taarup- og norsku Serigstad-sláttutætara. Á ensku kölluðust þeir flail harvester. „Flail" merkir þúst, það eldforna handverkfæri – bareflið – sem notað var til þess að þreskja korn.



Í dag eru þeir fáir sem heyja með sláttutætara.

Í sláttutætaranum er nefnilega þverstæður öxull settur þústum eða spöðum sem tæta eða rífa grasið við sláttinn. Spaðaöxullinn setur af stað mikinn loftstraum um belg og stýristút tætarans sem flytur slægjuna upp í tengivagn. Enn var komin vinnuvél sem byggð var á hinar nýju heimilisdráttarvélar með þrítengis-vökvalyftu og aflúttaki.

Danskir en þó einkum norskir bændur steinlágu fyrir hinu nýja heyskapartæki. Með því mátti slá gras og grænfóður; þá mátti einnig hreinsa burtu rófukál og kartöflugrös fyrir upptöku. En það sem meira var: Með sláttutætaranum gat heyskapurinn orðið eins manns verk. Það kom sér vel á þeim árum er fækka tók í sveitum og æ færra varð um kaupafólk.

Um árabil var sláttutætarinn til dæmis einkennistæki í sveitum Noregs og ekki dró úr vinsældum hans þegar lærifaðir minn og prófessor við norska landbúnaðarháskólann, Kristian Aas, hannaði afar lipran búnað til þess að úða maurasýru í grasið við sláttinn. Norskir fóðurfræðingar höfðu nefnilega sýnt fram á að fátt var betra en maurasýra til þess að beina gerjun í votheyinu á rétta braut.

Hérlendis sló sláttutætarinn ekki í gegn með sama hætti og gerði í nágrannalöndum. Með einni undantekningu þó: Strandamenn tóku honum báðum höndum. Þeir höfðu náð góðu taki á votheysgerð og sláttutætarinn hentaði bústærðum þar sem og veðráttu prýðilega. Í flestum sveitum öðrum réði þurrheysgerðin ríkjum, enda margar ágætlega væddar súgþurrkunarvélum. Og svo var kappið víða lagt á að stækka búin sem örast og þá þótti ýmum afköst sláttutætarans takmörkuð. Ég minnist rannsóknaferðar norður um Strandir sumarið 1976 þar sem bændur sýndu mér vinnubrögð og heyöflunarbúnað sinn: dráttarvél, sláttutætara og heyvagn við tvær þrjár votheysgryfjur gjarnan í halla fast ofan við fjárhúsin. Einfaldari gat heyskapurinn varla orðið.

Að lokum má nefna tilraunir með sláttutætara á Hvanneyri sumarið 1964 gerðar eftir danskri hugmynd: Að slá í þurrk með sláttutætara. Sláttutætt heyið þornaði að vísu afar hratt en þegar kom að því að raka saman heyinu kárnaði gamanið: Tvisvar til þrisvar sinnum meiri dreif lá eftir þar sem slegið var með sláttutætara en þar sem beitt hafði verið venjulegri sláttuvél. Hugmyndin reyndist ekki góð.

Í dag eru þeir fáir sem heyja með sláttutætara.

*Bjarni Guðmundsson*



Í sláttutætaranum er þverstæður öxull settur þústum eða spöðum sem tæta eða rífa grasið við sláttinn.



Skálholtsstígur 7, í Reykjavík, byggður 1903. Magnús Stephensen landshöfðingi lét reisa Skálholtsstíg 7 sem íbúðarhús sitt árið 1903. Magnús Th. S. Blöndal forsmiður teiknaði það og byggði. Húsið er hannað í skrautlegum sveitserstíl með austurlenskum áhrifum sem birtast í hinum einkennandi turni. Húsið er tvær hæðir og rís á steyptum kjallara með þrístrendri útbyggingu á framhlið sem teygir sig upp af þakinu sem átthyrndur turn með spírulaga kúpulþaki. Hörður Ágústsson listmálari valdi á sínum tíma þá liti sem nú prýða húsið.




Gamla sjúkrahúsið á Ísafirði, byggt 1924. Bæjarstjórn Ísafjarðar hóf undirbúning að byggingu nýs sjúkrahúss árið 1919 að frumkvæði Vilmundar Jónssonar sem þá var nýskipaður héraðslæknir á Ísafirði. Sjúkrahúsið var reist árið 1925 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins og er ein best varðveitta opinbera bygging Guðjóns frá fyrstu starfsárum hans. Sjúkrahúsið þótti glæsilegasta hús sinnar tegundar hér á landi á sínum tíma og ber vitni um stórhug og djörfung þeirra sem að því stóðu. Í húsinu er nú bókasafn, myndasafn, skjalasafn og listasafn Ísafjarðar og er það oft kallað Safnahúsið. Eftir að nýtt Fjórðungssjúkrahús Vestfjarða var tekið í notkun árið 1989 var gert vandlega við gamla sjúkrahúsið.



Áshús, byggt 1883, var að nokkru leyti byggt úr rekaviði en önnur byggingarefni þess sótt til Skotlands. Inni í timburveggjum Áshússins voru skoskir múrsteinar og timbursúðin utan á húsinu var negld með verksmiðjuframleiddum saum sem þá var nýmæli hér á landi. Húsinu var ætlað að hýsa kvennaskóla sem þá var á döfinni í Skagafirði og þar var lengi miðstöð handverksmenntunar kvenna í héraðinu. Yfirsmiður var Þorsteinn Sigurðsson sem síðar varð einn afkastamesti kirkjusmiður síns tíma í Skagafirði og Húnavatnssýslum. Árið 1990 var ákveðið að flytja húsið í heilu lagi í Byggðasafn Skagfirðinga vegna sérstöðu þess og málað í þeim litum sem talið var að það hefði borið á 19. öldinni.

## Litaspjald sögunnar:

# Sýnishorn um litaval á eldri húsum

**Gefið hefur verið út leiðbeiningarit með dæmum um vel heppnaða litasetningu húsa sem samræmist aldri þeirra og gerð.**

Ritið er samstarfsverkefni framtakssamra einstaklinga og hönnuða sem hlutu fyrir því styrk úr Húsafriðunarsjóði og fengu Minjastofnun, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Húsverndarstofu í lið með sér við vinnslu þess. Litaspjald sögunnar er aðgengilegt í pdf útgáfu á vef Minjastofnunar Íslands, Húsverndarstofu og Epal en verður einnig fáanlegt útprentað í helstu málningarvöruverslunum.

Birtar eru ljósmyndir af tuttugu og átta eldri húsum frá mismunandi tímaskeiðum sem þykja til fyrirmyndar hvað varðar litaval og samhengi við uppruna og stíl húsanna. Litaprufur og litanúmer fylgja með til að auðvelda þeim sem hyggjast mála eldri byggingar að sækja sér innblástur og leiðbeiningar. Litanúmerin fylgja alþjóðlegu kerfi, NCS, sem er óháð framleiðendum en íslenskir málningarframleiðendur hafa góðfúslega styrkt útgáfuna. Verkefnið er ekki síst unnið til að fólk beri virðingu fyrir hönnun og uppruna húsa, sér í lagi þegar kemur að eldri byggingum, og velja þeim liti sem samræmast uppruna þeirra og sögu.

*/Minjastofnun og ep*

SAMFÉLAGSRÝNI



Gerðar eru ákveðnar kröfur um framleiðsluhætti og gæði innlendra matvæla. Það hlýtur að vera sjálfsögð krafa að í það minnsta séu gerðar sömu kröfur til innfluttra matvæla og gerðar eru til innanlandsframleiðslunnar.
Mynd / Gunnhildur Gísladóttir.

## Afkoma nautakjötsframleiðenda 2017–2019:
# Stefnulaus innflutningur á kostnað innlendrar framleiðslu

**Nýútkomin skýrsla frá RML um afkomu nautakjötsframleiðenda, sem nær til rekstraráranna 2017-2019, hefur sýnt fram á að tekjur af sölu nautakjöts stóðu ekki undir framleiðslukostnaði.**

Á síðasta ári fengum við svo enn meiri afurðaverðslækkanir á okkur og því er staða greinarinnar í dag enn alvarlegri, líkt og bændaforystan hefur bent á um nokkurt skeið. Vandinn er líklega margþættur en þar ber helst að nefna aukna samkeppni við innflutning á lægri verðum.



Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður Landssamband kúabænda.
Mynd / Steinrún Ótta.

### *Bleiki fíllinn*

Í ræðu forsætisráðherra á síðasta Búnaðarþingi minntist hún á að innlendur landbúnaður og matvælaframleiðsla verði ein stærstu pólitísku mál þessarar aldar og að með skýrri stefnu um aukið hlutfall innlendrar framleiðslu af neyslu okkar sé í senn hægt að tryggja fæðu- og matvælaöryggi. Þannig tryggjum við aðgengi að mat og höfum betri tök á að tryggja heilnæmi matvælanna t.d. með skýrum reglum um sýklalyfjanotkun. Þá getum við um leið unnið gegn loftslagsbreytingum með því að draga úr flutningum heimshorna á milli á mat sem hægt er að framleiða hér.

Þetta eru meginstef Matvælastefnu sem kynnt var í lok síðasta árs og í nýlegri Landbúnaðarstefnu fyrir Ísland var mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu ítrekað. Allt er þetta af hinu góða og stefnurnar gefa fögur fyrirheit um framtíðina. Bleiki fíllinn í herberginu er þó sá að þegar kemur að innflutningi matvæla fer núverandi fyrirkomulag alls ekki saman við markmið áðurnefndra stefna.

### *Stefnur og stefnuleysi*

Það er landbúnaðinum lífs-nauðsynlegt að bregðast við og aðlagast breyttum neysluvenjum hverju sinni. Þrátt fyrir samdrátt í kjötneyslu almennt hefur neysla á nautakjöti aukist undanfarin ár og framleiðslan líka, en sé litið til síðastliðins áratugs hefur hlutdeild innlendrar framleiðslu í innanlandsneyslu dregist saman. Fyrir 10 árum voru 96% alls nautakjöts sem við borðum íslenskt og 4% innflutt en á síðasta ári var það íslenska komið í 80% og innflutta í 20%. Þessi þróun fer augljóslega ekki saman við stefnu um aukið hlutfall innlendrar framleiðslu af neyslu landsmanna. Það er líka erfitt að sjá að aukinn innflutningur tryggi aukna verðmætasköpun hérlendis. Með auknum innflutningi á kostnað innlendrar framleiðslu gefum við um leið frá okkur tækifæri til að hafa áhrif á hvernig við framleiðum matvæli, hvort sem er út frá umhverfis- eða heilsufarssjónarmiðum.

Þá þarf vart að skýra að með auknum innflutningi erum við ekki að draga úr flutningi með matvæli heimshorna á milli eða kolefnislosun. Til viðbótar ber að nefna að nýlega var sýnt fram á að íslenskt nautakjöt hefur allt að helmingi lægra kolefnisspor en erlent.

Í könnunum undanfarin ár hefur komið fram að neytendur vilja íslenskt kjöt umfram erlenda og í matvæla- og landbúnaðarstefnu stjórnvalda kemur skýrt fram vilji til þess að neytendum standi til boða heilnæm matvæli, framleidd hér á landi. En, það er erfitt fyrir íslenskan landbúnað að starfa eftir metnaðarfullum stefnum, sem á ýmsan hátt kalla á dýrari framleiðsluhætti en ella, og á sama tíma gert að keppa við innfluttar landbúnaðarafurðir sem jafnvel þurfa ekki að uppfylla sömu kröfur og eru þar af leiðandi á lægri verðum en við þurfum að fá fyrir okkar framleiðslu. Í verðstríðinu við innflutninginn hefur íslenski bóndinn því orðið undir, líkt og skýrsla RML sýnir. Framleiðendur eru komnir að sársaukamörkum og við þurfum að hafa hraðar hendur ef við viljum ekki að innlend nautakjötsframleiðsla leggist af.

### *Áskorun til frambjóðenda*

Við gerum ákveðnar kröfur um framleiðsluhætti og gæði innlendra matvæla. Það hlýtur að vera sjálfsögð krafa að í það minnsta séu gerðar sömu kröfur til innfluttra matvæla og gerðar eru til innanlandsframleiðslunnar.

Ég skora á frambjóðendur í komandi alþingiskosningum að kynna sér vel innlenda matvælaframleiðslu og landbúnað. Einnig skora ég á núverandi og verðandi þingmenn að horfast í augu við bleika fílinn í landbúnaðarherberginu og taka umgjörð innflutningsmála og tollasamninga með landbúnaðarvörur til gagngerrar endurskoðunar.

***Herdís Magna Gunnarsdóttir,*** *formaður Landssambands kúabænda.*

# Stofnum afleysinga-þjónustu bænda



Heiðbrá Ólafsdóttir.



Erna Bjarnadóttir.

**Íslenskur landbúnaður er fjölbreyttur og er stundaður um land allt. Almennt fara búin stækkandi og verða sérhæfðari þ.e. flestir bændur einbeita sér að einni eða fáum búgreinum.**

Tæknivæðing hefur í mörgum tilfellum létt störfin á undanförnum árum, en engu að síður krefst umhirða búfjár nærveru mannsins árið um kring. Einyrkjafyrirkomulag er ríkjandi í landbúnaði þó oft sé annað fyrirkomulag til staðar s.s. fjölskyldur eða 2-3 kynslóðir í samstarfi. Engu að síður getur sú staða komið upp að vegna veikinda geti orðið brestur á að nægir starfskraftar séu aðgengilegir til að sinna nauðsynlegri umhirðu og nýtingu afurða. Heimsfaraldur vegna Covid-19 sjúkdómsins hefur minnt rækilega á að bændur þurfa á öryggisneti að halda þegar sjúkdómar koma í veg fyrir að þeir geti sinnt störfum sínum.

Bændur eiga oft erfitt með að taka sér leyfi frá störfum. Margt getur komið þar til, s.s. skortur á þjálfuðu fólki til að taka slík störf að sér. Búskapur með búfé er bindandi, honum þarf að sinna alla sjö daga vikunnar, árið um kring. Lágar tekjur geta einnig verið önnur ástæða þess að bændur treysta sér ekki til að kaupa vinnuafl í afleysingar. Afleiðingin getur orðið sú að bændur verða útkeyrðir af löngum vinnudegi árið um kring. Hvíld og tækifæri til að njóta samveru með sínum nánustu eru einmitt einn mikilvægur þáttur í að hlúa að eigin heilsu og gæta jafnvægis í lífinu. Góð heilsa bænda er einnig mikilvæg til að tryggja að störf séu vel unnin sem er stór þáttur í velferð búfjár.

Í ljósi þessa verður að sjá til þess að bændum standi til boða öryggisnet sem hefur þann tilgang að veita aðstoð við nauðsynleg störf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum. Sjúkra- og afleysingaþjónusta bænda er fyrirkomulag sem er vel þekkt bæði í Noregi og Finnlandi.

### *Fyrirmyndir frá Finnlandi og Noregi*

Í Finnlandi er starfrækt afleysingaþjónusta fyrir bændur sem eru með búfé á vegum hins opinbera. Hún byggir á löggjöf og reglugerð um afleysingaþjónustu við bændur. Félags- og heilbrigðismálaráðuneyti Finnlands hefur yfirumsjón með verkefninu en dagleg umsjón er í höndum sérstakrar stofnunar, Félags- og tryggingastofnunar bænda, (Mela). Staðbundnar skrifstofur sem starfa fyrir eitt eða fleiri sveitarfélög sjá um verklega framkvæmd og ráða hæfilega fjölda fólks til að sinna störfunum. Til að geta átt aðgang að þjónustunni þarf bóndinn að hafa gilda tryggingu.

Sjúkra- og afleysingaþjónusta hefur verið hluti af norskum landbúnaði síðan 1991 þegar Norska landbúnaðarþjónustan (NLT) var stofnuð af bændum. Lögð er áhersla á að tryggja bændum góða og trygga afleysingaþjónustu þegar veikindi eða slys ber að höndum en einnig stendur þeim til boða að fá keypta afleysingaþjónustu þegar svo ber undir. Góð afleysing og velferðarþjónusta er í dag mikilvægur hluti af norskum landbúnaði og dýravelferð.

### *Fjármögnun afleysinga-þjónustu bænda*

Til að kostnaðarmeta verkefni sem þetta þyrfti að skilgreina þann hóp sem ætti rétt á afleysingu annars vegar, hve umfangsmikil þessi þjónusta ætti að vera og hve mikill hluti kostnaðarins á að vera borinn af notendum. Til að greiða leið verkefnis sem þessa má benda á að Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einyrkja, sem er í eigu ríkisins, er fjárhagslega sterkur sjóður. Eigið fé sjóðsins í árslok 2019 nam kr.1.102.139.632. Nánast engar útborganir eru úr sjóðnum. Stærsti hluti sjóðsins telst tilheyra bændum en auk þeirra greiða í sjóðinn sjálfstætt starfandi vörubifreiðastjórar og smábátasjómenn.

### *Fyrirmyndir eru til, aðgerða er þörf*

Í Covid-19 faraldrinum var gert sérstakt samkomulag milli Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einyrkja, Vinnumálastofnunar og Bændasamtaka Íslands um nýtingu fjármagns úr sjóðnum til að fjármagna afleysingar vegna veikinda meðal bænda af völdum sjúkdómsins. Þar með er komið fordæmi fyrir þessu og vandséð af hverju ætti ekki að vera hægt, alla vega að undangengnum nauðsynlegum lagabreytingum. Með þessu væri leitað í fjármuni sem vissulega hafa komið frá atvinnugreininni með skattheimtu (tryggingagjaldi).

Framkvæmdin var síðan í höndum Bændasamtakanna. Hér er komin fyrirmynd að lausn á þessu verkefni þar sem fjármunir sem safnast hafa upp í gegnum tíðina finna farveg og koma bændum til góða. Engin þörf verður á að setja upp enn eina stofnunina, þekkingin á viðfangsefninu er þegar til staðar hjá samtökum bænda. Bændasamtök Íslands hafa áður leitað möguleika til að fara þessa leið. Stuðningur sem þessi ætti að teljast til sjálfsagðrar félagsþjónustu, þegar veikindi eiga í hlut auk þess að vera öryggisatriði. Við teljum að Alþingi eigi að beita sér fyrir nauðsynlegri lagasetningu til að af þessu megi verða og munum beita okkur fyrir því á þeim vettvangi.

***Erna Bjarnadóttir hagfræðingur og Heiðbrá Ólafsdóttir bóndi.*** *Höfundar skipa 2. og 3. sæti á framboðslista Miðflokksins í Suðurkjördæmi fyrir komandi alþingiskosningar.*




# Byggjum sveitirnar og landið allt

**Margt hefur kórónuveiran kennt okkur Íslendingum, ekki síst að efla matvælalandið og landbúnaðinn. Að atvinnu getur fólk stundað úr fjarlægð, fjarvinna er komin til að vera.**

Erlendir ferðamenn munu koma aftur, landið er draumaland ferðamannsins. En sjálf höfum við nú í tvö Covid-sumur ferðast innanlands. Unga fólkið hefur uppgötvað að ekkert er skemmtilegra en að fara um Ísland, fólk sem bundið er sólarlöndum frá bernsku sinni. Almenningur skreppur nú á sólardögum norður og austur, þetta er yndisleg breyting. Vantar að vísu enn uppbyggðan Kjalveg norður.

En vandinn er sá sami að byggðunum blæðir út, sveitirnar hafa ekki lokið við að hagræða. Kúa- og sauðfjárbúum á eftir að fækka en þau stækka. Ferðaþjónustan og hestamennskan selja best jarðir í dag. Vínbarirnir eru 20 í Ölfusinu en eitt kúabú. Þorpin gráta við hafið. Hagræðingin tók af þeim skipin og kvótann.

Verkefnið er því ný og öflug byggðastefna, ákvörðun um að byggja sveitirnar og landið allt. Ríkisvaldið flutti alfarið til Reykjavíkur fyrir áratugum síðan. Ein og ein jarðgöng eða virkjun eða verksmiðja er ekki heildarlausn.

***Norska leiðin í byggðamálum***

Norðmenn ákváðu með aðgerðum og byggðajafnvægi að halda Norður-Noregi í byggð. Þar er landbúnaðurinn aflið en atvinnulífið og einstaklingar fá tímabundna eða varanlega forgjöf í skattamálum og fyrirgreiðslu. Einstaklingur sem á stórt atvinnuhús á Blönduósi eða Húsavík stendur höllum fæti gagnvart keppinaut sínum með sams konar húsnæði í Reykjavík. Bankarnir eru með lögheimili fyrir sunnan og stóra fyrirgreiðslu á höfuðborgarsvæðinu. En eignin úti á landi fær ekki nema brot af því, sé hún talin lánshæf á annað borð.

Fyrir allmörgum árum flutti undirritaður ásamt fleiri þingmönnum þingsályktunartillögu um norsku leiðina í byggðamálum og lægri skatta en þar sem veldisvöxturinn ríkir. Ráðamenn fúlsuðu þá og vísuðu í EES. Eru Norðmenn að brjóta þær reglur? Alþingi leggur ekkert fé til Byggðastofnunar og hún er lánastofnun, sem verður að lána fyrirtækjum á enn hærri vöxtum en bankarnir.

***Landbúnaðar- og landnýtingarráðuneytið verður að rísa***

Til að kóróna ruglið lögðu alþingismenn og ríkisstjórn landbúnaðarráðuneytið niður 2007 og skúffan er ekki stór í dag. Brýnasta verkefnið er endurreisn landbúnaðar- og landnýtingarráðuneytis með byggðamálin á sinni könnu. Þetta staðfestir í raun skýrsla Björns Bjarnasonar, Byggjum Ísland!

Á ferðalagi mínu um landið hitti ég hámenntaðan sauðfjárbónda og að auki leiguliða Ratcliffes, hann sagði, ,,Ratcliffe þykir vænt um sína leiguliða og er betri við sína leigjendur en landbúnaðar- og fjármálaráðuneytin. Öll gagnrýnin umræða um uppkaup á landi af hálfu auðugra manna innlendra sem erlendra er eðlileg. En ríkið verður að svara því hvernig það ætlar að rétta sveitirnar og landsbyggðina af og gera lífið þar öflugt, heillandi og öruggt." Vel mælt, en þarna liggur hundurinn grafinn.



Guðni Ágústsson.

***Róbert og Þórólfur eru „hornstaurar“***

Við sjáum árangur í byggðamálum sem segir okkur að þetta er hægt. Róbert Guðfinnsson kom með sitt gull heim á Siglufjörð en dauðinn hékk yfir þessu gamla útgerðarþorpi, þrátt fyrir Héðinsfjarðargöng sem ríkið byggði án annarra fyrirheita. Skagfirðingarnir eiga kaupfélagið og Þórólf Gíslason, allt blómstrar á hinu skagfirska efnahagssvæði til sjávar og sveita.

Í fyrsta sinn í sögunni eru Íslendingar að erfa mikla peninga og eignir. Þetta fólk vill margt fjárfesta í jörð og verja lífi sínu í sveit, rækta hross, eða skóg eða vera bara búsett í sveitinni, og vinna þaðan. Að eignast jörð er draumur margra og þessi draumur er að gerast. Kúabúin sem nú eru milli fimm og sex hundruð, þeim fækkar, jafnvel um helming næstu tíu árin. Sauðfjárbúum fækkar. Hæfilegt verkefni fjölskyldu eru 60 kýr með róbót sé búið með eingöngu nautgripi.

Sauðfjárbú er ágætt á góðri jörð, fimm eða sex hundruð ær og einhver fleiri verkefni stunduð á bænum. Því verða sveitirnar að taka vel á móti fólki sem vill koma og stunda annað en hefðbundinn búskap. Stjórnvöld landsins verða að opna leiðir til að auðvelda þessa þróun. Ef stjórnvöld ekki gera það springur landið í andlitið á okkur og ríkir Íslendingar og erlendir menn gleypa sveitirnar. Ratcliffe er alls ekki galinn, Jón ríki er það ekki heldur en þeir eins og allir hinir verða að vinna eftir lögum og stefnufestu ríkisvalds og sveitarfélaga, þar dugar ekkert já já og nei nei.

***Brettum nú upp ermarnar „Byggjum Ísland“***

Verðandi þingmenn, hvernig ætlið þið að svara kalli byggðanna? Ætlið þið að hafa ríkisvaldið áfram í sparifötum í Reykjavík? Ætlið þið að víkka blóðæðar fjármagnsins eins og ljósleiðarann sem þingmennirnir hafa keyrt áfram og er afrek?

Er ekki ráð að fá norska sérfræðinga upp til Íslands að segja sína sögu af byggðamálum Norður-Noregs?

Ráðstefnan gæti farið fram á Siglufirði þar sem logar ljós í hverjum glugga af því að Siglfirðingar fundu leiðir og Róbert kom að utan með hugsjónir og kraft. Siglfirðingar fundu sína fjöl, vita nú hvert þeir ætla að fara. Kaupfélag Skagfirðinga hefur í verki staðið við bakið á sínum bændum sem hafa reist landbúnaðinn til sóknar. Þetta er Byggðaverkefnið stóra sem ber að hamra í stein. Höldum ráðstefnu um endurreisn sveitanna og landsbyggðarinnar.

*Guðni Ágústsson*

# Mikilvægi nýliðunar í landbúnaði

**Nýverið var opnað fyrir umsóknir um styrki til nýliðunar í landbúnaði. Mikill áhugi hefur verið á styrkjunum síðustu ár og líklegt að svo verði einnig nú.**

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve margir bændur hafa hætt búskap síðustu ár eða vilja hætta búskap sökum aldurs eða annars og einu upplýsingarnar sem liggja fyrir um nýliðun í greininni er að hún hefur gengið mjög hægt. Hér þurfa Bændasamtökin, með fulltingi Samtaka ungra bænda og Mælaborðs landbúnaðarins að bæta sig því söfnun á þessum upplýsingum munu skipta sköpum. Án nýliðunar í landbúnaði er tómt mál að tala um fæðuöryggi þjóðarinnar. Þá er ungt fólk líklegra til að stunda ýmiss konar nýsköpun og innleiða nýjar aðferðir við framleiðslu.



Vigdís Häsler.

***Um nýliðunarstuðninginn***

Nýliðunarstuðningurinn var veittur í fyrsta skiptið á árinu 2017 á grundvelli reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað. Nýliðunarstuðningur tók við af framlögum til frumbýlinga, þ.e. styrkúthlutun sem grundvallaðist m.a. á stuðningi við sauðfjárrækt. Í búvörusamningum 2016 tóku við framlög til nýliðunar í landbúnaði óháð búgrein. Markmið stuðningsins er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði. Heildarfjárhæð nýliðunarstuðningsins skv. fjárlögum 2017 var þá um 129 millj. kr. á verðlagi þess árs, sem jafngildir 147 millj. kr. á verðlagi þessa árs.

***Hver eru skilyrðin?***

Þeir einstaklingar einir geta sótt um stuðning sem eru skráðir eigendur eða leigjendur lögbýlis/garðyrkjubýlis með lögheimili á Íslandi og stunda landbúnað á viðkomandi býli. Umsækjendur þurfa að vera á aldrinum 18-40 ára; eru að kaupa búrekstur eða hlut í búrekstri í fyrsta skipti eða hafa leigt eða keypt búrekstur innan þriggja ára frá 1. janúar á umsóknarári. Þá mega umsækjendur ekki hafa áður hlotið styrkúthlutun.

Stuðningurinn getur að hámarki numið 20% af heildarfjárfestingakostnaði á ári og skulu framlög til einstakra nýliða ekki vera hærri en 9 millj. kr. í heildarstuðning. Á þessu ári eru um 138 millj. kr. til úthlutunar. Ef sótt er um hærri fjárhæð en er til úthlutunar er umsóknum einstaklinga forgangsraðað m.a. með vísan til eftirfarandi matsþátta:

1. Menntunar umsækjanda á sviði landbúnaðar eða sem nýtist í landbúnaði.
2. Jafnréttissjónarmiða.
3. Verk- og framkvæmdaáætlunar, 5 ára rekstraráætlunar o.s.frv.

Hér ber að hafa í huga að iðnmenntun getur skipt hér sköpum og síðan má nefna að samkvæmt Mælaborði landbúnaðarins eru 10.075 karlar skráðir búfjáreigendur á meðan konur eru einungis 1.935.

***Hvað stendur nýliðun fyrir þrifum?***

Að hefja búrekstur og koma sér af stað er ekki eins og að byrja í hefðbundinni vinnu. Nýjustu rannsóknir á stöðu nýliðunar snúa að nýliðunum á árunum 2001 – 2009 og var um þær fjallað í BS ritgerð Helga Elís Hálfdánarsonar árið 2012. Á þeim tíma voru ástæður fyrir lítilli nýliðun taldar vera hátt verð á greiðslumarki í nautgriparækt auk jarðaverðs, sem og hátt jarðaverð og slæm afkoma í sauðfjárrækt. Í millitíðinni hefur jarðaverð hækkað og afurðaverð í sauðfjárrækt lækkað að raunvirði. Því er líklegt að þessar ástæður eigi ennþá við.

Það má hins vegar þakka fyrir að enn eru til einstaklingar, ungt fólk sem hefur áhuga á að hefja búrekstur. Það er hins vegar afar kostnaðarsamt fyrir ungt fólk að hefja búrekstur og því er ókostur að nýliðunarstyrkurinn sé lægri að raungildi í ár heldur en árið 2017. Eina leiðin fyrir fólk til að hefja búrekstur er að hafa nægjanlegt eigið fé eða fá lánafyrirgreiðslu hjá fjármálastofnun en lánafyrirgreiðsla Byggðastofnunar til nýliðunar/kynslóðaskipta og lána í sambandi við tækjakaup hefur batnað þar sem stofnunin veitir nú allt að 90% lán til nýliðunar og má gera ráð fyrir að nýir framleiðendur sæki í auknum mæli þangað. Þá vekur það athygli að lánasafn Byggðastofnunar til landbúnaðar fer vaxandi að raungildi meðan að heildarútlán viðskiptabankanna til landbúnaðar hafa staðið í stað.

Það getur einnig verið erfiðleikum háð að fá mannskap í afleysingar og til starfa í landbúnaði og er afar mikilvægt að samtökin beiti sér fyrir því í samstarfi við Vinnumálastofnun og menntastofnanir í landbúnaði að tryggja fyrirsjáanleika slíkrar mönnunar.

Um 200 umsóknir bárust í búfræði og búvísindi við Landbúnaðarháskólann fyrir næsta skólaár sem er handan við hornið. Það eru sérstaklega ánægjulegar fregnir, fyrir um áratug var aðsóknin langt um minni. Það er því ljóst að vaxandi áhugi er á landbúnaði meðal ungs fólks. Hins vegar þurfum við að skapa þannig umhverfi og hvata að þeir sem sækja sér þessa menntun geti komið sér upp búi og stundað landbúnað.

Íslenska ríkið er stærsti landeigandinn og samkvæmt eigendastefnu ríkisins eru um 120 bújarðir í eigu þess sem væru vel nýtanlegar til búrekstrar því það er afar mikilvægt að byggð haldist á sem flestum jörðum í sveitum landsins og að hentugar bújarðir í eigu ríkisins standi til boða til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi. Einungis einn þingmaður, Haraldur Benediktsson, bóndi og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, hefur talað fyrir því hvort ekki sé tímabært að fara í skipulagt átak í sölu á þeim jörðum sem eru í ríkiseigu, einhverjar af þessum jörðum eru í umsjá ýmissa ríkisstofnana, s.s. Skógræktarinnar og Landbúnaðarháskólans, en til sögulegrar skýringar er eignarhald ríkisins mikið til komið vegna samnings við íslensku þjóðkirkjuna og vegna uppkaupa jarðarsjóðs ríkisins undir lok síðustu aldar þegar margir bændur fóru í gegnum erfiðleika.

***Fæðuöryggi þjóðarinnar þarf að tryggja***

Á tímum heimsfaldra eins og Covid er ýmislegt hægt að læra. Það er mikilvægt að stjórnvöld setji fram viðbragðsáætlanir sem tryggja fæðu- og matvælaöryggi, sjálfbærni í matvælaframleiðslu og birgðageymslu matvæla. Stjórnvöld þurfa því að huga að matvæla-, fæðu-, neysluvatns og fráveitukerfi sem þjóðhagslega mikilvægum innviðum til jafns á við fjarskipta-, samgöngu- og orkukerfi landsins. Fæðuöryggi og heilbrigðisöryggi eru á allra vörum. Sjónarmið um mikilvægi staðbundinnar framleiðslu mun því vaxa ef eitthvað er.

Árið 2020 lokuðu margar þjóðir landamærum sínum fyrir fólksflutningum. Veruleg hætta var á samdrætti matvælaframleiðslunnar vegna minni umsvifa í flestum samfélögum og takmörkunum á flutningi vinnuafls milli landa. Röskunin sem þetta leiddi af sér hefur hækkað verð á ýmsum matvælum síðasta árið, m.a. vegna þess að u.þ.b. þrjátíu ríki settu útflutningstakmarkanir á matvæli, þar á meðal stór útflutningslönd á korni. Hér á landi hafa komið fram hugmyndir um að hið opinbera myndi styðja við stofnun kornsamlags hér á landi að norrænni fyrirmynd. Áhugaverð tillaga sem vert er að skoða nánar því hún gæti leitt til verulegrar aukningar í framleiðslu á korni og þar með auknu fæðuöryggi. Hlutverk kornsamlagsins væri þá að kaupa, þurrka, geyma og selja korn til sérhæfðra fyrirtækja í fóðurgerð og matvælaframleiðslu þar sem framleiðslan er núna mest háð innflutningi á erlendu hráefni. Skoða þarf hagkvæmni kornræktar, markaðsforsendur og meta framtíðarhorfur – en fyrst og fremst tryggja að þekkingin glatist ekki.

***Vigdís Häsler,***
*framkvæmdastjóri*
*Bændasamtaka Íslands*

SAMFÉLAGSRÝNI



# Búháttaskipti í landbúnaði

**Orkuskipti einstaklinga og fyrirtækja í rekstri smærri bíla hefur gengið mjög vel og jafnvel umfram væntingar. Aðkoma ríkissjóðs með lækkun gjalda skilar þar góðum árangri.**

Væri mögulega hægt að gera svipaða hluti í landbúnaði þ.e. að skipta úr t.d. hefðbundnum sauðfjárbúskap þar sem arðsemi er lítil og áhrif á gróðurfar landsins mikil, yfir í skógrækt til kolefnisbindingar og viðarframleiðslu, með stuðningi ríkissjóðs?

Fram til 2040 mun þurfa 60-100 þús. ha. af landi undir skógrækt til kolefnisbindingar og síðar viðarframleiðslu. Það er mikilvægt að gera bændum sem landeigendum kleift að koma að þessu verkefni og spurning hvernig megi nýta þetta tækifæri til búháttaskipta þar sem afkoma er döpur og ekki útlit fyrir að úr rætist.

Í dag er t.d. kindakjötsframleiðsla tvöföld innanlandsneysla og árið 2019 voru afurðatekjur/kind kr. 11.575 og opinberar greiðslur/kind kr. 14.340.

Árekstrar á milli sauðfjárbænda og annarra landeigenda sérstaklega þeirra sem vilja rækta skóg hafa aukist. Við sem þjóð höfum undirgengist alþjóðlega samninga í loftslagsmálum sem mun kosta skattgreiðendur mikla fjármuni ef ekki tekst að gera viðhlítandi ráðstafanir.

Er eitthvað því til fyrirstöðu að gera bændum sem það vilja kleift að fara í búháttaskipti t.d. úr offramleiðslu á kindakjöti yfir í eftirspurnarframleiðslu á kolefnisbindingu og viðarframleiðslu?



Reynir Kristinsson.

Skattgreiðendur eru þegar að greiða bændum fyrir framleiðslu sína, má ekki gera það áfram t.d. til ársins 2040 á móti því að þeir fari í að vinna að skógrækt á landi sínu þannig að þeir geti framleitt kolefniseiningar og síðar farið í viðarframleiðslu þannig að þeir verði sjálfbærir og geti búið áfram á jörðum sínum en neyðist ekki til að selja þær jafnvel erlendum aðilum eins og gerst hefur.

Það væri áhugavert að fá umræðu um þetta í tengslum við væntanlegar kosningar þannig að þeir sem við taka geti komið fram með góðar lausnir í samráði við Bændasamtökin.

*Reynir Kristinsson*
*reynir@kolvidur.is*
*áhugamaður um loftslags-mál og skógrækt.*

# Þankar um nýtingu laxveiðiáa

**Laxveiði er veruleg tekjulind hérlendis og sýnt hefur verið fram á að tekjur tengdar laxveiði skila þjóðarbúinu milljörðum árlega.**

Tekjur veiðiréttareigenda taka gjarnan mið af fjölda veiddra laxa á síðustu árum (10 ára meðaltal?) og algengt er að leigutakar greiði 60–100 þúsund kr. fyrir hvern lax sem ætla má að veiðist (fer að hluta eftir gæðum veiðihúsa og orðspori árinnar).

Meginundirstaða þessara tekna er veiðar á villtum laxi úr laxveiðiám þar sem laxagöngur byggja á eigin gönguseiðaframleiðslu. Því er mikilvægt að takmörkuð framleiðslugeta ánna nýtist sem best til skila á niðugönguseiðum. Miða við meðalheimtu gönguseiða í Elliðaám, 40–50% veiðinýtingu og ofngreindar verðforsendur gæti hvert gönguseiði sem nær til sjávar verið 4–5000 kr virði. (þrjú seiði á móti dilk).

Talið er að flest laxaseiði þurfi að ná 9–11 cm lengd til að hefja niðurgöngu og í frjósömustu laxveiðiám með hóflegri beitarnýtingu (m.a. Laxá í Aðaldal) næst sú stærð á tveimur vaxtarárum og seiðin ganga út að vori 2+ ára. Í flestum laxveiðiám þarf þorri seiðanna þrjú vaxtarsumur og gengur úr að vori 3+ ára. Leiði aðstæður til þess að seiðin þurfi fjögur vaxtarsumur má reikna með að mjög dragi úr seiðaframleiðslu (30%?) vegna affalla milli ára og hlutfallslega mikillar fóðurþarfar til viðhalds.



Þeir umhverfisþættir sem taldir eru hafa mest áhrif á þroska seiðanna eru fæðuframleiðsla ánna, búsetuskilyrði í og vatnshiti frá vori til hausts en þessir þættir eru jafnan nokkuð tengdir. Margt bendir þó til að fæðuframleiðsla ánna sé oftast takmarkandi fremur en hitastig því vöxtur seiða sem nýta ný svæði (flutningur laxa upp fyrir fossa,seiðasleppingar, hrognagröftur) er oft meiri en neðar í ánum (sbr t.d. vöxt laxaseiða í ófiskgenga hluta Grímsár/Tunguár).

Hafrannsóknastofnun, áður Veiðimálastofnun, hefur um árabil fylgst með vexti og viðgangi laxaseiða í mörgum helstu laxveiðiám landsins og eru gögn stofnunarinnar um þær ár aðgengilegar lærðum jafnt sem leikum og á stofnunin þakkir skildar fyrir opinn aðgang að gögnunum. Slóð: https://www.hafogvatn.is/ velja miðlun, velja síðan útgáfa og velja að lokum Haf og vatnsrannsóknir (2016-).

Seiðaathuganir stofnunarinnar eru að jafnaði framkvæmdar síðari hluta ágústmánaðar eða í byrjun september þegar sumarvexti seiðanna er oftast að mestu lokið og ætti fjöldi seiða sem þá hefur náð líklegri niðurgöngustærð (9 cm?) að gefa sterkar vísbendingar um niðurgöngu vorið eftir og laxagöngur tvö næstu ár þar á eftir. Séu seiðaathuganir framkvæmdar fyrr á sumri eykst óvissa um vöxt að hausti.

Athuganir á líklegri niðurgöngu í Þverá í Borgarfirði bentu til að gangan gæti verið mjög breytileg eða frá um sjö mögulegum niðugönguseiðum á hverja 100 fermetra rafveiðisvæða (vorin 2004 og 2011) í undir tvö seiði (vorið 2019). Meðallengd 2+ seiða við rafveiðar í Þverá að hausti hefur minnkað, var 2003–2010 frá 8,3–9,1 cm en árin 2011–2019 frá 7,5–8,2 cm. Því má ætla að mun fleiri seiði dvelji nú fjögur ár í ánni. Breytilegur tími seiðaathugana kann þó að draga úr samanburðarhæfni gagna.

Svipuð þróun virðist í vexti seiða í Norðurá. Þar var meðallengd 2+ seiða að hausti á árunum 2003–2010 9 cm og yfir en hefur síðustu sex ár verið um og undir 8 cm. Fjöldi 1+ seiða hefur hins vegar aukist mjög og afföll seiðanna milli ára að sama skapi. Íhugunarefni virðist hvort auknar sleppingar á veiddum laxi samfara upptöku netja í Hvítá hafi valdið röskun á því jafnvægi hrygningar og uppeldisskilyrða sem kann að hafa skapast í laxveiðiám Borgarfjarðar gegnum aldirnar.

Í Vatnsdalsá hefur nær öllu laxi verið sleppt frá 1997. Þar virðist vöxtur seiða þokkalegur neðan Flóðsins en mjög lélegur samfara miklum þéttleika í miðhluta árinnar en skárri í sumum hliðaránum. Sé staðan sú að neðsti hluti árinnar framleiði nú mikinn hluta gönguseiðaframleiðslunnar gæti það skýrt þá staðreynd að meiri hluti veiðinnar er nú neðan Flóðsins.

Svipuð staða virðist í Blöndu 4 og Svartá, hægt hefur á vexti seiðanna og þau dvelja því lengri tíma í ánni. Mismunandi rafveiðitími gerir þann samanburð þó erfiðari.

Þótt leiða megi líkum að því að fjöldi gönguhæfra seiða að hausti gefi sterkar vísbendingar um laxagöngur komandi ára verður þó að hafa í huga að fleiri þætti hafa þar áhrif. Hlý vor flýta vexti seiða og auka líkur á góðri niðurgöngu. Rannsóknir hafa einnig sýnt að vargar, jafnt fljúgandi sem syndandi, höggva oft stór skörð í gönguseiðastofninn, þar mættu veiðiréttareigendur ef til vill vera betur á verði. Mismunandi ástand í hafi hefur einnig áhrif en fátt bendir þó til að það eitt skýri lélega laxveiði síðustu ára.

Í gögnum sem safnað hefur verið um árabil úr flestum betri laxveiðiám landsins er að finna mikið og merkt gagnasafn sem veiðiréttareigendur þyrftu ef til vill að rýna betur með markmið um bætta nýtingu takmarkaðs fæðuframboðs ánna í huga.

Hér eru milljarðar í húfi.

***Ari Teitsson***



GARÐYRKJUSKÓLINN Á REYKJUM



Hjá erkibiskupi í Niðarósi vaknaði sú spurning hvort þessi nýi siður gæti hugsanlega brotið í bága við strangar reglur kaþólsku kirkjunnar um hið heilaga sakramenti.

# Krækiber í himnaríki

## – Íslenski draumurinn um ávexti og ber

**Í huga sérhvers Íslendings virðist búa þörf til að rækta ávexti og ber. Takist það, er það sem staðfesting, jafnvel nokkurs konar réttlæting á að hér megi búa sæmilega.**

Ræktendur hafa lengi horft öfundaraugum til epla- og perutrjáa, suðrænna aldingarða og berjaakra á ferðum sínum um fjarlægar deildir jarðar.

Hér er auðvitað hægt að rækta nokkrar berjategundir með árangri og þá gjarnan með aðstoð gróðurhúsa eða sólreita.

Nú stunda garðyrkjubændur ræktun jarðarberja, hindberja, brómberja og kirsiberja til að seðja sárasta berjahungrið en langmestur meirihluti er þó fluttur inn, enn sem komið er. Garðeigendur bæta við stikilsberjum, rifs- og sólberjum og jafnvel reyna þeir í garðgróðurhúsi ræktun bláberjarunna af erlendum uppruna.

*Villtu berin eru vannýtt auðlind*

Bláber, aðalbláber, hrútaber og hin ljúffengu villijarðarber er hægt að tína í náttúrunni, að ógleymdum krækiberjunum, sem vaxa um allt land og eru aðgengileg hverjum sem hafa vilja. Ræktun þeirra er þess vegna óþörf, aðeins þarf að teygja sig eftir þeim og ná þeim áður en fer að frysta að ráði.

Fáum eða engum hefur dottið í hug að stunda krækiberjaræktun enda vaxa þau um allt land og eru einmitt þroskuð nú í ágústmánuði. Áður fyrr var krækiberjum safnað að áliðnu sumri og fram á haust og þau geymd til vetrarins í sýru eða skyri en lítið er annars um upplýsingar um notkun þeirra. Þó gerum við ráð fyrir að þau hafi einnig verið etin fersk og haft án efa sitt að segja um heilsufar þjóðarinnar ásamt öðrum villiberjum.

*Krækiberin og kirkjusaga Íslands*

Krækiber koma á afar sérstæðan hátt við kristnisögu Íslands. Í biskupstíð Páls Jónssonar í Skálholti (1195-1211) skorti eitt sinn messuvín. Það var að vísu ekkert einsdæmi. En þannig vildi til að Grænlandsbiskup var staddur á Íslandi þegar þetta átti sér stað, líklega árið 1203. Hann hafði nokkru fyrr lært að brugga vín úr krækiberjum hjá sjálfum Sverri Sigurðssyni Noregskonungi. Jón Grænlandsbiskup kenndi Páli Skálholtsbiskupi og fleira fólki hvernig brugga mætti vín úr krækiberjum og leysti þannig úr vínþurrðinni um sinn. Sverrir konungur var víst ekki mikill drykkjumaður sjálfur og gæti þetta vín hafa verið líkara berjasaft.

Hjá erkibiskupi í Niðarósi vaknaði sú spurning hvort þessi nýi siður gæti hugsanlega brotið í bága við strangar reglur kaþólsku kirkjunnar um hið heilaga sakramenti. Eins vildi hann óska þess að mega notast við öl við útdeilinguna. Erkibiskup ritaði því páfanum í Róm, Innocentíusi lll. bréf þar sem hann leitaði ráða um hvað gera skyldi.

Aldarfjórðungi síðar barst svar hans heilagleika til Íslands, þess efnis að ekkert mætti nota annað en safa vínviðarávaxtarins við útdeilingu hinnar heilögu kvöldmáltíðar. Þá var krækiberjavín orðið all útbreiddur drykkur í umdæmi erkibiskups í Niðarósi.

Stofnanir kaþólsku kirkjunnar í Evrópu voru margar auðugar að löndum og lausum aurum, klaustrin þar á meðal. Ein af öruggustu tekjulindum kirkjunnar var vínframleiðsla og hafði kirkjan þarna augljósra hagsmuna að gæta.

*Krækiber og Kanaríeyjar*

Önnur frásögn um bruggun þessa sama krækiberjavíns, heldur sérstök, er sett fram í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar (1772), þar sem fjallað er um íslensku krækiberin og nytjar þeirra.

Þar segir: „Íslenskir annálar herma, að Páll biskup í Skálholti hafi gert vín úr krækiberjum árið 1203. Sagt er að hann hafi fengið mann frá Kanarísku eyjunum, sem séð hafði þar til vínbruggunar, til að gera vínið.“ Ekki er annars staðar að finna vitneskju um mann þennan eða tengingar Skálholts við Kanaríeyjar um aldamótin 1200.

*Krækiberjavínið í vínbúðum*

Nú er óheimilt að brugga vín úr krækiberjum án sérstaks leyfis en í vínbúðum fást íslenskir krækiberjalíkjörar.

*Ingólfur Guðnason.*

Á FAGLEGUM NÓTUM

| Einkunnargjöf Standandi | Gangandi | Lýsing | Atferli |
|---|---|---|---|
| 1 – Óhölt  | | Kýrin stendur og gengur með beint bak. Mjúkar gönguhreyfingar og skrefin löng. | - Allir fætur bera þunga með jöfnum hætti.<br>- Liðir hreyfast eðlilega.<br>- Höfuðið hreyfist lítið til á gangi. |
| 2 – Vottar fyrir helti  | | Þegar kýrin stendur er bakið beint, en setur upp örlitla kryppu þegar hún gengur. Hreyfigeta ekki skert. | - Allir fætur bera þunga með jöfnum hætti.<br>- Liðir virðast aðeins stirðir.<br>- Höfuðið hreyfist lítið til á gangi. |
| 3 – Svolítið hölt  | | Kryppa á baki er sýnileg bæði þegar kýrin stendur og gengur. Ganghreyfingin hefur breyst og kýrin tekur stutt skref með einum eða fleiri fótum. Hún er fær um að hreyfa sig en getan til þess er skert. | - Hægt að greina smá helti á einum fæti en getur verið báðum megin.<br>- Liðir sýna merki um stirðleika en virðast ekki draga úr hreyfingunni. Styttri skreflengd.<br>- Höfuðið hreyfist lítið til á gangi. |
| 4 – Hölt  | | Kryppa á baki er augljós og göngulaginu best lýst sem einu ákveðnu skrefi sem kýrin tekur í hvert skipti. Hún reynir að hlífa fæti eða fótum eins og hún getur. Hreyfigetan er verulega skert. | - Hún forðast að leggja þunga á fót eða fætur sem eru með sársauka en notar útliminn þó við gang.<br>- Göngulagið er hikandi og meðvitað og liðir stirðir.<br>- Höfuðið hreyfist aðeins samhliða þeim sársauka sem kemur þegar fótur snertir undirlagið. |
| 5 – Draghölt  | | Til viðbótar framangreindu er kýrin með alvarlega skerta hreyfigetu. Hún hlífir þeim fæti eða fótum sem valda sársauka og er mjög treg til að hreyfa sig. Hreyfir sig ekki eða stendur upp nema til komi mikil og kröftug hvatning. | - Óvenju mikil kryppa á baki.<br>- Augljós stífni í liðum.<br>- Afar hikandi og meðvituð skref.<br>- Augljóslega óreglulegt göngulag.<br>- Höfuðið hreyfist verulega samhliða þeim sársauka sem kemur þegar fótur snertir undirlagið. |

Heltismat er í raun einfalt í framkvæmd, en krefst ákveðinnar reynslu.

# Heltismat kúa



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

**Helti hjá mjólkurkúm er eitt alvarlegasta velferðarvandamál á kúabúum víða um heim en helti getur stafað af ýmsum ástæðum svo sem vegna sjúkdóma, slysa eða ófullnægjandi aðbúnaðar svo dæmi séu tekin.**

Skýringin á því að helti sé metið sem eitt alvarlegasta velferðarvandamál á kúabúum felst í því að heltinu fylgja gríðarleg óþægindi og vanlíðan hjá kúm og því ber alltaf að bregðast við um leið og vart verður við helti. Þess utan er þekkt samhengi á milli helti og afurðasemi svo það er á hverjum tíma einnig hagkvæmt fyrir kúabændur að bregðast hratt við helti, þó svo að megin ástæðan sé þó fyrst og fremst vegna dýravelferðarsjónarmiða. Erlendis er helti að líkindum mun algengari en hér á landi m.a. vegna þess að íslenska nautgripastofninum hefur verið haldið hreinum og að mestu smitsjúkdómalausum í áratugi.

*Mat á helti*

Til þess að fylgjast með þessum þætti í búskapnum er ráðlagt að nota svokallað heltismat, sem er tiltölulega einfalt í notkun og framkvæmd. Heltismatið, sjá meðfylgjandi töflu, er hægt að gera bæði á kyrrstæðum kúm eða kúm á hreyfingu. Við matið er lögð sérstök áhersla á að meta bakstöðu kúnna.

*Tíðni helti*

Rétt er að geta þess að alltaf má búast við því að einstaka kýr sé hölt, rétt eins og einstaka kýr sé með júgurbólgu. Hins vegar ef fleiri en 2-3% af kúnum sýna merki um helti þá þarf að kanna hvað veldur. Ef hlutfallið er komið upp undir eða hærra en 10% þá er það með öllu óásættanlegt.

*Uppruni*

Langoftast má finna skýringar á helti hjá kúm í klaufum þeirra en reynslan á Íslandi hefur sýnt að ef frá eru talin vandamál vegna ofvaxtar á klaufum, þá eru í raun önnur vandamál frekar fátíð. Þetta skýrist m.a. af því að kýrnar eru frekar léttar og álagið á klaufirnar því hóflegt. Þá skiptir fóðrun einnig máli og gripir í sterku eldi eru oft viðkvæmir í klaufum. Ennfremur má geta þess að hér á landi finnst ekki hinn algengi erlendi sjúkdómur DD (Digital Dermatitis). DD er sjúkdómur sem herjar sérstaklega á klaufir og orsakast í stuttu máli af bakteríum sem valda húðbólgum ofan við klaufir. Með öðrum orðum er því alltaf ráðlegt, ef haltur gripur finnst, að byrja á því að skoða klaufir og ef sýnilegar skýringar er ekki að finna þar, færa sig upp fótinn í leit að vandamálinu.

*Undirlagið*

Helti getur vissulega komið til vegna slyss eða höggs og rétt að minna á í því sambandi að það er ástæða fyrir orðatiltækinu „þú ert eins og belja á hálu svelli“. Kýr eru nú ekki beint liprar frá náttúrunnar hendi og því þarf umhverfi þeirra, sér í lagi gólf og gönguleiðir, að vera þannig hannað að ekki sé veruleg hætta á slysum, þeim skriki fótur (sjá mynd) eða að kýrnar hreinlega detti. Til eru ótal dæmi um alltof hál gólf hjá kúm og eðli málsins samkvæmt slitna gólf við notkun og því getur vel þurft að taka gólf, sem áður var stamt og gott til göngu, til lagfæringar eftir einhver ár. Nú orðið er kúabændum alltaf ráðlagt að gera ráðstafanir til að mýkja gólfin eða gera þau stöm með einhverjum hætti. Þetta má t.d. gera með gúmmílegnu gólfi eða með því að fræsa raufir í steinsteypt gólfin til að gera þau stamari (sjá mynd). Vatn og hland leitar þá niður í raufarnar og yfirborð gólfsins verður þá síður hált. Auk þess fá kýrnar betri viðspyrnu þegar gólfin hafa verið fræst og ganga því um af meira öryggi.



Gólf sem eru fræst eru öruggari fyrir kýr að ganga um á.



Greinileg merki um að kú hafi skrikað fótur.

*Meðferð*

Afar misjafnt er eftir ástæðum helti hvernig eigi að bregðast við, en ef ljóst er að skýringuna megi finna í vandamálum tengdum klaufum er alltaf ráðlegt að hafa samband við sérfræðing í klaufskurði eða næsta dýralækni. Raunar ætti alltaf að hafa dýralækni með í ráðum þegar vandamál með helti er annars vegar enda gæti þurft að gefa kúnum verkjastillandi og margir dýralæknar eru einnig með góða þekkingu á fótameinum. Þá er mikilvægt að minna á að með hækkandi nyt þarf að snyrta klaufir oftar en áður. Þannig er það t.d. erlendis að klaufir kúa, sem mjólka að jafnaði um og yfir 50 kg/dag eru oftast snyrtar 3-4 sinnum á ári. Skýringin felst einfaldlega í því að þessar kýr innbyrða mikið magn fóðurs og klaufvöxtur þeirra er heldur örari en þeirra sem éta minna. Bændur á Íslandi ættu því að búa sig undir það að auka tíðni á klaufsnyrtingu samhliða hækkandi meðalafurðum.

*Ítarefni:*

*„Atferli og velferð“ eftir Sigtrygg Veigar Herbertsson og Snorra Sigurðsson og „Klaufir“ eftir Axel Kárason í bókinni Nautgriparækt, sem m.a. hægt er að nálgast á vef LK: www.naut.is*

SAMFÉLAGSRÝNI


Anna Kolbrún Árnadóttir, þingmaður Miðflokksins í NA-kjördæmi.

# Íslenskt – já takk!

**Frá því að ég var lítil stelpa hef ég verið stolt af íslenskum landbúnaði.**

Ég hef verið stolt af því hvað vörurnar eru góðar á bragðið, hvort sem um ræðir mjólkurafurðir, kjöt, egg, grænmeti, kornafurðir eða annað sem framleitt er hér á landi. Ég hef verið stolt af því hversu hreinar afurðirnar eru og ég hef verið stolt af öllum þeim bændum sem standa vaktina nótt sem nýtan dag, sinna sínum búfénaði eða gæta að sinni vöru svo við hin getum notið góðs af. Það er ekki sjálfgefið að hafa greiðan aðgang að hreinni og góðri fæðu og ég tel okkur Íslendinga ekki átta okkur á því í hvers konar forréttindastöðu við erum með landbúnaðinn okkar. Þennan frábæra iðnað þarf að styðja með ráðum og dáðum.

Tryggja þarf að orkukostnaðurinn sé lágur eða sambærilegur því sem stóriðjan greiðir fyrir sína orku. Eins þarf að styðja bændur svo þeir geti áfram eflt nýsköpun og þróun í greininni. Með þessu móti nálgumst við það markmið að gera landbúnaðinn sjálfbæran en sjálfbær landbúnaður er lykilatriði, ekki síst þegar við búum á óvissutímum eins og nú með óútreiknanlega veiru vofandi yfir okkur og mögulegum lokunum landsins.

Það eftirlitskerfi sem nú er við lýði er bæði flókið og kostnaðarsamt fyrir framleiðendur. Það þarf að einfalda svo um munar án þess að það komi niður á gæðum vörunnar. Eins mætti leggja landbúnaðinum lið er viðkemur að gera hann enn lífrænni. Þar mætti notast við þróunarstyrki og leita nýrra leiða við áburðarframleiðslu sem notast við innlend náttúruleg hráefni svo sem þörunga og kalk. Það eru margir möguleikar þegar hugsað er í lausnum og það er eitt af því sem leggja þarf ríka áherslu á.

Nú viljum við öll leitast við að minnka kolefnisspor landsins en þó hafa stjórnvöld fært sig í auknum mæli í þá átt að flytja inn kjötvöru, stundum langt að, t.d. frá Nýja-Sjálandi. Ég er alls ekki hrifin af þessari breytingu því bæði getur hún haft neikvæð áhrif á hreinleika íslenskra afurða sem og að auka kolefnisspor landsins. Það var að þessum sökum sem þingflokkurinn lagði fram þingsályktunartillögu þar sem óskað var eftir því að kjötvörur og garðyrkjuafurðir til manneldis væru merktar með svokallarðri kolefnismerkingu.

Með þessu móti sér neytandinn svart á hvítu hvaða vörur menga mest og ætti þetta að verða til þess að margir hugsuðu sig um áður en þeir keyptu erlenda vöru fram yfir íslenska náttúruvænni og hollari vöru. Kolefnisspor er þó ekki það eina sem upplýsa þarf neytendur um en upprunaland vöru er ekki síður mikilvægt með tilliti til þess að sýklalyfjanotkun er ekki eins háttað í öllum löndum, hvorki innan Evrópusambandsins né utan þess. Í greinagerð frá árinu 2017, sem unnin var fyrir Heilbrigðisráðuneytið, kom fram að á Íslandi sé notkun sýklalyfja í landbúnaði eins sú minnsta í heiminum. Það er ekki lítils virði þegar baráttan við sýklalyfjaónæmar bakteríur verður æ erfiðari og aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar hefur lýst yfir að neyðarástand væri að skapast í meðhöndlun sjúklinga vegna sýklalyfjaónæmis.

Ég vil stöðva innflutning á ófrosnu kjöti, eggjum og ógerilsneyddum matvælum til að tryggja fæðuöryggi en verði því ekki komið við er lágmark að neytandinn sé meðvitaður um þá áhættu sem hann tekur þegar hann kaupir vörur sem koma annars staðar frá. Sérstaða Íslands er ekki sjálfgefin og við verðum að standa vörð um fæðuöryggið með öllum ráðum. Forsjálir sjá í hendi sér að verðmæti hreins matvælaiðnaðar verður sífellt meiri og því ættum við frekar að stuðla að verndun greinarinnar svo forsendur séu fyrir því að flytja vöruna út síðar meir þegar enn minna verður um hreina fæðu í heiminum. Skammsýni má ekki ráða ríkjum á þingi og ég heiti því að ég muni fylgja sannfæringu minni og kjósa með íslenskum landbúnaði.

**Íslenskt – já, takk!**

***Anna Kolbrún Árnadóttir***
*Höfundur er þingmaður Miðflokksins í NA-kjördæmi.*

Lífræn hreinsistöð




• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond
IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

RANDEX

RANDEX - VAGNAR
AF VÖNDUÐUSTU GERÐ

• Við bjóðum margar stærðir og útfærslur af **RANDEX** vögnum
• **Hardox 450** stál með allt að **80% meiri endingu**
• **Hagstætt verð**




**Gerðu kröfur -** hafðu samband við Snorra Árnason
í síma **590 5130** og kynntu þér þína möguleika

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR

Lely Center Ísland
HAUGHRÆRUR



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 26. ágúst

SAMFÉLAGSRÝNI

# Að skerða hungurlús


Ásthildur Lóa Þórsdóttir.

**„Það er betra að eldast en ekki“ var sagt við mig þegar ég skreið yfir fimmtugsaldurinn og varð um leið „kona á sextugsaldri“. En ekkert okkar stendur í stað og það er svo sannarlega betra að eldast en ekki. Við viljum öll eldast og öll sjáum við fyrir okkur að eldast með reisn.**

Það að eldast með reisn hlýtur að fela í sér yfirráð yfir eigin lífi. Að geta tekið ákvarðanir um framtíð sína og fjárhag án þess að ríkið sjái til þess að það komi í bakið á manni síðar; að vera metin sem fullgildur einstaklingur þó líkaminn gefi að einhverju leyti eftir.

Fólk sem komið er á efri ár hefur nú þegar lagt sitt af mörkum til samfélagsins og okkur, sem njótum ávaxta þeirra, ber skylda til að sjá til þess að þau geti notið efri áranna eins vel og heilsa þeirra leyfir.

Við verðum að spyrja okkur hvort við séum að uppfylla þessa skyldu okkar sem samfélag því það er ljóst að það er víða pottur brotinn.

*Ellilífeyrir er langt undir framfærsluviðmiðum*

Þeir sem geta og vilja eiga að geta unnið án þess að ríkið ákveði að hegna þeim fyrir það í formi skerðinga þó þau séu komin á aldur. Annaðhvort á fólk rétt á ellilífeyri eða ekki. Það að ríkið geti svipt fólk réttindum sínum gengur einfaldlega ekki upp.

266.033 krónur er það sem ríkið ætlar ellilífeyrisþegum að lifa af, 333.000 krónur ef viðkomandi býr einn og á rétt á heimilisuppbót. Það eru 280.000 krónur eftir skatt.

Ef við þessa hungurlús bætast greiðslur úr lífeyrissjóði skerðast þessar greiðslur um 45% af því sem er umfram 25.000 krónur en sama skerðing gerist við 100.000 krónur sé um atvinnutekjur að ræða. Þá eru greiðslur úr lífeyrissjóðum einnig skattlagðar. Því er sama upphæð bæði sköttuð og skert.

Til að flækja ekki málin í einni stuttri grein ætla ég bara að taka dæmi út frá lífeyrisgreiðslum. Dæmið hér að ofan þýðir að hver 1000 kall umfram þessi mörk gefur ekki nema nema u.þ.b. 350 krónur í umfram tekjur sem þýðir að af 100.000 krónum í umfram lífeyristekjur fær lífeyrisþeginn ekki nema um 35.000 til ráðstöfunar.

Þeir sem eru með óskertan ellilífeyri og fulla heimilisuppbót hafa 280.000 krónur til ráðstöfunar eftir skatt. Þeir sem að auki fá 100.000 krónur frá lífeyrissjóði eru með 316.000 til ráðstöfunar eftir skatt.

Samkvæmt framfærsluviðmiðum á síðu Umboðsmanns skuldara er mánaðarlegur kostnaður einstaklinga 180.000 krónur og þar er EKKI búið að gera ráð fyrir húsnæðiskostnaði, rafmagni, hita, tryggingum o.þ.h. sem eru stærstu kostnaðarliðir hvers heimilis. Með þessum lága lífeyri og skerðingum er í raun verið að dæma fjölda aldraðra til fátæktar og um leið svipta þau reisn sinni. Skerðingar á jafn litlu og raun ber vitni eru með öllu óskiljanlegar.

*Hvaða rétt hefur ríkið til skerða vegna greiðslna frá öðrum?*

Við greiðum í lífeyrissjóð alla okkar starfsævi. Þeir peningar tilheyra ekki ríkinu. Þeir tilheyra okkur, fólkinu í landinu, sem er að búa í haginn fyrir framtíðina. Þegar svo framtíðin kemur þá erum við að fá það sem okkur ber úr þessum sjóðum.

Þegar við komumst á aldur förum við að fá greiðslur frá lífeyrissjóði og um leið hefjast greiðslur lögbundins ellilífeyris. Eina tengingin á milli þessara greiðslna er að þær berast okkur á efri árum. Að öðru leyti eru þetta tvö aðskilin mál. Tvö aðskilin réttindi frá tveimur aðskildum aðilum sem tengjast ekki með nokkrum hætti.

Hvernig getur ríkið leyft sér að tengja þessi óskyldu réttindi saman? Ef ég er í tveimur vinnum, þá hefur vinnuveitandi A ekki nokkurn rétt til að gera samning við vinnuveitanda B um að A megi skerða laun mín því B borgi mér líka laun.

Það standa víst yfir málaferli varðandi þessar skerðingar sem gætu tekið einhver ár. Þetta er mál sem ætti að fá flýtimeðferð en fyrst og fremst ætti ekki að þurfa að útkljá þetta fyrir dómstólum því þetta er augljóst réttlætismál sem ríkisstjórnin á bara að sjá sóma sinn í að laga án tafar.

*Að skerða hungurlús*

266.033 er upphæðin sem ekki má drýgja. 266.033 er upphæðin sem skerða skal með öllum ráðum – eða það finnst þeim sem aldrei hafa þurft að lifa á 266.033 krónum.

266.033 er hungurlús, sem varla nægir til að draga fram lífið svo vel sé. Þetta er að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Þetta er kallað að sparka í liggjandi mann. Þetta er að svipta fólk reisn sinni og virðingu. Þetta er hreinlega ljótt og illa gert.

Jú, sem betur fer eru margir aldraðir sem hafa það fínt og þurfa ekki að treysta á þessa hungurlús sem ríkið réttir að þeim. Það eru þeir sem hækka meðaltalið sem ríkisstjórnin ætlast til að hinir lifi á.

Ríkisstjórnin virðist ekki átta sig á því að meðaltal er miðja og að það eru alltaf einhverjir, svona um það bil helmingur, fyrir neðan miðjuna og að það fólk lifir ekki á tekjum hinna. Það er fólkið sem þarf að taka utan um.

**Það eru mannréttindi að fá að eldast með reisn!**

**Við verðum að gera svo miklu betur – fólkið fyrst og svo allt hitt!**

*Ásthildur Lóa Þórsdóttir*
*formaður Hagsmunasamtaka heimilanna og frambjóðandi Flokks fólksins.*

## Kæru þingmannsefni Norðausturkjördæmis.

# Við viljum komast örugg heim!

**Á Eyjafjarðarsvæðinu búa nú liðlega 25.000 manns auk þess sem þar er víða rekin mjög öflug ferðaþjónusta. Umferð um þjóðvegi við Eyjafjörð er því oft með því mesta sem gerist hér á landi.**

Tölur um umferðarfjölda má nálgast víða og sýna þetta glögglega, ætla ég því ekki að rekja það betur hér. Eyjafjörður skiptist í nokkur sveitarfélög. Ég þekki vel til Hörgársveitar þar sem ég hef alið manninn alla tíð auk þess sem ég hef verið þar sveitarstjórnarfulltrúi um alllangt skeið. Hörgársveitina ætla ég að nýta mér í þessari stuttu grein minni til viðmiðunar þar sem ég þekki hana best á umræddu svæði.

Hörgársveit er öflugt samfélag þar sem nú er í gangi mikil uppbygging hvert sem litið er. Sveitin okkar er að fyllast af ungu kraftmiklu fólki sem vill una sínum hag þar, fjárfesta til framtíðar í bújörðum, bústofnum, vélum og tækjum. Búa þannig til góðan virðisauka á sitt ævistarf og skila af því dágóðum hluta til ríkis og sveitarfélagsins í gegnum sín gjöld og skatta. Við fögnum því öll að fólk hefur trú á því að lífið geti virkað svona áfram, við leggjum þannig öll eitthvað af mörkum, fyrir okkur öll, ekki satt? Við erum öflugt samfélag á fleiri sviðum, við byggjum upp og okkur fjölgar hratt, íbúum Hörgársveitar, ekki bara á bújörðunum, heldur einnig í þorpinu okkar Lónsbakka en þar hefur orðið umtalsverð fjölgun á íbúum síðustu ár. Eftir þessu er víða tekið og yfirleitt er það á góðu nótunum.

En við þurfum að komast heim að afloknum vinnudegi, við þurfum að koma afurðunum okkar til neytandans, ferðamaðurinn þarf að komast í gistinguna og eða í afþreyinguna til okkar, við þurfum að koma börnunum okkar í nýbyggða leikskólann, skólabíllinn þarf að komast með börnin í skólann, amma þarf að komast í endurhæfingu á hjúkrunarheimilinu o.s.frv. Til þess þurfum við vegi. Við þurfum að treysta á að við séum þokkalega óhult á vegum ríkisins um sveitarfélagið, við þurfum öll að komast örugg heim. Ég endurtek þetta, við þurfum öll að komast örugg á áfangastað.

Hörgársveitin er víðfeðm og stór, dalirnir okkar djúpir, fjöllin há og brött en vegirnir um Hörgársveit eru tiltölulega mikið á flatlendi og ættu því að vera nokkuð auðveldir í uppbyggingu og viðhaldi. Við búum við það að þjóðvegur 1 liggur í gegnum sveitarfélagið frá Öxnadalsheiði og inn til Akureyrar. Hann liggur meðfram Þelamerkurskólanum okkar, þar er hann breiður og góður vegur sem skilar sér í því að þar er umferðarhraði með því mesta sem gerist hér. Enginn slær af er þeir aka


Jón Þór Benediktsson.

framhjá barnaskólanum okkar enda eru allir á miklu spani. Við höfum um áratugaskeið beðið um úrbætur fyrir öryggi barna okkar við skólann, en fáum þau svör að ekki sé hægt að lækka þarna umferðarhraða, ekki sé hægt búa til að- eða fráreinar á gatnamót né að fá undirgöng fyrir börnin að fara um. Til dæmis til að komast í skóginn og útivistarsvæðið sem staðsett er hinum megin við þessa fjölförnu hraðbraut um hlaðið á skólanum okkar. Af hverju ekki?

Þjóðvegur eitt heldur áfram að Þórustaðargili, þar eru ein hættulegustu þjóðvegagatnamót landsins, gatnamót þjóðvegar nr. 1 og Ólafsfjarðarvegar. Það verða umferðarslys og mörg alvarleg á hverju einasta ári. Þar er sama sagan, við fáum ekki að- eða fráreinar, þær kosta of mikið! Kosta þessi slys ekki neitt?

Við skulum aka inn Kræklingahlíðina í huganum, verulega góður og breiður vegur inn Eyjafjörðinn en er við förum að nálgast þéttbýlið okkar, Lónsbakka, þá er sama sagan. Leikskólinn okkar, Álfasteinn, þar sem yngstu og einir verðmætustu íbúar Hörgársveitar byrja sitt ævistrit, þar er blindhæð á þjóðvegi 1. Þar er ekki afrein, þar er ekki beygjurein, engar yfirborðsmerkingar eða merki um að leikskóli sé í nágrenninu, þar er 70 km hámarkshraði!

Eftir að við ökum framhjá Álfasteini eru um 500 metrar í innkeyrsluna í þorpið okkar á Lónsbakka. Þar er nákvæmlega sömu sögu að segja. Það er ekkert hugsað um umferðaröryggi og borið við að ekki sé til fjármagn. Ég er ekkert að gleyma heldur innkeyrslunni að Húsasmiðjunni og bendi á að jú það er þarna líka 70 km hámarkshraði!

Malarvegi er enn að finna í Hörgársveit. Þar má nefna hættulegan veg eins og veginn inn Hörgárdal frá Melum að Staðarbakka. Þar upplifir fólk sig sem annars flokks þegna þegar kemur að vegabótum, auðvitað eru íbúarnir það ekkert og eiga rétt á sömu vegabótum og allir aðrir skattgreiðendur hvar sem er á landinu! Margumræddur vegur nr. 818 er í næsta nágrenni við höfuðstað Norðurlands. Stórhættulegur malarvegur með djúpum giljum hvort sínum megin hans, illa viðhaldið, fáar eða engar viðvaranir, vegrið eða neitt sem gæti á einhvern hátt aukið öryggi þeirra er þarna búa og fara um, þau vilja jú bara komast örugg heim eins og aðrir.

Ég get svo ekki orða bundist er kemur að heimreiðum hjá þessu kraftmikla fólki sem hér býr. Hvað er að?! Síðan 2008 hefur lítið sem ekkert fé verið sett í málaflokk þann hjá Vegagerðinni sem heitir „viðhald heimreiða“. Við þurfum að sætta okkur við að keyra á burðarlagi sem sett var í heimreiðarnar um miðja síðustu öld og engu verið bætt þar ofan á í áratugi. Við þurfum að sætta okkur við árið 2021 að Vegagerðin fái ekki fjármagn til að tryggja öryggi fólks hérna lengur.

Eða hvað? Við keyrum um landið, við ferðumst og við eigum öll erindi í höfuðborgina. Það vekur spurningar þegar maður fer að nálgast fjölmennið á suðvestanverðu horni landsins að Vegagerðin virðist vera með meira fjármagn þar. Tökum uppsveitir Borgarfjarðar, eða eigum við að ræða afleggjarann að Grundartanga, Grindavíkurveg, Hellisheiði eða Suðurstrandarveg. Vitiði, kæra fólk, að ég samgleðst svo mjög þessum vegfarendum sem þurfa og eiga leið um þessa vegi að þarna sé vel haldið á málum. Ég upplifi mig þokkalega öruggan á ferð minni um þessar slóðir. Er það umdæmið okkar hér sem er bara svona slakt í að sækja fjármagn í nauðsynlegar vegabætur? Eða er það pólitíkin á háa Alþingi sem er ekki að virka? Ég vil því gjarnan að þeir sem ætli sér að veiða atkvæðin okkar í Hörgársveit, Eyjafirði, Norðausturlandi öllu núna á næstu vikum, sýni okkur hvað þau ætli að gera meira en að búa til ferðamannastaði, flugvelli og hálendisvegi á næstu 4 árum. Við erum hérna til að halda byggðinni í landinu og við þurfum að sjá að ykkur sé alvara þegar þið talið til okkar á tyllidögum og í kosningagallanum.

Öryggi fólks snýr líka að öðrum þætti sem ég vil nefna hér að lokum. Þó svo að við búum í næsta nágrenni við Akureyri þá er nú svo að farsímasambandi er ábótavant hjá okkur, hvers vegna er það svo í nútímasamfélagi? Það er því í ofanálag lagt á íbúa og aðra vegfarendur að ef svo vildi til að slys yrði á illa viðhöldnum malarveginum, þá er því miður ekkert víst að við getum kallað á hjálp.

Eigum við því ekki bara að leggjast á árarnar öll saman, lögum þetta og vinnum að því að bæta vegakerfið og fjarskiptakerfið, og tryggjum þannig að við komumst nokkuð örugg alla leið.

*Jón Þór Benediktsson*
*varaoddviti Hörgársveitar*

**Bændablaðið**
á bbl.is og líka á Facebook

LÍF & STARF

## Tilraunaræktun:

# Hasla sér völl með radísum og grænu góðgæti

**Guðmundur Karl Eiríksson og Guðný Helga Lárusdóttir eru búsett í Reykjavík en hófu tilraunaræktun í fyrra með útiræktun á gulrótum á jörð bróður og mágkonu Guðmundar að Birtingaholti í Hrunamannahreppi.**

Það gekk svo vel að þau ákváðu að þróa ræktunina enn frekar og bæta í. Nú selja þau íslenskar radísur, gulrætur og blómkál í verslunum undir merkjum Sölufélags garðyrkjumanna. Guðmundur og Guðný Helga eru einu framleiðendur landsins á radísum sem fara á almennan markað og eru full bjartsýni að halda áfram og þróa enn frekar ræktun garðyrkjuafurða. Guðmundur er menntaður söngvari frá Ítalíu og starfar hjá Í einum grænum en Guðný Helga er hagfræðingur sem starfar í eignastýringu fagfjárfesta hjá Arion banka.

„Þegar við byrjuðum með radísurnar var okkur sagt að erfitt gæti verið að rækta þær en okkur hefur tekist það með ágætis árangri. Við ákváðum að nota umbúðir sem eru umhverfisvænni en ella og erum mjög ánægð með þá ákvörðun. Sprettutíminn á radísunum er bara fimm vikur og þær eru stórar og fínar hjá okkur. Við vorum vöruð við því að þær gætu orðið holar að innan en við höfum ekki tekið eftir því,“ útskýrir Guðmundur en nú nýta þau um hálfan hektara undir ræktunina. „Ástæða þess að okkur langaði að prófa ræktun á radísum er sú að við höfðum ekki tekið eftir íslenskum radísum á almennum markaði, auk þess eru þær næringarríkar og nýtast vel í matargerð,“ bætir Guðný Helga við.

### *Fjárfesta í tækjum og tólum*

Þau eru full bjartsýni að uppskeran verði góð en nú þegar eru þau búin að taka upp rúm 200 kíló af radísum.

„Við tókum upp með höndunum í fyrra og það var mikil stemning í kringum það, eins og nokkurs konar vertíð. Fjölskylda okkar tók virkan þátt og nutu þess allir að vera undir berum himni í gulrótagarðinum. Ég á góðar minningar frá bernskuárum mínum í tengslum við haustuppskeru. Föðuramma mín var með græna fingur og þegar ég kom í heimsókn til hennar á haustin bauð hún alltaf upp á nýuppteknar gulrætur og radísur ásamt öðru fersku grænmeti.

Guðmundur er ættaður úr Birtingaholti og þekkir því umhverfið vel. Við erum einnig heppin með það að fjölskylda hans er hér allt í kring, bróðir hans og mágkona eru bændur í Birtingaholti og foreldrar hans eru garðyrkjubændur í Silfurtúni á Flúðum.




Guðmundur Karl Eiríksson og Guðný Helga Lárusdóttir eru búsett í Reykjavík en hófu tilraunaræktun í fyrra á hálfum hektara með útiræktun í Birtingaholti í Hrunamannahreppi. Nú rækta þau gulrætur, blómkál og radísur.



Radísurnar eru stórar, fallegar og bragðgóðar hjá Guðmundi og Guðnýju og eru þau einu íslensku framleiðendurnir sem selja þær í verslanir undir merkjum Sölufélags garðyrkjubænda.

Við höfum fengið góða hjálp frá þeim og ráðleggingar sem og lán á tækjum. Annars ætlum við að fjárfesta núna í tækjum og tólum til að auðvelda okkur sáningu og uppskeru. Þannig að við stefnum ótrauð á að halda áfram og síðan verður tíminn að leiða í ljós hvernig þetta þróast allt saman,“ segir Guðný Helga brosandi. /ehg

## Undur náttúrunnar:

# Sniglar sem ljóstillífa líkt og plöntur

**Náttúran er ekki öll þar sem hún er séð og undur hennar mörg og margbreytileg. Þrátt fyrir ýmiss konar lögmál og fasta sem finnast í lífríkinu má alltaf finna undantekningar sem sumar eru lyginni líkust. Eitt af því sem við gefum okkur er að plöntur ljóstillífi en ekki dýr.**

Allir hafa heyrt talað um einhyrninga, álfa, hafmeyjar og mannætuplöntur og flestir gera sér grein fyrir því að um ævintýraverur er að ræða. Í kvikmyndinni um risaeðlugarðinn Jurassic park segir ein persónan að náttúran finni sér leið og á þar við að lífsvilji og aðlögunarhæfi dýra og plantna sé ótrúlegur.

Slíkt má með sönnu segja um smávaxna tegund sæsnigils, Elysia chlorotica, sem lifir á austurströnd Bandaríkjanna. Sniglarnir lifa að mestum hluta ævinnar innan um ljóstillífandi grænþörunga og til að auk á samkeppnishæfni sína taka þeir upp í húðina grænukorn þörunganna og nota þau til ljóstillífunar.

Vegna þessa eru sniglarnir grænir að lit og það sem meira er þá eru þeir flatvaxnir og líta úr eins og laufblað.



Sæsnigillinn Elysia chlorotica er eitt af ótal undrum náttúrunnar.

Vegna grænukornanna geta sniglarnir lifað mánuðum saman án þess að éta.

Rannsóknir á sniglunum eru á byrjunarstigi og enn sem komið er er ekki vitað hvernig grænukornin geta lifað í húð sniglanna mánuðum saman. /VH

Lely Center Ísland

TINDAR OG HNÍFAR GOTT ÚRVAL



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

IR Ingersoll Rand

LOFTPRESSUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

**Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.**

**Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.**

**Gerðu kröfur -** hafðu samband við Gunnar í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.




**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

VÉLABÁSINN

# ID 4 GTX – fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll frá VW



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Lengi hef ég ætlað að prófa VW ID. 3 og ID. 4 rafmagnsbílana. Það var alveg þess virði að bíða því kominn er fjórhjóladrifinn ID.4.**

Um síðustu helgi tók ég rúmlega 100 km prufuhring á ID.4 GTX fjórhjóladrifnum rafmagnsbíl sem kostar ekki nema 7.150.000. ID.4 bílarnir eru líka fáanlegir afturhjóladrifnir og kosta frá 5.290.000.

### *Vel útbúinn og með góða drægni á rafmagninu*

Rafhlaðan er 77 kWst og uppgefin drægni í bílnum fullhlöðnum er allt að 480 km. Þegar ég fékk bílinn var hann ekki nema með 65% fullhlaðna rafhlöðu, en eftir um 120 km akstur var rafhlaðan komin niður í 38% þannig að miðað við minn akstur og aksturslag virðist uppgefin drægni og akstur passa saman.

Mótorarnir eru tveir (einn fyrir hvorn öxul) og eiga að skila allt að 300 hestöflum, hröðun úr kyrrstöðu upp í 100 km hraða er uppgefin 6,2 sek.

Eins og alla bíla sem ég prófa þá hávaðamæli ég bílinn á 90 á sama vegi og mældist þessi bíll 68,3 db. sem er nokkuð gott (verstu rafmagnsbílar fara yfir 70 db, en bestu niður í 65 db.). Í bílnum eru öll hugsanleg þægindi s.s. hiti í stýri, akreinalesari, blindhornsvari, hraðastillir sem heldur fjarlægð réttri í næsta bíl og margt fleira.

### *Ljúfur í innanbæjarakstri jafnt sem langkeyrslu*

Fyrst prófaði ég bílinn innanbæjar, fannst hann lipur og þægilegur að keyra, hreint æðislegt grip í dekkjunum á malbikinu og hröðunin í bílnum góð enda um 300 hestöfl sem koma frá rafmagnsmótorunum tveim. Þegar ég keyrði bílinn á malarvegi voru litlu holurnar verstar (vantaði alveg fjöðrun út úr dekkjunum í litlu þvottabrettunum þessi 4-8cm, en harðpumpuð 20 tommu dekkin gefa enga fjöðrun á svoleiðis ójöfnum). Hins vegar kom á óvart hvað fjöðrunin virkaði vel í stærri holunum, fjöðrunin virðist virka betur þegar ójafnan er meiri en 4-8 cm.

### *Takkar í mælaborði og víðar ekki að mínu skapi*

Í nýjum bílum er alltaf að verða algengara að vera með rofa og takka sem rétt þarf að snerta. Í ID.4 GTX eru flestir takkar svona. Sem dæmi þá þarf að muna að kveikja ljós á þessum bíl í dagsbirtu til að vera löglegur í umferð, en takkinn er snertitakki rétt fyrir ofan annan og í þrígang snerti ég vitlausan takka. Til að skrúfa niður rúður er einn takki fyrir framrúður eða afturrúður. Það var heitt úti á meðan ég var að prófa bílinn og setti ég niður báðar framrúðurnar, svo kom rykugur malarvegurinn og ég ætlaði að setja rúðurnar upp, en hafði rekið mig í skiptitakkann og ekkert gerðist.

Þegar ég ætlaði að loka gluggunum svo að allt rykið færi ekki inn í bílinn, hélt ég að takkarnir væru bilaðir, en áttaði mig svo á „bullinu“.

Persónulega er ég ekki yfir mig hrifinn af þessum nýmóðins tökkum, vil bara snúa ljósatakkanum og hafa fjóra takka fyrir rúðurnar fjórar.

### *Kostirnir margir og fáir ókostir*

Fyrir utan þessa nýmóðins takka þá fann ég aðeins þrennt sem mér mislíkaði, ekkert varadekk er í bílnum. Mitt mat er að það ætti að setja í lög að banna að selja varadekkslausa bíla. Þá eru 20 tommu felgurnar að mínu mati tveim tommum of stórar fyrir slæma íslenska vegi þar sem þær gefa nánast enga fjöðrun.

Svo er það ljósin. Það hlýtur að vera hægt að panta bíla þannig að þeir séu löglegir í umferðinni þegar farið er af stað, en ekki að skella ábyrgðinni á ökumanninn sem á að muna eftir að kveikja ljósin.

Kostirnir við bílinn eru hins vegar margir. Verðið gott miðað við hvað er í bílnum. Krafturinn fínn, fjórhjóladrif, öll sæti þægileg og gott pláss bæði fram í og aftur í bílnum jafnvel fyrir yfirstærð af fólki.

Akstursseiginleikar á malbiki hreint frábærir, fjórhjóladrifið gerir bílinn stöðugri í akstri á malarvegum og ég myndi halda að þessi bíll væri góður í hálku og snjó.

Nánar er hægt að fræðast um VW ID.4 bílana á vefsíðunni www.volkswagen.is .




**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Þyngd | 2136 kg |
| Hæð | 1637 mm |
| Breidd | 1852 mm |
| Lengd | 4584 mm |

Volkswagen ID.4 GTX.

Myndir / HLJ




Í dagsbirtu þarf að muna eftir að kveikja ljósin svo maður sé löglegur í umferðinni.




Kann ekki við þetta nýmóðins takkadót, bara vesen og ruglingur.




Hraðastillirinn (cruise control) fylgir vel næsta bíl á undan og týnir honum ekki þó ekið sé í gegnum hringtorg.



Hliðarspeglar góðir og blindhornsvaraljós áberandi.




Hávaðamælingin kom vel út, en mesta hljóðið kom frá hjólbörðunum.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI








# Vonir og væntingar of miklar í ársbyrjun

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Á síðasta ári var skrifað um Covid-19 hér í nokkrum greinum og reynt að taka þátt í baráttunni með því að deila vitneskju og fræðslu um hvernig við gætum sameiginlega barist gegn þessari „fjandans veiru“.**

Eftir að stór hluti þjóðarinnar hafði verið bólusettur við Covid (um 270.000 Íslendingar hafa verið bólusettir), héldu þá flestir að nú væri þetta búið og við gætum farið að lifa því lífi sem okkur þótti eðlilegt líf. Þessi von okkar brást við komu afbrigðis af Covid sem nefnist „Delta afbrigði“, en bóluefnið sem við erum með í okkur virðist hleypa þessu afbrigði í gegnum varnir líkamans og yfir 100 smit eru í gangi daglega í þessari og síðustu viku. Í fréttum síðasta mánudag var sagt frá nýrri skoðanakönnun um að nú væri hækkandi hræðsla við að smitast af Covid, en samkvæmt könnuninni hræðist 31% þjóðarinnar nú að smitast, en þessi smithræðsla var komin í einhverri könnuninni nálægt 10%.

***„Gerum þetta saman“, slagorð sem hefur virkað og þarf að virka örlítið lengur***

Hertar reglur voru settar vikuna fyrir verslunarmannahelgi, fyrirtæki fóru að setja reglur um grímuskyldu bæði starfsfólks og viðskiptavina. Eins og flestir sem vilja muna og hafa fylgst með þessum skiptum þegar samkomureglur voru hertar þá gerði almenn notkun á grímum gæfumuninn í vetur og smit fóru þá mjög hratt niður. Flestir tóku þessum nýju reglum vel í endann á júlí, fóru að vera með grímur þar sem þeir þurftu að vera í viðskiptum og mannlegum samskiptum, en það eru nokkrir þverhausar sem eiga erfitt með að fara eftir reglum.

***„Huglausasti hundurinn í sveitinni gelti hunda hæst“***

Ég vinn hjá mjög stóru fyrirtæki sem er með fjölmargar verslanir og þjónustustöðvar og þar er grímuskylda. Samkvæmt fyrirmælum stjórnanda eru þessar reglur settar á til að taka þátt í að fækka smitum. Starfsfólk og viðskiptavinir eiga að fara eftir þessum fyrirmælum, en það er öllum sem reka fyrirtæki stór eða smá fyrirtæki heimilt að setja á grímuskyldu hjá sér og ef einhver er ósáttur við reglurnar þá er það ekki dónaskapur að vísa þeim sem ekki getur virt reglurnar á dyr. Á þessum fáu dögum hef ég heyrt ótrúlegar sögur af dónalegum viðskiptavinum sem ekki virða settar reglur um grímuskyldu:

Afgreiðslumönnum hefur verið gefinn „puttinn“, þeir hafa verið „uppnefndir m.a. Adolf Hitler“ og enn verri orðum og setningum verið hreytt í starfsfólk fyrir það eitt að fara eftir þeim reglum sem þeim hefur verið uppálagt að fara eftir. Fyrir mér rifjast upp setning sem sveitungi minn sagði einu sinni: „huglausasti hundurinn í sveitinni geltir hæst“.

***Ekki aftur „Covid-réttir“***

Það styttist í göngur og réttir sem fyrir mér var og er skemmtilegasti tíminn í sveitinni, en á síðasta ári var skemmtunin frekar máttlaus, hver bær fékk nokkra miða í réttina sem ég uppnefndi skömmtunarmiða (vegna þess að þeir minntu á sögurnar hans afa af skömmtunarárunum og skömmtunarmiðunum).

Nú verða allir að taka sig saman og halda áfram að standa vaktina saman undir slagorðinu „Gerum þetta saman“. Allavega hvet ég þá sem þetta lesa að taka þátt sameiginlega að kveða niður þessa veiru svo að við getum fengið okkar gömlu góðu göngur og réttir.

Lely Center Ísland

ASPLA rúlluplast
frá 9.900.- + vsk.

**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



Bændablaðið
kemur næst út 26. ágúst
Smáauglýsingar 56-30-300

## LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR



**Gemlufall í Dýrafirði er við norðanverðan Dýrafjörð og var fyrst getið í Gísla sögu Súrssonar sem gerist seint á 10. öld en það var á Gemlufallsheiðinni þar sem hann sagði hin frægu orð „Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar“.**

Hjónin Elsa María og Jón Skúlason tóku við búinu 1994 en áður bjó Jón í félagsbússkap á bænum með foreldrum sínum þar sem var mjólkurframleiðsla og fjárbúskapur.



Elsa María og Jón Skúlason.




**Býli:** Gemlufall.

**Staðsett í sveit:** Við norðanverðan Dýrafjörð.

**Ábúendur:** Elsa María og Jón Skúlason.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum 4 dætur, Ástey, Margrét Ástrós, Hafdís Katla, Heiðdís Birta og fóstursoninn Ólaf Ísak. 3 barnabörn, Inga Hrafn, Margréti Auði og Söru Diljá og svo er eitt til viðbótar væntanlegt í ágúst. Dæturnar eru allar uppkomnar og fluttar að heiman en koma mikið heim ásamt mökum og barnabörnunum.

Gæludýr á bænum eru hundarnir Tinna og Stella, og 4 fiskar.



Dæturnar Heiðdís, Magga Rós, Ástey og Hafdís Katla.



Ólafur Ísak, Ingi Hrafn og Margrét Auður.

**Stærð jarðar?** Jörðin Gemlufall mælist um 619 hektarar og svo eigum við einnig jörðina Lækjarós.

**Gerð bús?** Í dag er á bænum fjárbúskapur, nautaeldi, nokkrar hænur og ferðaþjónustu einnig erum við þátttakendur í Beint frá býli. Mjólkurframleiðsla lagðist af 2020.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Hefðbundinn dagur í sveitinni er eitthvað á þá leið að við förum á fætur, fáum okkur morgunmat og kaffi áður en farið er að huga að dýrunum, svo er athugað með stöðu væntanlegra gesta í ferðaþjónustunni. Svo er bara gengið í það sem þarf að gera, en það er eitt af því sem sem er svo skemmtilegt við það að búa í sveit að fjölbreytnin er mikil og enginn dagur er eins. Það eru auðvitað þessi stærri hefðbundnu störf eins og girðingavinna, heyskapur, sauðburður, smölun og slíkt en líka þrif í kringum bæinn og dýrin og svoleiðis. Svo reynum við líka alltaf að njóta líka, ferðast og hafa gaman af lífinu. Elsa María er starfandi utan búsins sem sérkennslustjóri í leikskólanum Sólborg á Ísafirði.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Það er öll vinna skemmtileg í góðu veðri, nema að þrífa hænsnakofann það er alltaf leiðinlegt.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Við sjáum fyrir okkur vaxandi ferðaþjónustu og þá líka meiri þjónustu við ferðafólk.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Brauðostur og heimagerð aðalbláberjasulta.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Heimatilbúin pitsa, kjötsúpa, steiktur fiskur svo er kalkúnninn á jólunum algjört uppáhald.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar húsið okkar hjóna kom með skipi til Þingeyrar fullbúið með ísskáp, hægindastól og fleiru og var svo flutt að Gemlufalli á vörubíl, híft af með krana og var nánast hægt að stinga í samband og flytja inn.

## MATARKRÓKURINN

# Humar og Filet mignon






Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari
bjarnigk@gmail.com


**Humar sem er settur í blöndu af majónesi, sítrónusafa og kryddjurtum, síðan borið fram í ristuðum, smjörpensluðum pylsubrauðum eða bollum. Auðvelt að búa til og fær alltaf lofsamlegar viðtökur.**

Rétturinn getur aldrei farið úrskeiðis með íslenskt sjávarfang eins og humar, eða rækju eða krabba – sem er farinn að veiðast við Ísland. Humarsamlokur er ein besta leiðin fyrir einfaldan og góðan humarrétt.

### Að elda humar

Hægt er að nota íslenskan humar, ferskan eða forsoðinn, eða rækjur til dæmis. Til að elda ferskan humar eru þrír lítrar af söltu vatni settir í pott og látið sjóða. Bætið humrinum við, setjið lok á pottinn og eldið síðan í fjórar mínútur. Takið humarinn úr vatninu, látið kólna og takið síðan kjötið af humrinum. Skerið kjötið í bita og líka er hægt að grilla eða steikja í ofninum. Steikið humarhalana í tíu mínútur eða þar til holdið er rautt og ógegnsætt. Látið halana kólna.

### Humarpylsa

Setjið teninga af humarkjöti í skál ásamt majónesi, sítrónusafa, sellerí, graslauk, salti og pipar. Blandið humrinum varlega saman við kryddin þar til hann hefur blandast vel saman. Dreifið smjöri yfir pylsubrauð og hitið á pönnu eldavélinni – eða setjið í ofn eða á grill. Setjið kálblað í hvert brauð og hellið humarblöndunni ofan á. Bætið graslauk yfir, ef þess er óskað, og berið síðan fram strax.

Humarsalatið má geyma í kæli í allt að 8 klukkustundir áður en það er borið fram.



### Humarréttir – tilbrigði og kryddhugmyndir

Þessi samlokuuppskrift að ofan er alveg ljúffeng eins og hún er, en þið getið breytt hráefni til að aðlaga hana að ykkar smekk.

**BLT:** Bætið soðnum strimlum af beikoni og sneiddum tómötum í samlokurnar.
**Lárpera:** Bætið avókadó í humarsalatið eða setjið sneiðar af lárperu í bollurnar.
**Kryddað:** Bætið heitri chilisósu eða sriracha-sósu við eftir smekk.
Blandað sjávarfang: Blandið rækju og krabba saman við humarinn.

### Það sem þarf:

- 300 g (eða 1 kg ópillað) af soðnu humarkjöti
- 1/4 bolli majónes
- 1 1/2 msk sítrónusafi
- 1/4 bolli selleri fínt saxað, notið mjúku innri stilkana
- 1 msk. graslaukur þunnt skorinn, auk meira til að skreyta ef þess er óskað
- salt og pipar eftir smekk
- 4 klofnar pylsubollur
- 2 msk. smjör

Setjið humarkjötið, majónesið, sítrónusafann, selleríið, graslaukinn, saltið og piparinn í skál. Hrærið varlega til að sameina.

Dreifið smjörinu á ytri hliðar hverrar bollu. Setjið bollurnar á pönnu eða á grillpönnu við meðalhita. Hitað í 2-3 mínútur á hverri hlið eða þar til það er orðið gullbrúnt.

Skiptið humarblöndunni á milli bollanna. Berið fram strax, skreytt með viðbótar graslauk ef þess er óskað.

### Filet mignon

„Filet mignon nautasteik“ er nafn á rétti og kjötskurði sem er tekinn úr minni enda nautalundarinnar, venjulega kringlótt steik. Oft er rétturinn skreyttur með sósu eða vafinn með beikoni.

Vegna þess hve steikin er lítill hluti af lundinni er hún oft einn dýrasti kjötskurðurinn.

*Forðist að fara á of dýrt steikhús og eldið það heima í staðinn. Það er mjög auðvelt.*

Ef þú ert með steypujárnspönnu, notaðu hana. Ef ekki skaltu bara ganga úr skugga um að pannan sem þú notar sé örugg í ofni. (Þú byrjar á helluborðinu og endar í ofninum.)

Leyndarmálið er að nota fínt salt og fá góða brúningu á kjötið.

Það er algjört lykilatriði fyrir góða filet mignon steik. Og þetta næst aðeins ef pannan er ofurheit þannig að næstum rýkur úr olíunni. Sýnið þolinmæði, það tekur um það bil fimm mínútur á hvorri hlið.

Það er best að nota bæði olíu og smjör.

Byrjið með ólífuolíu (þó hlutlaus olía virki líka). Síðan, eftir að hafa snúið steikinni, bætið þá við smjöri og ristið áfram, því smjör gerir allt betra.

### Af hverju þarf ég að baka kjötið?

Því þið viljið aðeins elda steikina á helluborðinu eins lengi og það þarf að brúna hana og svo klára í ofninum svo það brenni ekki á pönnunni. Fyrir fullkomna skorpu og safaríka miðju er bakstur besta leiðin.

**Hvaða hitastigi er ég að leita að?**

Það fer eftir því hvað þér líkar. En vinsamlegast ekki fara yfir 62 gráður.

- ***Medium: rare 55-57°***
- ***Miðlungs: 58-60 °***
- ***well done: 62-70°***

**Hráefni**

- 2 msk. auka ólífuolía
- 4 stk. (180 g) Filet mignon steikur úr lund.
- salt
- Malaður svartur pipar
- 4 msk. smjör
- 1 msk. gróft saxað rósmarín

Hitið ofninn í 200 gráður. Hitið olíu í stórri pönnu við meðalháan hita. Kryddið steikina með salti og pipar á báðum hliðum. Þegar er að fara að rjúka úr olíunni er rétt að setja steikina á pönnuna. Steikið þar til hún er mjög brúnuð, um það bil 5 mínútur, snúið síðan við og bætið við smjöri og rósmarín. Ausið yfir með smjöri og eldið í aðrar þrjár til fimm mínútur.

Flytjið pönnu yfir í ofn og eldið þar til hún er steikt að vild, um það bil fimm mínútur fyrir miðlungs. Athugið hitastig kjötsins áður en þið færið það í ofninn til að sjá hversu mikið er eftir. Ef steikin er ekki tilbúin eftir fimm mínútur skaltu athuga að elda í nokkrar mínútur til viðbótar.

Takið kjötið af pönnunni og látið hvíla í fimm mínútur áður en það er skorið niður eða sett á disk.

HANNYRÐAHORNIÐ



# Dominik herravettlingar

**Byssuvettlingar (veiðivettlingar – símavettlingar).**

***Hönnun:*** *Brynja Bjarnadóttir.*

**Efni:** 80 gr. Hulduband frá Uppspuna. Prjónastærð: Sokkaprjónar no 3.

Fitja upp 48 lykkjur. Þá verða 12 lykkjur á hverjum prjóni.

**Stroff**

Stroff er prjónað 2 sléttar lykkjur og 2 brugnar lykkjur, prjónað þar til stroffið mælist 7 cm.

**Hægrihandar vettlingur**

Hér eftir eru prjónað slétt.

Prjóna 1 umferð og aukið út um eina lykkju á hverjum prjóni. Alls 52 lykkjur. Prjóna 3 umferðir.

Nú er komið að því að auka út fyrir þumlinum. Það er gert á eftirfarandi hátt:

Prjóna 2 lykkjur, setja prjónamerki, auka út um eina lykkju, prjóna 8 lykkjur, auka út um eina lykkju, setja prjónamerki. Prjóna út umferðina.

Prjóna 3 umferðir.

Prjóna 2 lykkjur, færa prjónamerki, auka út um eina lykkju, prjóna 10 lykkjur, auka út um eina lykkju, færa prjónamerki. Prjóna út umferðina.

Prjóna 3 umferðir.

Prjóna 2 lykkjur, færa prjónamerki, auka út um eina lykkju, prjóna 12 lykkjur, auka út um eina lykkju, færa prjónamerki. Prjóna út umferðina.

Prjóna 3 umferðir.

Þumalgat. Prjóna 2 lykkjur, setja 14 lykkjur á nælu, fitja upp 8 lykkjur, prjóna út umferðina. Þá eru alls



52 lykkjur.

Prjóna 17 umferðir.

Gat fyrir vísifingur: Setja 7 lykkjur af fjórða prjóni á nælu og 7 lykkjur af fyrsta prjóni.

Fitja upp 3 lykkjur á milli fjórða prjóns og fyrsta prjóns. Lykkjurnar eru settar á þrjá prjóna, þ.e. lykkjur af fyrsta og fjórða prjóni eru sameinaðar á einn prjón (fyrsti prjónn). Jafnið lykkjufjölda á prjónunum á eftirfarandi hátt: Færið 4 lykkjur af prjóni eitt á prjón þrjú, færið fjórar lykkjur af prjóni eitt á prjón tvö. Alls 41 lykkja.

Prjónið 11 umferðir.

**Úrtaka**

Nú byrjar úrtaka bakhandarmegin (hjá litla fingri) á prjóni tvö og þrjú.

Prjónað er slétt þar til 2 lykkjur eru eftir á prjóni tvö. Næstu tvær lykkjur eru prjónaðar saman. Á prjóni þrjú er fyrsta lykkjan tekin óprjónuð, næsta lykkja prjónuð og óprjónuðu lykkjunni steypt yfir.

Prjóna 2 umferðir.

Í næstu umferð er tekið úr á öðrum og þriðja prjóni eins og lýst er að ofan. Prjóna 1 umferð.

Hér eftir er tekið úr í hverri umferð þar til 7 lykkjur eru eftir á hverjum prjóni, alls 21 lykkja.

Í næstu umferð er bætt við úrtöku í miðju fyrsta prjóns og miðjulykkjurnar tvær prjónaðar saman. Prjóna áfram og taka eins og áður úr í lok annars prjóns og byrjun þriðja prjóns. Þetta er endurtekið þar til 2 lykkjur eru eftir á hverjum prjóni. Slítið bandið frá og dragið í gegnum lykkjurnar.

**Vísifingur**

Setja lykkjurnar 14 sem eru á nælu á sitt hvorn prjóninn, taka upp 6 lykkjur milli vísifingurs og löngutangar. Alls 20 lykkjur. Prjóna 10 umferðir slétt, fella af með einu númeri stærri prjón.

**Þumalfingur**

